

ELÍŚ RÚNARSSON

Safnar uppskriftum frá öðrum löndum

matar • helgin

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



LÁRA ÓSK HJÖRLEIFSDÓTTIR

Á ævintýrlegan fataskáp Spáir í vetrartískuna 2008

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



3 DAGA TILBOÐ
GLÆSLEGUR 4 BLS BÆKLINGUR Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG

OPÍÐ ALLA HELGINA

TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. ágúst 2008 — 234. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Nýr íbúi Popplands

Margrét Erla Maack færir hlustendum magadans og karaóki.



FÓLK 50

Jackson fimmtugur í dag

Konungur poppsins kemur mögulega fram á VMA-hátíðinni í næsta mánuði.



FÓLK 41

Fjór í fjörinni

Fjórudagur verður haldinn í fjörinni við Hrauhólma við Álftanes á sunnudaginn. Tílefnið er hundrað og þrjátíu ára afmæli Álftanes.

TÍMAMÓT 30


Náði jafntefli á Villa Park

Atli Viðar Björnsson tryggði Hafnirðingum 1-1 jafntefli á móti Aston Villa í UEFA-bikarnum.



ÍÞRÓTTIR 46

VEÐRIÐ Í DAG



STORMUR Í dag verða austlægar áttir, stormur á Vestfjörðum og Snæfellsnesi annars 8-18 m/s. Lægir smám saman. Mikil rigning í fyrstu en styttr upp NA-til síðdegis og léttir til. Hiti 10-15 stig.

VEDUR 4

Landspítalinn tapar 650 milljónum á veikri krónu

Samkvæmt nýju uppgjöri Landspítalans er áætlað að veikt gengi krónunnar hafi aukið rekstrarkostnað um 650 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Heildargjöld spítalans nema á sama tíma 800 milljónum.

HEILBRIGÐISMÁL Áætlað er að veik staða krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hafi aukið rekstrarkostnað Landspítalans um 650 milljónir króna á fyrri helmingi þessa árs. Gjöld umfram tekjur nema rúmum 800 milljónum króna fyrstu sex mánuði þessa árs, samkvæmt nýju rekstraruppgjöri spítalans.

Áð sögn Önnu Lilju Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra fjárreiðna og upplýsinga LSH, er sex mánaða uppgjör spítalans unnið mun dýpra heldur en hefðbundin milliuppgjör. Meðal annars eru gerðar birgðatalningar. Því liggur nú fyrir nokkuð skýr mynd af stöðunni.

„Gengisþróunin hefur komið heilmikið við spítalann,“ segir hún. „Meðal annars vegna þess að iðulega eru rekstrarvörur, lyf og lækninga-

vörur í útboðum. Í framhaldi af þeim gerum við innkaupasamninga. Í þeim samningum er verðið yfirleitt tengt gengi. Því koma breytingar á gengi til lækkunar eða hækkunar.“

Anna Lilja nefnir sem dæmi sérhæfð sjúkrahúslyf, svokölluð S-lyf. Þau eru nær alfarið tengd gengi. Í innkaupum á þeim vegur gengisþróunin því þyngst. Önnur lyf eru í kringum 80 prósent gengistengd. Sérhæfðar lækninga- og hjúkrunarvörur eru um 70 prósent tengdar gengi og svo mætti áfram telja.

„Staða krónunnar hefur því haft mjög mikil áhrif á rekstur spítalans það sem af er ári,“ segir Anna Lilja. „Gjöld umfram tekjur nú, þessar 800 milljónir króna, eru rúm fjögur prósent af rekstrarfé spítalans. Þegar við erum

búin að meta gengisáhrifin eins og við getum best gert þá nema þau um 650 milljónum króna. Hefði gengið haldist eins og lagt var upp með í fjárlögunum þá metum við það þannig að reksturinn væri ekki langt frá áætlun eða um eitt prósent í halla.“

„Gjöld spítalans voru 0,8 prósent umfram heimildir á fyrri helmingi ársins, að teknu tilliti til falls krónunnar,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra. „Á sama tíma í fyrra var hallinn 5,5 prósent að teknu tilliti til gengis.“ Heilbrigðisráðherra þakkar þessa bættu afkomu góðri frammistöðu stjórnenda og starfsfólks spítalans. Hann bendir á að tekist hafi að vinna á biðlistum og auka þjónustuna. Hins vegar ráði menn ekki þróun gengisins. -jss



RÚSTIR Í TSKHINVALI Suður-ossetískir menn syrgja við rústir hússins sem þeir bjuggu áður í. Spenna í samskiptum Rússlands og Vesturlanda eykst enn eftir átökin í Georgíu. Rússar prófuðu í gær langdrægar eldflaugar og Frakkar orðuðu refsiaðgerðir Evrópusambandsins gegn Rússum. Sjá síðu 6.

NORDICPHOTOS/AFP

Dr. Sigurbjörn Einarsson biskup látinn, 97 ára að aldri:

Næmur hugsuður sem hafði djúp áhrif á íslenskt þjóðfélag

ANDLÁT Dr. Sigurbjörn Einarsson biskup lést á Landspítalanum í gærmorgun eftir skammvinn veikindi. Hann var 97 ára að aldri.

Dr. Sigurbjörn gegndi embætti biskups frá 1959 til 1981. Hann var einn áhrifamesti boðberi kristni á Íslandi á seinni tímum og markaði djúp spor í huga þjóðarinnar. Honum var afar umhugað um íslenskra tungu og þjóðerni og

stóð vörð um hvort tveggja í áratugi. Hann var einn afkastamesti predikari sinnar samtíðar og sinni þeirri köllun sinni til hinustu stundar. Hann hafði ávallt óslökkvandi þorsta til að læra og upplýsa, eins og má greina í predikunum hans, sem bera með sér næman skilning á samtímanum.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, segir í minningarorðum um dr. Sigurbjörn að hann hafi

gefið þjóðinni nýja sýn á tímum vísinda og tækni. Ljóð hans og sálmar muni lifa svo lengi sem íslensk tunga er töluð.

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að með dr. Sigurbirni sé genginn mikilhæfur trúarleiðtogi og djúpvitur hugsuður. Við andlát hans sé Íslendingum efst í huga þakklæti fyrir það sem hann veitti þjóð sinni.

- bs / sjá síðu 26.

Söng í Gerum okkar besta: Kom landsliðinu til bjargar

FÓLK Eitt besta geymda leyndarmál poppsögunnar hefur kvíast út í kjölfar velgengni íslenska landsliðsins í handbolta. Komið hefur í ljós að íslenska landsliðið naut árið 1988 liðsinnis forsöngvara Baraflokksins, Ásgeirs Jónssonar, við upptökur á laginu Gerum okkar besta eftir Valgeir Guðjónsson.

Sagan segir að þar heyrst lítið í landsliðsmönnum sjálfum, heldur hafi Ásgeir haldið uppi söngnum sem glymur á bak við Valgeir. „Við urðum að klára lagið í hendingskasti. Þannig að Ásgeir söng nokkrar raddir,“ segir Tómas Tómasson, sem sá um upptökur.



ÁSGEIR JÓNSSON

- jbg / sjá síðu 50

Hrífandi!

IKEA 2009

ÞITT LIF - ÞITT HEIMILI 39.950,-

IKEA

RÁS

FYRST OG FREMST Í HLUSTUN

RÁS 2

SUBWAY í finu formi

-18- Subway staðir um allt land

Reykjavík • Kópavogi • Mosfellsbæ • Akranesi • Akureyri • Egilsstöðum • Selfossi • Keflavík • Hafnarfirði



Kári, ertu búinn að klóna forsetann?

„Ég hef ekki gert neinar tilraunir til þess. Hins vegar kemur mér ekki á óvart að hann hafi reynt á tveimur stöðum í einu.“

Að sögn forsetarítara lýkur ferð Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, á Ólympíuleikana ekki fyrr en í næstu viku. Ólafur Ragnar var þó staddur hér á landi í fyrradag. Kári Stefánsson er forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, sem hefur rannsakað klónun, eða einræktun.

Björk Guðmundsdóttir og Ólafur Stefánsson leggja Jemen-markaðnum lið:

Árituð treyja og heimsfrægur kjóll

GÓÐGERÐARMÁL Ólafur Stefánsson gaf Jemen-markaðnum í gær treyjuna sem hann klæddist í úrslitaleiknum á Ólympíuleikunum. Treyjan er árituð af öllum leikmönnum liðsins. „Áfram Ísland, segi ég bara,“ segir Áslaug Hulda Jónsdóttir, einn skipuleggjenda uppboðsins um gjöf Ólafs.

Björk Guðmundsdóttir gefur að auki kjól úr sinni einkaeygu til uppboðsins í dag. Kjólurinn klæddist Björk í myndbandinu við lagið Alarm Call, sem kom út árið 1998. Áslaug segir um einstaka flík sé að ræða enda hönnuður kjólsins Alexander McQueen. Líklegt sé að kjóllinn fari fyrir háa upphæð.

Uppboðið verður haldið á morgun og er hluti af Jemen-markaðnum sem verður í Perlunni. Ágóðinn rennur til byggingar skóla fyrir fátæk börn og konur í Jemen.

- vsp



KJÓLL BJARKAR Kjólurinn klæddist hún í myndbandinu Alarm Call frá árinu 1998. Kjóllinn verður boðinn upp í Perlunni á laugardaginn.



ELLEFAN Ólafur leggur góðu málefni lið og gefur treyju númer 11 sem hann klæddist í úrslitaleik Ólympíuleikanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Afnám verðtryggingar:

Lítt rökstuddur popúlismi

EFNAHAGSMÁL Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir þá sem vilja afnema



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

verðtryggingu sýna popúlisma. „Þessu er oft skellt fram í aðdraganda kosninga algjörlega að óathuguðu máli,“ segir Björgvin.

Þingflokkur Frjálslynda

flokksins hefur lagt til að verðtrygging verði afnumin. Björgvin segir að ef það yrði gert myndi lánsfjárframboð minnka til muna.

„Verðtryggingin er sjúkdóms-einkennið og lýsir veikum gjaldmiðli. Ef hún er mönnum þyrnir í augum er eina leiðin að taka upp annan gjaldmiðil,“ segir Gylfi Magnússon, dósent við HI.

- kóp/Sjá síðu 18



LEIGUBÍLL Lögreglan rakti feril greiðslukorta bílstjórans og reyndist eftirleikurinn auðveldur. Fimm voru handteknir og sitja í haldi lögreglunnar. Fimmmenningarnir voru yfirheyrðir í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fimm í haldi eftir áráðs á leigubílstjóra

Þrjú karlar og kona réðust á leigubílstjóra og tóku af honum peningaveski og lykklappu. Þau voru handtekin nokkru síðar ásamt vitorðsmanni eftir að hafa látið greipar sópa á heimili bílstjórans auk þess að nota greiðslukort hans.

LÖGREGLUMÁL Fimm manns, þrjú karlmenn og tvær stúlkur, sættu yfirheyrslum hjá lögreglu í gær vegna ráns sem framið var að næturlagi fyrir nokkrum dögum. Þá var leigubílstjóri rændur eftir að hafa ekið farþegum í austurborgina. Fimmmenningarnir voru handteknir í fyrirkvöld og fyrri-nótt.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafði leigubílstjórinn ekið fjórum farþegum umrædda nótt, þremur karlmönnum og einni konu. Ökugjaldið var orðið talsvert hátt, þar sem fólkíð hafði áður ekið vítt og breitt um bæinn í leigubílnum.

Þegar komið var að áfangastað fór fólkíð út úr bílnum og það leigubílstjórann að bíða. Skömmu

síðar kom stúlkun út aftur. Tókst henni að lokka leigubílstjórann bak við hús með sér með loforði um að þar biði hans greiðsla fyrir aksturinn. Leigubílstjórinn féllst á það en þegar komið var aftur fyrir húsið sátu mennirnir fyrir honum. Þeir réðust á hann og rændu af honum veski og lykklappu. Í veskinu voru nokkur þúsund krónur og greiðslukort.

Bílstjórinn áttaði sig ekki á að láta skipta um skrá á útidyrnum. Því var það að næturlagi skömmu síðar, að fólkíð komst inn í hús hans, þar sem enginn var heima, með lykli sem það hafði stolið af honum og lét greipar sópa þar. Jafnframt hófu þjófarnir að nota þau greiðslukort sem þeir höfðu stolið af bílstjóranum ótæpilega.

Komust þeir yfir allnokkrar fjárhæðir með þeim hætti. Lögreglan hafði grun um hverjir hefðu verið þarna að verki. Eftirleikurinn reyndist auðveldur þegar farið var að rekja feril kortanna í bönkum og verslunum, auk þess sem upptökur úr eftirlitsmyndavélum voru skoðaðar.

Í fyrstu beindist leit lögreglu að fjórum einstaklingum en við rannsókn málsins bættist fimmti vit-orðsmaðurinn, önnur stúlkun, í hópinn. Fólkíð er á aldrinum frá rúmlega tvítugu og upp í rúmlega þrítugt.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafa einhverjir umræddra einstaklinga komið við sögu lögreglu áður.

jss@frettabladid.is

Samgöngubætur í Danmörku:

Brú yfir Kattegat sögð of dýr

DANMÖRK Bráðabirgðakönnun á möguleikanum á að leggja brú yfir Kattegat milli Norðvestur-Sjálands og miðs Jótlands (sem myndi stytta mjög ferðatíma milli Árósa og Kaupmannahafnar) hefur leitt í ljós að slíkt mannvirki myndi kosta að minnsta kosti sem svarar um 1.600 milljörðum íslenskra króna. Að mati danska samgönguráðherra er það of mikið og því hafa áformin verið lögð á hilluna í bili.

Ráðherrann, Carina Christensen, segir þó að vel sé hugsanlegt að málið verði skoðað á ný eftir 15-20 ár, með hliðsjón af þróun umferðarmála fram til þess tíma, að því er haft er eftir henni á fréttavef Politiken.

- aa

Unir fjögurra ára dómi:

Barnaníðingur áfrýjar ekki

DÓMSMÁL Fyrrverandi háskólakennari á sextugsaldri, sem í lok júlí hlaut fjögurra ára fangelsisdóm fyrir gróf kynferðisbrot gegn sjö stúlkum, hyggst una dómnum. Gæsluvarðhald yfir manninum rann út í gær og hóf hann afplánum um leið fyrst hann áfrýjaði ekki.

Maðurinn var meðal þannars dæmdur fyrir að hafa þröngvað stjúp dóttur sinni til samræðis og að hafa myndað hana og dætur sínar á klámfenginn hátt á erlendri nektarströnd. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða þolendum sínum samtals rúmar fjórar milljónir króna í bætur.

- sh

MALTA

Allt að 71 drukknaður

Óttast er að allt að 71 afrískur innflytjandi á leið til Möltu hafi drukknað þegar bátur þeirra hafi sokkið, að því er fréttavefur Breska ríkisútvarpsins greinir frá. Yfirvöld hafa bjargað átta manns og hinna er enn leitað.

Breytt dreifing Fréttablaðsins:

Blaðið fær nær lesendunum

Fréttablaðinu verður komið fyrir í dreifikössum á Selfossi, í Hveragerði, Reykjanesbæ, Akranesi og Borgarnesi í stað dreifingar á hvert heimili.

„Með þessu erum við að færa blaðið nær lesendunum,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365-miðla. Þannig sé til dæmis hægt að hengja kassana á ljósastaura í hverfinu, að sögn Ara. Þetta bæti þjónustuna á stöðum þar sem dreifing var aðeins á sölustöðum.

Breytingarnar taka gildi á næstu þremur mánuðum. Blaðberum hefur í kjölfarið verið sagt upp störfum á fyrrnefndum stöðum.

- vsp

ad eigin vali
3 erikur
999kr

blómaval
heillandi heimur

Skútuvegur · Grafarhölt · Akureyri · Egilsstaðir
Selfoss · Reykjanesbær · Kringsletta · Smáralind

Söguleg útnefning á landsþingi Demókrataflokks Bandaríkjanna í Denver:

Forðast að ræða hörundslit

BANDARÍKIN, AP Útnefning Demókrataflokksins í Bandaríkjunum á Barack Obama sem forsetaframbjóðanda flokksins í haust er tvímælalaust stór áfangi í réttindabaráttum þeldökkra.

Lítið var þó fjallað um þessa hlið útnefningarinnar í ræðum á landsþingi flokksins, sem lauk í Denver í gær. Ástæðan er sú að demókratar óttast að einhverjir hvítir kjósendur fælist frá því að greiða Obama atkvæði sitt ef mikið er gert úr því að hann sé frambjóðandi svartra.

Obama tók við útnefningunni í gær, þegar rétt 45 ár voru liðin frá því að Martin Luther King hélt hina frægu ræðu sína um drauminn, sem hann ætti um að hvítir Bandaríkjamenn kæmu eins fram við alla, óháð hörundslit.

Á landsþinginu hafa ræðumenn keppt við að hrósa Obama. Á miðvikudagskvöldið tók meðal annars Bill Clinton, fyrrverandi forseti, undir með eiginkonu sinni Hillary frá kvöldinu áður og lýsti í fyrsta sinn yfir eindregnum stuðningi við Obama, þótt hann hefði áður ekki getað leynt vonbrigðum sínum með að Obama skyldi verða hlutskarpari en Hillary í prófkjörsbaráttu flokksins.

John McCain, frambjóðandi repúblikana, sagðist í




JOE BIDEN OG BARACK OBAMA Frambjóðendur Demókrataflokksins saman á landsþinginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

gær ekki hafa ákveðið hvern hann ætli að hafa með sér sem varaforsetaefni. Þó er búist við að ákvörðun verði tekin á næstunni, jafnvel strax í dag, eða í það minnsta áður en landsþing Repúblikanaflokksins hefist í St. Paul í Minnesota eftir helgi.

- gb



TAX FREE

DAGAR

Dagana 29.-31. ágúst
afnemunum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka
og sokkabuxur án
virðisaukaskatts
þessa þrjú daga.

*Fatnaður á alla
fjölskylduna*

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 31. ágúst 2008.

OPÍÐ
tíl **20**
alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	82,27	82,67
Sterlingspund	151	151,74
Evra	121,46	122,14
Dönsk króna	16,283	16,379
Norsk króna	15,317	15,407
Sænsk króna	12,869	12,945
Japanskt jen	0,7528	0,7572

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

158,416

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Allsherjarnefnd jákvæð í garð breytinga á lögum um nálgunarbann:

Aðeins spurning um orðaval

STJÓRNMÁL Nefndarmenn allsherjarnefndar eru allir jákvæðir í garð hugmyndarinnar um að færa ákvörðun um nálgunarbann frá dómstólum til ákæranda og lögreglu. Einnig er einhugur um vikkun á skilyrðum til þess að nálgunarbanni sé beitt.

„Vilji er innan nefndarinnar um þessar breytingar á frumvarpinu en við þurfum að vanda orðavalið í svona löguðu,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður allsherjarnefndar. Hann segir að málið verði skoðað með tilliti til nýfallins hæstaréttardóms, þar sem hafnað var beiðni um framlengingu nálgunarbanns.



Á ALÞINGI Þingið kemur saman í september og búist er við umræðum um frumvarpið um nálgunarbann. MYND/VILHELM

„Einhugur er um að reyna að breyta í þá átt að úrskurður um nálgunarbann taki ekki jafnmikinn tíma,“ segir Sív Friðleifsdóttir, nefndarmaður í allsherjarnefnd.

Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar, segir að gagnrýnisráddir hafi verið uppi um að skilyrði þess að nálgunarbanni sé beitt séu fullþröng.

Fyrir liggur frumvarp frá dóms- og kirkjumálaráðherra um breytingu á lögum um nálgunarbann. Í því frumvarpi er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum á núgildandi lögum, sagði Birgir í samtali við Fréttablaðið fyrir nokkru.

Gjöf ríkisstjórnarinnar: Gjöfin til HSÍ á fjáráukalög

HANDBOLTI Fimmtíu milljóna króna gjöf ríkisstjórnarinnar til Handknattleikssambandsins (HSÍ) að frumkvæði menntamálaráðherra, á eftir að fá samþykki Alþingis.

Tillagan um gjöfina verður lögð fram á haustþinginu sem fjáráukalög, að sögn Gísla Þórs Magnússonar, skrifstofustjóra fjármála- og vaxtaáskilnaðarnefndarinnar. Fjárfestingar þarf Alþingi almennt alltaf að samþykka.

Því er ljóst að samþykki fyrir gjöfina liggur ekki fyrir en aukafjárleg verða afgreidd, sem gerist venjulega í desember. - vsp

Voldugustu konur heims: Merkel trónir enn á toppnum

BANDARÍKIN, AP Angela Merkel, kanslari Þýskalands, er nú þriðja árið í röð efst á lista bandaríska viðskiptatímaritsins Forbes yfir 100 voldugustu konur heims.



ANGELA MERKEL FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í skýringum er Merkel sögð fylgin sér í að koma á umbótum í stærsta hagkerfi Evrópu og að hún „hiki ekki við að ryðjast í gegnum ágreiningsefni“. Um það bæri vitni fundur kanslarans með

Dalai Lama, hvernig hún hirti Mugabe Simbabweforseta og fleira.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, er komin niður í sjöunda sæti listans í ár. Hún var í fjórða sæti í fyrra.

Næstvoldugustu konuna telur Forbes vera Sheilu C. Bair, forstjóra tryggingafyrirtækisins Federal Deposit. Í þriðja sæti er forstjóri Pepsi, Indra K. Nooyi.

- aa

KANADA

Jarðskjálfti undan Vancouver

Snapur jarðskjálfti varð undir hafsbotni undan strönd Vancouver-eyju við vesturströnd Kanada í gær. Skjálftinn mældist 6,1 að styrkleika, en skjálftamiðjan var 156 kílómetra vestur af Port Hardy. Engar fregnir voru af tjóni af völdum skjálftans. Röð skjálfta hefur orðið á þessu svæði síðustu daga.

MENNING

Mýrin á topp tíu

Kvikmyndin Mýrin eftir Baltasar Kormák frá árinu 2006, sem gerð var eftir metsölbók Arnaldar Indriðasonar, var í gær nefnd á lista yfir tíu bestu glæpamyndir sögunnar hjá Times Online.

Vilja að stjórnvöld standi við loforðin

Líklegt er að kjaraviðræður í haust endi með fleytisamningi til nokkurra mánaða. Forystumenn verkalyðshreyfingar vilja að ríkisstjórnin efni loforð, til dæmis um sérstakar húsaleigubætur, og að skattalækkunum verði flýtt.

KJARAMÁL Ófremdarastand ríkir í efnahagsmálum, að mati forystumanna verkalyðshreyfingarinnar. Signý Jóhannesdóttir, sviðsstjóri starfsmanna ríkis og sveitarfélaga hjá Starfsgreinasambandinu, segir „verst að stjórnvöld grípi ekki til neinna aðgerða. Það jaðrar við að maður segi, sjáið hverju aðgerðaleysið hefur skilað.“

Fjölmörg stéttarfélag eiga lausa kjarasamninga í október og nóvember og er undirbúningur kjaraviðræðna að hefjast. Aðalsteinn Baldursson, formaður Framsýnar stéttarfélags, telur erfitt að semja við núverandi aðstæður og býst við að gerður verði svokallaður fleytisamningur til nokkurra mánaða þannig að viðræður verði teknar upp á næsta ári. „Tónninn er sá almennt,“ segir hann.

Signý rifjar upp að ríkisstjórnin hafi lofað ótal aðgerðum eftir gerð kjarasamninga á almennum markaði í vetur en ekki staðið við þær allar. „Menn vilja fara í gegnum þá umræðu. Húsaleigubæturnar hafa til dæmis ekki gengið eftir og svo mætti flýta skattaaðgerðum sem voru tímasettar í lok samningstímans. Það er takmarkað unnið í þessum málum,“ segir hún og bendir á að með loforði um sérstakar húsaleigubætur hafi ríkið verið að lofa upp í ermína á sveitarfélögum.

Aðalsteinn segir að verkafólk, sem er á lægstu launinum, þurfi á verulegum bótum að halda. „Ástandið er kritískt. Þeir sem eru á lægstu kjörnum eiga verst með að mæta þrengingum. Við finnum



HAUST Í BORGinni Forystumenn verkalyðshreyfingarinnar hafa áhyggjur af efnahagsmálum og sjá fram á að kjarasamningar í haust verði til skemmi tíma. Kallað er á aðgerðir og að fyrri loforð stjórnvalda verði uppfyllt. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN



SIGNÝ JÓHANNESSDÓTTIR



ADALSTEINN BALDURSSON

það á auknum greiðslum úr styrktar- og sjúkrasjóðum. Ég held að stjórnvöld, atvinnulíf og verkalyðshreyfing þurfi að spila vel saman næstu mánuði.“

Aðalsteinn rifjar upp að Íslendingar hafi ekki staðið frammi fyrir jafn erfiðri stöðu frá 1990. Hann

kallar stjórnvöld til ábyrgðar með atvinnulífnum og vill að ríkið spili út ákveðnum breytingum, standi við loforð um sérstakar húsaleigubætur, veiti fjármagn inn í atvinnulíf og fái peninga inn í landið. Hann telur líka að ríkisstjórnin þurfi að setja aukna fjármuni til félagsmála sem gagnast láglaunafólki best.

Garðar Hilmarsson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, er einn af þeim sem koma að samningagerð fyrir þúsundir launamanna í haust. „Við erum ekki sátt við það hvernig verðbólgan hefur risið upp og við ekki fengið neinar bætur. Ég heyrir ekki annað en að fólk vilji lagfæringar,“ segir hann. ghs@frettabladid.is



VASKUR HÓPUR Drengirnir skora á alla að mæta í maraþonið. MYND/SKESSUHORN

Ungmenninn á Hvanneyri:

Spila körfu til styrktar Sverri

HVANNEYRI „Þetta er okkar leið til að styðja Sverri í gegnum þessa erfiðu tíma. Svona veikindi koma illa við fjárhag fólks,“ segir Arnar Hrafn Snorrason, einn aðstandenda áheita- og styrktarmaraþons í körfubolta sem haldið verður í íþróttahöll Hvanneyringa næstkomandi laugardag. Allur ágóði maraþonsins mun renna óskiptur til fjölskyldu Sverris Heiðars Júlíussonar, knattspyrnuþjálfara og brautarstjóra búfræðideildar Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, en hann hefur átt við erfiðu veikindi að stríða undanfarið ár.

Skráning fer fram í síma 849-4819 eða í gegnum netfangið kolla@kerti.is. - kg

Starfshópur skipaður:

Endurskoðar barnaverndarlög

FÉLAGSMÁL Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra hefur skipað starfshóp til að endurskoða núgildandi barnaverndarlög.

Starfshópurinn mun meta lög, hvernig þau hafa reynst frá því að þau tóku gildi, hvaða breytingar kunni að þurfa að gera á þeim til þess að styrkja barnavernd og hvaða breytingar sé hægt að gera á barnaverndarstarfi án lagabreytinga. Hópurinn mun einnig skoða ákvæði laganna sem varða vistun barna utan eigin heimilis. - þeb

Imodium®

Við bráðum niðurgangi



Imodium® 2 mg
loperamid, hydrochlorid


16 tablettur
16 töflur

Vid tilfällig diaré við bráðum niðurgangi

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Imodium® (loperamid) 2 mg töflur. Imodium er fáanlegt án lyfseðils og er notað við bráðum niðurgangi (skammtíma-meðferð). Langvarandi alvarlegur niðurgangur, þ.m.t. niðurgangur vegna af hraðrar læmingar. Skammtar og lyfjagjöf: Bráður niðurgangur: Þrjú skal meðferðina með 2 töflum, en skömmtun er síðan 1 tafla eftir hverja hægðalsum með niðurgangi, þó ekki þéttar en á 2-3 klst. frest. Sólarhringskammtur á ekki að fara yfir 8 töflur. Langvarandi niðurgangur: Skömmtun er í upphafi 2 töflur. Skömmtun er síðan einstaklingsbundin á bilinu 1-8 töflur á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Varnarorð: Við langvarandi bólgusjúkdóm í börnum getur lyfið dulað einkenni um skyndilega versnun. Lyfið hefur einungis áhrif á sjúkdómseinkenni. Ef sjúklingur hefur háan hita eða blóð í hægðum og ef meðferð á að vera langvarandi, þarf að finna og meðhöndla undirliggjandi orsök eins og kostur er. Imodium meðferð skal stöðva við merki um hægðatregðu eða önnur merki um ofullnægjandi þarmahreyfingar. Sjáist bati ekki innan tveggja sólarhringa við bráðum niðurgangi, á að hætta gjöf Imodium og huga aðra meðferð. Hja almannisjúklingum á meðferð með Imodium á að stöðva meðferð við fyrstu merki um jafninn kyð. Tilkynt hefur með um enska líkvis efnarstoffs lísi almannisjúklingum með reiðþögu. Imodium á að nota með varð há sjúklingum með skerta líffræðisemi. Leið til læknis eða lyfjaraðgangs ef þú ert á frekari uppýsingu um lyfið. Leið fylgiseðilinn vandlega áður en þú byrjar á að nota lyfið. Handhafi markabreyfis: Janssen-Cilag AB. Umbod á Íslandi: Vistor hf., Hörgatun 2, 210 Garðabær.

VEÐURSPÁ



Sigurður P. Ragnarsson
Veðurfræðingur

HVASST OG BLAUTT
Framan af degi er í gildi stormviðvörðun fyrir sunnan- og vestanvert landið. Sínu hvassast verður við suðurströndina, Snæfellsnes, Breiðafjörð og vestan til á Vestfjörðum. Annars staðar verður vindhraðinn heldur hægari þó alls staðar verði vindasamt. Síðdegis dregur smám saman úr vindi. Mikil rigning fylgir þessu veðri en síðdegis styttr upp NA-til.

Á MORGUN
5-13 m/s, stífastur SV-til

SUNNUDAGUR
3-8 m/s

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	20°
Billund	20°
Ósló	19°
Stokkhólmur	14°
Gautaborg	18°
London	25°
Paris	28°
Frankfurt	24°
Friedrichshafen	26°
Berlín	20°
Alicante	29°
Mallorca	30°
Basel	26°
Eindhoven	24°
Las Palmas	27°
New York	24°
Orlando	33°
San Francisco	22°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Allt í helgarmatinn í Hagkaup!

OPIÐ
tíl **20**
alla daga



35%
afsláttur
við kassa

1.819 kr/kg

Merkt verð 2.798.-

Kjúklingabringur
- ferskar



30%
afsláttur
við kassa

2.365 kr/kg

Merkt verð 3.379.-

Ungnautaribeye
- íslenskt



30%
afsláttur
við kassa

2.365 kr/kg

Merkt verð 3.379.-

Ungnauta entrecote
- íslenskt



Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt

25%
afsláttur

2.699 kr/kg

Verð áður 3.598.-

Lambafile
- úr kjötborði



Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt

25%
afsláttur

2.998 kr/kg

Verð áður 3.998.-

Nautalundir
- úr kjötborði



Nýtt
í Hagkaup

Pan filancino
- bökur sem hitaðar eru í ofni



MYLLAN
ALLTAF ÖRYÐ BAKAÐ

149 kr/stk.

Verð áður 309.-

Myllu Baguette
- í bakaríum Hagkaups



Nýtt
í Hagkaup

Kellogg's mini breaks
- góður biti milli mála

Gildir til 31. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Var rétt hjá menntamálaráðherra að verja fimm milljónum króna í ferðir til Kína?

Já	30,4%
Nei	69,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Er toppi verðbólgunnar náð?

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir


Ekki ákveðið hvenær bygging nýs Landsbankahúss hefst eða hvað verður byggt:

Tillögurnar kynntar í haust

SKIPULAGSMÁL Tillögur að fyrirlögðum nýjum höfuðstöðvum Landsbankans á hafnarbakkanum í Reykjavík verða kynntar opinberlega á næstu vikum, samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum. Ekki hefur verið ákveðið hvenær framkvæmdir hefjast, né hvers konar hús verður byggt.

21 arkitektastofa skilaði tillögum. Hver þeirra hlaut fimm milljónir fyrir þátttökuna. Engin skuldbinding fólst í því að halda keppnina og því er enn óvíst hvort vinningstillagan verður að lokum fyrir valinu.

Enn er unnið nánar með sumar



LÍKAN AF SVÆÐINU Höfuðstöðvarnar verða austast bygginganna, eða efst á þessari mynd.

FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

tillögurnar, meðal annars með tilliti til stöðunnar sem komin er upp með fyrirhugaðan Mýrargötu-stokk.

Margrét Harðardóttir, arkitekt og formaður dómnefndarinnar, sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrir skömmu að vinningstillagan yrði líkast til afar umdeild, en greindi ekki frá því nánar hvers vegna.

Höfuðstöðvarnar eiga að rísa austast á hafnarbakkanum, við Lækjartorg, en á milli þeirra og tónlistar- og ráðstefnuhússins munu rísa hótél og viðskiptamiðstöð. Bygging þeirra er í biðstöðu, að sögn Helga S. Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Portus sem sér um framkvæmdirnar, vegna efnahagsástands og Mýrargötu-stokks.

Pingforsetar Norðurlanda: Fordæma viðurkenningu Rússa

LETTLAND, AP Forsetar þjóðþinga Norðurlandanna fimm og Eystrasaltslandanna þriggja hafa sent frá sér sameiginlega yfirlýsingu, þar sem sú ákvörðun rússneskra stjórnvalda að viðurkenna sjálfstæði georgísku aðskilnaðarhéraðanna Abkasíu og Suður-Ossetíu er fordæmd.

Pingforsetarnir, sem eru á árlegum samráðsfundi utan við lettnesku höfuðborgina Ríga, segja ákvörðun Rússa brot á ályktunum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og hún stangist á við grundvallarreglur Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu. Þeir hvetja Rússa til að afturkalla ákvörðunina.



Á VERÐI Kínversk varðstöð við Kuqa í Xinjiang.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ólga í Xinjiang í Kína:

Tveir lögreglumenn drepnir

KÍNA, AP Tveir lögreglumenn dóu og að minnsta kosti sjö manns særðust í fyrstu óeirðunum sem frést hefur af í Kína frá því að Ólympíuleikunum í Peking lauk.

Meðan á leikunum stóð vöktu tvö sprengjutilræði í Xinjiang athygli á baráttu úigúra, múslimþjóðar sem býr þar á norðausturjaðri Kínaveidis, en þeir vilja aukna sjálfstjórn eða jafnvel aðskilnað.

Til óeirðanna kom í bæ í Jiashi-sýslu, en tildrög þeirra voru óljós. Dilxat Raxit, talsmaður Heims-sambands úigúra sem hefur bækistöð í Þýskalandi, hafði eftir vitnum að „mikil skothríf“ hefði heyrst, en nánari upplýsingar lágu ekki fyrir.

- aa



BJÖRGVIN OG TASHI Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra fundaði með Tsering Tashi, erindreka tíbesku útlagastjórnarinnar, um mannréttindamáli í gær.

Undirbýr komu Dalai Lama:

Funduðu um baráttu Tíbet

STJÓRN MÁL Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra átti í gær fund með Tsering Tashi, erindreka tíbesku útlagastjórnarinnar, vegna undirbúnings fyrir komu Dalai Lama til Íslands.

Á fundinum ræddu þeir stöðu mála í Tíbet og hvað væri framundan í mannréttindabaráttu þeirra.

Tashi er hér á landi til að skoða aðstæður og fylgjast með undirbúningsi fyrir fyrirlestur Dalai Lama. Dalai Lama verður hér á landi frá 25. til 27. júlí 2009.

- vsp

SJÁVARÚTVEGUR

Fimm stærstu með þriðjung

Fimm kvótahæstu útgerðir landsins fara með tveþlega þriðjung aflaheimilda eftir kvótaúthlutun Fiskistofu fyrir nýtt fiskveiðiár sem hefst á mánudag. HB Grandi, stærsti kvótahafinn, fer með tæp níu prósent aflaheimilda. Fréttavefurinn skip.is greinir frá þessu.

Ásakanirnar ganga á víxl

Pútín sakar Bandaríkjamenn um að hafa att Georgíuher út í stríð í Suður-Ossetíu. Kína og Mið-Asúríki hafna beiðni Rússa um viðurkenningu á sjálfstæði Abkasíu og Suður-Ossetíu. Rússar skjóta upp flugskeyti.

RÚSSLAND, AP Vladimir Pútín, forsætisráðherra Rússlands, sakar Bandaríkjamenn um að hafa ýtt Georgíumönnum út í stríð í Suður-Ossetíu, sem síðan hafi kallað á viðbrögð Rússa.

Pútín sagðist gruna að þar að baki mætti finna tengsl við kosningabaráttuna í Bandaríkjunum, og gaf þar með í skyn að bandarísk stjórnvöld teldu það gagnast repúblíkananum John McCain að átök brjótist út í Georgíu.

„Bandaríkjamenn veittu í raun Georgíuher bæði vopn og hjálfun,“ sagði Pútín í viðtali við bandarísku sjónvarpsstöðina CNN. Í staðinn fyrir að standa í flóknum samningaviðræðum árum saman sé auðveldara að „vopna annan aðilann og ýta honum út í að myrða hina, og þá er því lokið“.

Bernard Kouchner, utanríkisráðherra Frakka, sakaði hins vegar Rússa um að stunda þjóðarmorð í Suður-Ossetíu. Rússar höfðu sjálfir réttlætt hernað sinn í Suður-Ossetíu með því að segjast hafa þurft að koma í veg fyrir að Georgíuher fremji þar þjóðarmorð.

Rússar juku í gær enn á spennuna með því að gera tilraun með flugskeyti, sem á að smjúga í gegnum eldflaugavarnakerfi af því tagi sem Bandaríkjamenn hyggjast setja upp í Póllandi og Tékklandi.

Rússar urðu hins vegar fyrir nokkru áfalli í gær þegar þeir reyndu að fá stuðning frá Öryggisbandalagi Asíuríkja, svonefndu Sjanghæ-bandalagi, sem Rússar og Kínverjar stofnuðu árið 2001 ásamt Mið-Asíuríkjunum Kasakstan, Kirgisistan, Tadsjíkistan og Usbekistan.

Leiðtogafundur Sjanghæ-bandalagsins var haldinn í Dus-



GEORGÍSKIR HERMENN GRAFA FÉLAGA SÍNA Skammt fyrir utan Tblísi, höfuðborg Georgíu, voru í gær jarðsett í fjöldagröf lík 46 óþekktra hermanna, sem féllu í átökum í Suður-Ossetíu nýverið.

NORDICPHOTOS/AFP

hanbe í Tadsjíkistan í gær, en undirtektir voru dræmar þegar Dmitrí Medvedev bað hina leiðtogana um að fara að dæmi Rússa og viðurkenna sjálfstæði Abkasíu og Suður-Ossetíu, héraðanna tveggja í Georgíu sem í reynd hafa haft sjálfstjórn að mestu í hálfan annan áratug.

Á mánudaginn ætla leiðtogar Evrópusambandsríkja að hittast til að taka ákvörðun um hugsanlegar refsiaðgerðir gegn Rússlandi vegna hernaðar þeirra í

Georgíu og yfirlýsingar Medvedevs um viðurkenningu á sjálfstæði Abkasíu og Suður-Ossetíu.

Evrópuríki eiga erfitt með að beita Rússa refsiaðgerðum vegna þess hve háð þau eru flutningi á jarðgasi frá Rússlandi. David Miliband, utanríkisráðherra Breta, sagði hins vegar í ræðu sinni á miðvikudag að Rússar séu ekki síður háðir því að geta selt jarðgas til neytenda í Evrópuríkjunum.

gudsteinn@frettabladid.is



FENGU DRÆM VIÐBRÖGÐ Dmitrí Medvedev forseti og Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, á fundi Sjanghæ-bandalagsins í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Það borgar sig að fylgjast vel með verðlagi verslana:

Kassakvittanir klicka aldrei

Neytendahorninu barst skemmtilegt bréf frá vökulum neytanda sem getur kennt okkur hinum eitt og annað um gildi þess að geyma kassakvittanir:

Fyrir um það bil tíu árum síðan keyptum við hjónin lítið Legokubbaborð á 5.000 krónur í Hagkaup handa dóttur okkar í jólagjöf. Nokkrum dögum síðar vorum við stódd í Bónus. Þar sáum við nákvæmlega sama Legokubbaborðið til sölu, nema hvað verðið var einungis 2.000 krónur. Ég ákvað að taka til minna ráða og snaraði einu kubbaborði í innkaupakörfunu við mikla undrun eiginmannsins sem sá barnið okkar fyrir sér opna tvo alveg eins pakka á jótunum.



HELGA PÓREY neytendur@frettabladid.is



LEGOKUBBAR ERU ALLTAF Í TÍSKU Kubbarnir hennar Katrínar eru enn vinsælir tíu árum síðar.

Á heimleiðinni fórum við í Hagkaup, skiluðum borðinu og fengum inneignarnótu fyrir 5.000 krónur. Inneigninni gátum við svo eytt

í ýmsa matvöru sem er hvort eð er ekki fánleg í Bónus.

Þessi innkaup hefðu getað endað með svekkelsi en með smá útsjónarsemi og með því að geyma kassakvittunina frá Hagkaup gat ég snúið dæminu við. Við þetta er að bæta að jólagjöfin gerði stormandi lukku og er enn í notkun tíu árum síðar þegar smávarna gestir ber að garði. Það hlakkar alltaf svoltið í mér þegar Legokubbaborðið er tekið fram og notað.

Að lokum vil ég hvetja neytendur til þess að sniðganga vörur sem eru óverðmerktar, en það virðist vera töluvert mikið um það í flestum matvöruverslunum. Bestu kveðjur, Katrín.

Katrín fær mikið hrós fyrir frábæra frammistöðu í baráttu neytenda fyrir betra verðlagi og góðri þjónustu.

Norðvestur-siglingaleiðin: Skráningar krafist í Kanada

KANADA, AP Kanadíski forsætisráðherrann Stephen Harper hefur tilkynnt að kanadísk stjórnvöld ætlist hér eftir til að öll þau skip



STEPHEN HARPER

sem hyggi á að sigla um Norðvestur-siglingaleiðina svonefndu um íshafslögsögu Kanada skrái sig hjá kanadísku strandgæslunni.

Hingað til hefur slík skráning verið úterðum í sjálfsvald sett. Bandarísk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að þau líti á siglingaleiðina sem alþjóðlega og hún eigi því ekki að lúta kanadískri stjórn með þessum hætti.

Harper sagði einnig að Kanada myndi gera tillik til að efnahagslögsaga þess í Norður-Íshafi yrði stækkuð í 230 sjómílur.

- aa

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Betri tilboð!



40%
afsláttur

GOURMET UNGNAUTAHAKK

899 kr/kg

~~1.498~~ kr/kg

GÓÐI

NAGGAR, SÆLKERABOLLUR
450g

440 kr/pk.

~~629~~ kr/pk.

30%
afsláttur



DANSKAR
KJÚKLINGABRINGUR 900g

859 kr/pk.

25%
afsláttur



BBQ KJÚKLINGALEGGIR

470 kr/kg

~~626~~ kr/kg

ÍRSKAR SVÍNALUNDIR

959 kr/kg

~~1.599~~ kr/kg

40%
afsláttur



HUMARASKJA 2kg

3.990 kr



EGILS
APPELSÍN 0,5l DÓS

39 kr/stk.

~~89~~ kr/stk.



EGILS
PEPSI MAX 0,5l DÓS

39 kr/stk.

~~89~~ kr/stk.

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 28. - 31. ÁGÚST

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað er talið að margir hafi tekið á móti handknattleikslíði Íslands í miðbæ Reykjavíkur í fyrradag?

2 Í hvaða kirkju hélt Björk Guðmundsdóttir tónleika á þriðjudaginn?

3 Hvað heitir aðalhafsræðingur Seðlabankans?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50.



RAFVÆÐING Leiðir til að gera samgöngur óháðar olíu verða í fókus á ráðstefnunni.

NORDICPHOTOS/AFP

Rætt um framtíðarsamgöngur:
Rafbílabyltingin í brennidepli

SAMGÖNGUR Stjórnendur rafbílaþróunar bílarisanna Toyota, Ford og Mitsubishi verða meðal ræðumanna á alþjóðlegu ráðstefnunni Driving Sustainability '08, sem fram fer í Reykjavík dagana 18. og 19. september næstkomandi.

Aðalviðfangsefni ráðstefnunnar að þessu sinni verður rafvæðing landsamgangna.

„Að auka hlut hreinnar orku á heimsvísu og að gera samgöngur sjálfbærari eru tvö verðugustu viðfangsefni nútímans,“ er í fréttatilkynningu haft eftir Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, en hann hefur tekið að sér að vera verndari ráðstefnunnar. Aðalskipuleggjandi hennar er fyrirtækið Framtíðarorka.

- aa



Á ÞINGI Anwar Ibrahim og eiginkona hans í hópi fylgismanna í þinghúsinu í Kúala Lúmpúr í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AF

Anwar aftur á þingi:

Mótmæla misbeitingu valds

MALASÍA, AP Anwar Ibrahim, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Malasíu, fór fyrir útgöngu þingmanna stjórnarandstöðuflokkanna á þingi landsins í gær, skömmu eftir að hann sör embættiseið sem þingmaður á ný. Tilgangurinn með útgöngunni var að mótmæla lagafrumvarpi, sem gagnrýnendur segja að sé hannað til að færa yfirvöldum fleiri vopn í hendur til að fá Anwar dæmdan fyrir kynferðislega áreitni gagnvart manneskju af sama kyni, en sá sem fundinn er sekur um slíkt athæfi í þessu múslimaríki á yfir höfði sér allt að 20 ára fangelsi.

Anwar var birt ný slík ákæra í síðasta mánuði, er viðleitni hans til að steypa stjórninni var að komast á góðan skrið.

- aa

Ekki sjálfgefið að kjör almennra lána Íbúðalánasjóðs versni við afnám ríkisábyrgðar:

Áfram á almennum markaði

STJÓRNMÁL Þó að félagsleg lán Íbúðalánasjóðs verði afmörkuð mun sjóðurinn áfram veita lán á almennum markaði. Ríkisábyrgð almennra lána verður afnumin en ekki er þar með sagt að kjörin versni frá því sem nú er.

Þetta segir Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

Í félags- og tryggingamálaráðuneytinu er nú unnið að breytingum á Íbúðalánasjóði vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem telur ríkisábyrgð almennra íbúðalána brjóta gegn Evrópureglum. Verða félagsleg lán aðgreind frá almennum lánnum. Mun félags-



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR segir ESA verða að taka tillit til þess að húsnæði á Íslandi sé dýrt.

legi hlutinn áfram njóta ríkisábyrgðar.

Jóhanna segir að enn sé of snemmt að segja til um hvar mörk félagslegra og almennra lána muni liggja en ljóst sé að almenni hlutinn verði að vera nokkuð stór.

„Hann má ekki vera lítill. Húsnæði á Íslandi er dýrt og ESA verður að horfa til þess,“ segir hún. Um kjör almennu lánanna segir Jóhanna ekki sjálfgefið að þau versni frá því sem nú er. „Það þarf ekki að vera og ræðst af þeim fjármögnunarkjörum sem Íbúðalánasjóði bjóðast.“

Ríkisstjórnin ákvað í sumar að gera viðskiptabönkunum kleift að taka lán hjá Íbúðalánasjóði. Verður 30 milljörðum króna varið til þess á þessu og næsta ári. Jóhanna segir alls óvíst hvort framhald verði á slíkri heildsölustarfsemi Íbúðalánasjóðs, það verði að skoðast sérstaklega.

- bps

Íslandsþóstur:

Landsliðið gæti farið á frímerki

FÓLK Ekki hefur komið til tals hjá frímerkjaútgáfufélaginu að gefa út frímerki með íslenska handboltalandsliðinu, silfurverölaunahöfum á Ólympíuleikunum, en það gæti komið til greina.

„Það hefur ekki enn verið rætt um að setja strákana á frímerki en öll tilefni eru skoðuð,“ segir Ágústa Hrund Steinarsdóttir, markaðsstjóri hjá Íslandsþósti. Ágústa segir það vera meginreglu að lifandi fólk sé ekki sett á frímerki. Frímerkjaútgáfufélagið sjái um útgáfu á frímerkjum og þar séu ýmis mál tekin fyrir.

- þeb

Nektardans fær jákvæða umsögn

Borgarráð samþykkti jákvæða umsögn um nektardans á Óðali og Vegas í gær. Um leið skorar ráðið á Alþingi að breyta lögum til að koma í veg fyrir nektardans. Lögmaður Óðals segir umbjóðanda sinn fagna umsögninni.

STJÓRNÝSLA Borgarráð samþykkti jákvæða umsögn um leyfi til nektarsýninga á nektardansstöðunum Óðali og Vegas á fundi sínum í gær.

„Við samþykkjum jákvæða umsögn vegna áhlits embættismanna borgarinnar um það að okkur sé ekki stætt á öðru en að veita þessi leyfi,“ segir Óskar Bergsson, formaður borgarráðs. „Það er gert á grundvelli dóms sem féll vegna sams konar veitingastaðar í Kópavogi. Við teljum að ef við hefðum sýnað þessum leyfum þá hefðum við verið að baka borginni skaðabótaskyldu.“ Dómsmálaráðuneytið féldi úr gildi ákvörðun sýslumanns í Kópavogi um að sýna nektardansstaðnum Goldfinger um leyfi til nektarsýninga og í kjölfarið sendi lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu umsóknir Óðals og Vegas til borgarráðs á ný.

„Umbjóðandi minn fagnar þessu væntanlega og vonast til þess að málið hljóti þá eðlilega og lögmæta afgreiðslu hjá lögreglustjóra í kjölfarið,“ segir Halldór Backman, lögmaður Óðals. Hann segir ekkert því til fyrirstöðu að veita umbeidið leyfi, í samræmi við þær lagaheimildir sem nú séu til staðar.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna lögðu fram tillögu að neikvæðri umsögn en hún var felld. „Við hyggjum að þau sjónarmið sem dómsmálaráðherra hefur haft uppi haldi engan veginn gegn þeirri útbreiddu þekkingu og reynslu sem er á tengslum nektardansstaða og vændis og mansals,“



BORGARRÁÐSFUNDUR Kjartan Magnússon, Dagur B. Eggertsson og Svandís Svavarsdóttir á fundi borgarráðs í október. Þá veitti ráðið nektardansstöðum neikvæða umsögn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



ÓSKAR BERGSSON Formaður borgarráðs segir að ef leyfum hefði verið sýnað hefði borgin getað verið skaðabótaskyld gagnvart nektardansstöðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

segir Svandís Svavarsdóttir, borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna. Hún segir fulltrúana hafa talið það nægileg rök til að hafna leyfunum.

„Til þess að undirstrika afstöðu okkar þá sameinuðumst við um

ályktun með minnihlutunum um að beina því til Alþingis að endurskoða þessi lög,“ segir Óskar. Borgarráð samþykkti áskorun til Alþingis um að breyta lögum um veitinga- og gistihús til að koma í veg fyrir starfsemi nektardansstaða. Að sögn Svandísar verða lögin til umfjöllunar á þinginu í vetur.

„Við höfum væntingar til þess að þessi rödd nái inn í vinnuna núna þegar lögin eru til umfjöllunar. Hins vegar er það svo að þingmenn Vinstri grænna hafa lagt fram breytingartillögu á lögum um veitinga- og gistihús þar sem lagt er til að undanþáguákvæði, sem segir að nektardans sé óheimill nema með undanþágu, verði einfaldlega felld út.“

thorunn@frettabladid.is

Norskur fangelsisstjóri í klípu fyrir meinta mútupægni 2004-2007:

Þaði Íslandsferð af orkusala

NOREGUR Grunur leikur á að norskur fangelsisstjóri hafi þegið mútur frá viðskiptavinum á árunum 2004-2007, þar á meðal þegið boð um Íslandsferð og sent einn starfsmanna sinna. Einnig er talið að starfsmenn fangelsisins hafi fengið alltof háar launagreiðslur, notað bíla fangelsisins í einstaka tilvikum í eigin þágu og óreiða verið á skjalasafni fangelsisins.

Málið er heitt í Noregi þessa dagana enda hefur það verið sent til skoðunar hjá ríkisendurskoðuninni þar í landi. Í norska dagblaðinu VG kemur fram að fangelsisstjórnin hafi þegið múturnar á árunum 2004-2007.

Á þessu tímabili hafi rekstrarstjóri fangelsisins farið í ferð til Íslands í tengslum við verðlaun sem fangelsið fékk fyrir að hafa

náð niður orkunotkun um 26 prósent.

Ferðin var farin í boði orkufyrirtækisins Fjordkraft sem sér fangelsinu fyrir orku en eiginkona rekstrarstjórnans, sem var með í för, greiddi sjálf kostnaðinn af sinni ferð. Í tengslum við Íslandsferðina var haldin ráðstefna um orkunotkun.

Skoðanir eru skiptar um það hvort Íslandsferðin teljist mútur. Geir Björkli, forystumaður innan norska alþjóðsambandsins, hefur miklar efasemdir um að embættismenn geti þegið svona boðsferðir. „Úr því að ferðin er greidd af orkubirgi fangelsisins er hún í trássi við reglur hins opinbera,“ segir hann og telur óhugsandi að hægt sé að færa fagleg rök fyrir því að þiggja svona ferð.



Í TRÁSSI VIÐ REGLUR? Norskur fangelsisstjóri er nú í klípu vegna embættisfærslu sinnar. Einn starfsmanna hans kom í boðsferð til Íslands á árunum 2004-2007 í boði orkufyrirtækisins Fjordkraft sem sá fangelsinu hans fyrir orku.

Embættisfærsla annarra fangelsisstjóra verður í framhaldi í framhaldi af þessu tekin til skoðunar hjá norsku ríkisendurskoðuninni.

- ghs



BRYNJÓLFUR JÓNSSON LÆKNIR Tekið var á móti honum með börða, silfurpeningi og gulu spjaldi.

Silfurdrengur á Landspítala:

Læknir landsliðsins hylltur

FÓLK Brynjólfur Jónsson bæklunarlæknir var sæmdur silfurmedalíu af samstarfsfólki sínu á deild E-5 á Landspítalanum í Fossvogi í gærmorgun. Brynjólfur var læknir íslenska landsliðsins á Ólympíuleikunum í Peking.

Samstarfsfólk Brynjólfs hafði undirbúið veglega móttökuathöfn þar sem honum voru færðar kókur. Einnig var honum fært gult spjald en Brynjólfur vakti mikla athygli þegar dómarrar í leik Íslands og Spánverja gáfu honum gula spjaldið fyrir skjót viðbrögð til að huga að slösuðum landsliðsmanni.

- hjp



SKRIFAÐ UNDIR Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri í Þjóðmenn-ingarhúsinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Þjónusta fer frá ríki til borgar:

Geðþjónusta til borgarinnar

STJÓRNÝSLA Stefnt er að því að Reykjavíkurborg taki að sér framkvæmd allrar þjónustu við geðfatlaða í Reykjavík í byrjun næsta árs, samkvæmt yfirlýsingu sem Jóhanna Sigurðardóttir félags- og tryggingamálaráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri undirrituðu í gær. Borgin tekur nú þegar að sér þjónustu við 44 geðfatlaða einstaklinga sem tekið hafa þátt í verkefningu Stramhvörf í Reykjavík á vegum ríkisins.

Tilfærslan er liður í þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að færa þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.

- gh

ÞÝSKALAND

Reyndi að ræna barninu

Reynt var að ræna fimm ára dóttur Hrunnar Karlsdóttur frá Bolungarvík um hábjartan dag í verslunarmiðstöð í Frankfurt í Þýskalandi á dögunum, að því er hún sagði við fréttavef Bæjarins besta í gær. Segist hún hafa hlaupið burt með dóttur sína eftir að maður hafi reynt að kippa henni burt.

HEKLA NOTADIR BÍLAR KLETTHÁLSI

500.000 FYRIR ÞANN GAMLA!

UPP Í KAUP Á NOTUÐUM JEPPLING

Komdu upp á Klettháls með gamla bílinn og settu hann upp í jeppling árgerð 2004 eða nýrri. Við metum bílinn þinn á kr. 500.000, sama hvernig hann er, bara að hann sé skoðaður 2009.



Opið 10-18 virka daga | Opið 12-16 laugardaga

Kletthálsi | sími 590 5040 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is





NÝFÆDDUR Í ÁSTRALÍU Górilla Mouilla í dýragarði í Sydney í Ástralíu virðist bara nokkuð stolt þegar hún sýnir glápanandi mannfólki nýfæddan son sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jonas Gahr Støre utanríkisráðherra vill styrkja sig í norska verkamannaflokknum:

Berst fyrir öruggu framboði

NOREGUR Hörð barátta er framundan um öruggt sæti á framboðslista norska Verkamannaflokksins í Osló fyrir þingkosningarnar í september á næsta ári. Um leið blandast inn í þetta baráttan um það hver tekur við formennsku í flokknum þegar Jens Stoltenberg hættir, að sögn norska ríkisútvarpsins NRK.

Stefnt er að því að listi verði ákveðinn 9. september og er talað um að fjögur efstu sætin sé örugg þingsæti, tvö sæti falli í hlut karla og tvö í hlut kvenna. Öll sæti eru þegar skipuð og er því Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs,



JONAS GAHR STØRE

í vanda. Ef hann nær öruggu sæti styrkir það möguleika hans á að taka við formennsku í flokknum í framtíðinni. Og ef Verkamannaflokkurinn tapar kosningunum á næsta ári þá eru meiri líkur á því að á næsta kjörtímabili verði skipt um formann.

Bjarne Håkon Hanssen heilbrigðisráðherra er einn af þrem-

ur sem kæmu til greina í formannsembættið eftir Stoltenberg en hann hefur lýst yfir að hann gefi ekki kost á sér til endurkjörs. Þá eru bara eftir tveir, Jonas Gahr Støre og þingmaðurinn Trond Giske, og milli þeirra stendur baráttan í haust og næstu misseri.

Mikil umskipti eru fyrirsjáanleg á norska stórþinginu í þingkosningunum haustið 2009. Margir reyndir þingmenn hafa lýst yfir að þeir hyggest draga sig í hlé. Áætlað er að um þriðjungur norskra þingmanna snúi sér að öðrum störfum.

- ghs

Hraðamælingar í Breiðholti:

Helmingur keyrði of hratt

LÖGREGLUMÁL 61 ökumaður ók of hratt um Arnarbakka í Breiðholti á einni klukkustund í gær. Lögregla fylgdist með ökutækjum sem var ekið í vesturátt að Dvergabakka eftir hádegi.

Á einni klukkustund keyrðu 123 ökutæki um Arnarbakkan, og því var helmingur allra ökutækja yfir leyfilegum hraða.

Ökumennirnir sem gerðust brotlegir óku að meðaltali á 48 kílómetra hraða, en leyfilegur hámarks hraði er 30 kílómetrar á klukkustund. Sá sem ók hraðast mældist á 70 kílómetra hraða.

- þeb

Borgarráð Reykjavíkur:

Hanna Birna spurð um lax

REYKJAVÍK Samfylking og VG spurðu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra um veiðiferð í Miðfjarðará á borgarráðsfundi í gær.

Umrædd ferð Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra, Vilhjalms Þ. Vilhjálmssonar, þá borgarstjóra, Björns Inga Hrafnssonar, þá formanns borgarráðs, og Hauks Leóssonar, þá stjórnarformanns Orkuveitu, hefur komist í hámeð, sérstaklega í ljósi þess að um dýra á er að ræða og Baugur átti veiðileyfin. Fjármálastjóri Baugs, Stefán Hilmarsson, var með í för.

Hanna var spurð hvort hún hafi látið kanna málavexti þessa og hvernig hún bregðist við, varði málið reglur borgarinnar.

- kóp

Þúsundir mótmælenda dvelja dag og nótt fyrir utan forsætisráðuneyti Taílands:

Krefjast þess að Samak víki úr embætti

TAÍLAND, AP Þúsundir mótmælenda í Taílandi hafa hafst við fyrir utan forsætisráðuneyti landsins síðan á þriðjudag og krefjast þess að forsætisráðherrann, Samak Sundaravej, víki úr embætti.

Sundaravej er sakaður um að ganga erinda fyrirverandi forsætisráðherra, Thaksin Shinawatra, sem hrökklaðist frá völdum árið 2006 og hefur síðan verið í sjálfskipaðri útleð í Bretlandi.

Dómstóll kvað á miðvikudag upp þann úrskurð að aðgerðir mótmælendanna væru ólöglegar, en stjórnin hefur til þessa ekki kosið að fara í hart og látið lögregluna rýma svæðið fyrir utan forsætisráðuneytið. Chamlung Srimuang, einn af leiðtogum Lýðræðisbandalagsins, sem stendur fyrir mótmælunum, segir ekkert

athugavert við aðgerðirnar.

„Við erum að mótmæla vegna þess að stjórnin hefur gert of mörg mistök og hefur engan rétt til að stjórna landinu,“ sagði hann.

Allt að þrjátíu þúsund mótmælendur voru á staðnum á þriðjudag, þegar fjölmennast var. Í gær voru um fimm þúsund manns inni á lóð ráðuneytisins og annað eins fyrir utan hlið lóðarinnar.

Samak segir mótmælendurna reyna að ögra her landsins til að gera stjórnarbyltingu á ný eins og árið 2006.

- gb

FLEIRI BÆTAST Í HÓPINN Mótmælendum hefur fækkað yfir daginn, meðan fólk er í vinnu, en fjölga síðan aftur seinni partinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Skráðu fjölskylduna í síma
800 7000
eða á
siminn.is
án tafar!

Í Núllinu þarf fjölskyldan ekki að borga krónu þegar hún hringir

Leitin að Ratko Mladic: Saksóknari spáir handtöku

SERBÍA, AP Ratko Mladic, herstjóri Bosníu-Serba í borgarastríðinu 1992-1995, verður senn handtekinn. Þetta sagði Vladimir Vukcevic, sérskipaður stríðsglæpasaksóknari Serbíu, í gær.

Vukcevic segist telja að Mladic fari huldu höfði í Serbíu. Hann segist hins vegar vantrúaður á að hann hafi breytt útliti sínu eins og vopnabróðir hans fyrrverandi, Radovan Karadzic, sem var handsamaður í júlí.

Karadzic og Mladic sæta báðir ákæru fyrir stríðsglæpadómstólum í Haag fyrir stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni, ekki síst fyrir þátt þeirra í fjöldamorðinu á Bosníu-múslimum í Srebrenica árið 1995.

- aa

Sláturtíðin að hefjast:

Mönnun sláturhúsa gekk vel

VINNUMARKAÐUR Vel gekk að manna lausar stöður í sláturhúsum fyrir komandi sláturtíð. Störfum við slátrun fjölga um nokkur hundruð í september og október. Flest eru þau mönnuð útlandingum.

Sigmundur Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska, segir að vegna gengissigs - og þar með raunlaunalækkunar erlendis starfsfólks - hafi ráðningarnar verið þyngri undir fæti en undangengin ár en tekist hafi að ráða í öll störf.

Guðmundur Svavarsson hjá SS hafði sömu sögu að segja; byrjað var að huga að ráðningum í upphafi árs og allir básar mannaðir.

- bps

Fjárskortur setur árangurinn í uppnám

Sá rekstrarvandi sem uppi er hjá lögregluembættunum í landinu setur í uppnám þann góða árangur sem stefnt var að með sameiningu og stækkun þeirra. Þetta segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna.

LÖGGÆSLA „Þetta ástand, sem uppi er í rekstri lögregluembættanna, hlýtur að setja í uppnám þann góða árangur sem stefnt var að með sameiningu og stækkun þeirra 1. janúar 2007,“ segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna.

Við blasa samdráttur í rekstri og uppsagnir lögreglumanna, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær, hjá hinum ýmsu lögregluembættum á landinu. Ástæður eru sagðar ónógar fjárveitingar, auk gríðarlegra hækkana á bensínkostnaði og annarra verðlagshækkana, sem aukið hafi rekstrarvanda embættanna enn frekar.

„Í þessari stöðu hlýtur að verða erfitt að ná fram markmiðum löggæsluáætlunar fyrir árin 2007-2011 sem dómsmálaráðherra kynnti fyrrihluta árs 2007,“ útskýrir Snorri.

Hann segir Landssamband lögreglumanna hafa vitað af fjárhagsvanda embættanna um langa hríð og vakið á honum athygli allt liðið ár og reyndar mánuði og ár þar á undan.

„En fjárveitingavaldið hefur skellt við skollaeyrum, að því er virðist,“ bætir hann við. „Ofan á þennan vanda horfum við upp á þau arfaslökku launakjör sem lögreglumönnum er boðið upp á.“ Kjörin hafa enda endurspeglast í flotta úr stéttinni eins og ítrekað hefur komið fram.



LÖGREGLUMENN „Álagið á starfandi lögreglumenn hefur síst minnkað,“ segir formaður LL. „Fregnir af yfirvofandi uppsögnum munu gera stöðuna enn verri, auka álagið á þá sem eftir verða til muna og hleypta illu blóði í þegar langþreytta lögreglumenn.“

Dómsmálaráðuneytið reyndi að sporna við þessum flotta úr stéttinni með greiðslu álagsþóknunar til lögreglumanna, sem að öllu óbreyttu á að renna út í lok samningstímans 31. október næstkomandi. Álagið á starfandi lögreglumenn hefur síst minnkað. Fregnir af yfirvofandi uppsögnum munu gera stöðuna enn verri, auka álagið á þá sem eftir verða til muna og hleypta illu blóði í þegar langþreytta lögreglumenn.“

Snorri segir að líta verði til þess

jss@frettabladid.is

Utanríkisráðherra Finnlands: Rússar geta notað vopnin

FINNLAND Alexander Stubb, utanríkisráðherra Finnlands, telur að stríðið í Georgíu geti haft slæm áhrif á utanríkismál, öryggismál og varnarmál Finnlands.



ALEXANDER STUBB

Stubb sagði nýlega að Rússar bæði vildu og gætu notfært sér vopnvald í sinni utanríkispolítík. Rússar eru ekki bein hernaðarógn gagnvart Fínum, að mati Stubbs, en Rússar hafa þó tekið skref í hernaðar- og utanríkismálum sem Fínum þykja ekki æskileg, hefur finnska dagblaðið Helsingin Sanomat eftir Stubb. Þau sé ekki hægt að samþykkja.

- ghs

Meistaránám á Ísafirði:

Tímamót í námi á Vestfjörðum

MENNTUN Boðið verður upp á háskólanám sem alfarið er kennt á Vestfjörðum í fyrsta skipti í vetur. Námið er meistaránám í haf- og strandsvæðastjórnun og verður það sett formlega á sunnudaginn.

Meistaránámið í haf- og strandsvæðastjórnun verður þverfaglegt og alþjóðlegt nám á sviði umhverfis- og auðlinda-stjórnunar. Námið er sett á fót í samvinnu við Háskólann á Akureyri, sem sér um bæði innritun og útskrift nemenda og er fræðilegur bakhjarl.

- þeb

3-6 GSM símar og heimasími

Með því að skrá símanúmer heimilisfólksins í Núllið þarf fjölskyldan ekki að borga krónu fyrir símtöl sín á milli innanlands. Hægt er að skrá allt að sex GSM númer notenda hjá Símanum og eitt heimanúmer. Skilyrði er að notendurnir hafi sama lögheimili. Eitt númeranna má vera fyrirtækjanúmer og hringir heimilisfólkið þá í það fyrir 0 kr.

Kostir Núllsins

- Enginn aukakostnaður og engar skuldbindingar fylgja því að vera í Núllinu.
- Heimilisfólkið skráir sig í þá áskriftarleið sem hentar best eða í Mitt Frelsi.
- Eitt fyrirtækjanúmer má skrá í Núllið og hringir fjölskyldan í það fyrir 0 kr.
- Mitt Frelsisnúmer getur hringt í öll hin númerin þótt inneignin sé búin.
- Með Núllinu spara allir á heimilinu.

Kynntu þér skilmálana og skráðu fjölskylduna í Núllið í dag í síma 800 7000 eða á siminn.is



0kr.

að hringja innan fjölskyldunnar

sín á milli • Það er Síminn



TVEGGJA VIKNA Franny heitir hún, giraffamóðirin í dýrargarði í Chicago í Bandaríkjunum, sem sinnir tveggja vikna gömlu afkvæmi sínu af alúð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Útvarpsmerktur sjóbirtingur endurheimtist fimm árum eftir merkingu:

Silungur með merkilega sögu

UMHVERFISMÁL Við hefðbundnar rannsóknir Veidimálastofnunar á lax- og sjóbirtingsafla úr netaveiði í Þjórsá í júlí kom fram merkilegur fiskur. Í aflanum fannst fimm punda sjóbirtingshængur sem bar útvarpsmerki í kviðnum. Þegar betur var að gáð kom í ljós að hann hafði verið merktur sem gönguseiði í Kálfá í Gnúpverjahreppi þann 5. júní 2003 eða rúmum fimm árum fyrr.

Merkingin var framkvæmd til að fylgjast með sjávargöngutíma laxa og sjóbirtinga. Þótt merkið væri löngu straumlaust og sendir þess óvirkur, gerði endurheimt-

ingin kleift að lesa lífssögu sjóbirtingsins ítarlegar en oft er mögulegt. Aldursgreining á hreistri sjóbirtingsins staðfesti að hann hefði gengið fyrst til hafs þriggja ára, hrygnt fyrst eftir aðra sjávargöngu og árlega eftir það, alls fjórum sinnum.

Við merkingu var hann aðeins tuttugu sentimetra langur og um 100 grömm. Með bakreikningi á hreistri var hægt að áætla árlegan vöxt, sem var bestur fyrsta árið í sjó, um 15 sentimetrar. Eftir það dró úr vexti samhliða kynþroska og var hann þá um 3-7 sentimetrar á ári.



MERKILEGUR FISKUR Sjóbirtingurinn var merktur sem gönguseiði í Kálfá fyrir fimm árum síðan. MYND/VEIDIMÁLASTOFNUN

Maður á fimmtugsaldri:

Ákærður fyrir líflátshótun

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á fimmtugsaldri fyrir að hóta lögreglumanni við skyldustörf að „drepa“ hann. Jafnframt að hafa hindrað lögreglumann í að gegna skyldustarfi sínu.

Hinn ákærði, sem er frá Sandgerði, reyndi ítrekað að toga lögreglumann af manni sem hann var að hafa afskipti af og hafði í tókum fyrir utan skemmtistað í Reykjanesbæ. Þá hótaði sá ákærði öðrum lögreglumanni lífláti. Hótunin átti sér stað í fangaklefa á lögreglustöðinni í Reykjanesbæ.

- jss



SEYÐISFJÖRÐUR Bæjarstjóri hvetur gæludýraeigendur til að taka sig á.

Bæjarstjóri á Seyðisfirði:

Hundaeigendur kærulausir

DÝRAHALD „Ljóst er að alltof margir hundaeigendur eru farnir að sýna kæruleysi í meðferð á hundum sínum og því verður að breyta og það strax,“ segir í tilkynningu frá Ólafi Hr. Sigurðssyni, bæjarstjóra Seyðisfjarðar.

Þá er minnt á að skylt er að hafa hunda í taumi hvar sem er í þéttbýlinu og gildir þá einu hvort þeir eru á lóðum eða ekki.

Jón Sigurðsson, dýraeftirlitsmaður á Kópavogsvæði og Hafnarfjarðarsvæði, þar sem mikill fjöldi dýra er, segir að almennt séu hundaeigendur á svæðinu til fyrirmyndar, þá sérstaklega þegar lítið er til þess að sprenging hafi orðið í hundahaldi síðustu ár. Inn á milli leynist þó alltaf svartir sauðir sem komi óorði á fjöldann. - kdk

Stjórnmal í Sviss:

Deilt um bænaturna múslima

SVISS, AP Svissneska sambandsríkisstjórnin hefur ákveðið að mælast til þess að svissneskir kjósendur hafni frumvarpi að lögum, sem miðar að því að banna byggingu bænaturna við guðshús múslima í landinu.

Í stjórninni sitja fulltrúar fjögurra af fimm helstu flokkum Sviss. Fimmflokkurinn og sá stærsti, Þjóðarflokkur hægri-popúlistans Christophs Blocher, mælir hins vegar eindregið með samþykkt frumvarpsins.

Stjórnin segir að tillagan brjóti gegn mannréttindum og stjórnarskrá og að hún gagnist ekki í baráttu gegn herskárri bókstafs-trú. Stuðningsmenn banns segja að bænaturnar séu tákn landvinn- inga íslamstrúar og stangist á við svissneskar hefðir. - aa

Tuga milljarða verk- efni í námuvinnslu

Tíu Íslendingar unnu í sumar við forrannsóknir á áttatíu milljarða króna mólýbden-námu við Grænland. Talið er að þetta hafi jákvæð áhrif á atvinnu þar í landi. Hægt er að nema 212 milljónir tonna af mólýbdeni úr fjallinu.

ATVINNA „Grænland er orðið land tækifæranna í námuvinnslu,“ segir Karl Andreassen, tækni-fræðingur og einn þeirra Íslendinga sem störfuðu við forrannsóknir við Scoresby-sund á Grænlandi.

Tíu Íslendingar störfuðu í sumar við forrannsóknir á opinni námuvinnslu við Scoresby-sund. Rannsóknnum lauk á dögnum. Nema á mólýbden úr fjallinu Malmbjerget þar í landi. Framkvæmdirnar kosta upp undir áttatíu milljarða og verður stærsta verkefni sem ráðist hefur verið í á Grænlandi að sögn Karls.



KARL ANDREASSEN


„Vitað hefur verið af því frá um árið 1955 að Malmbjerget sé mikil mólýbden-náma,“ segir Karl. Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á möguleikanum á námugreftri þar en ekki verið fýsilegt að vinna málminn fyrir en nú því búið er að kortleggja málminn betur, að sögn Karls.

Þótt forrannsóknir hafi klárast á dögnum á hins vegar enn eftir að fá framkvæmdaleyfið. Málið er í ákveðnu ferli hjá heimastjórn Grænlands. Bæjarstjóri Ittoqqort-oormiit, sem er bærinn sem liggur næst námunni, um 180 kílómetra, hefur sagt að náman muni hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf þar í bæ vegna þess að atvinnuleysi hafi verið upp í sextán prósent á ári.

Kanadíska fyrirtækið Quadra Mining stendur fyrir framkvæmdunum. Byggja á vinnslu fyrir mólýbdenið, ómalbikaða flugbraut og námubæ fyrir um 370 námustarfmenn. Að sögn Karls verður aðallega leitað til Grænlandinga til að vinna við námuna.

Auk alls þessa á að byggja stórt hafnarmannvirki til að ferma mólýbdenið. Nokkrir Íslendingar störfuðu við rannsóknirnar á hafnarmannvirkinu. Á meðal þeirra voru starfsmenn jarðfræðistofu Kjartans Thors og tveir starfsmenn Siglingastofnunar Íslands.

„Ekki er búið að vinna úr niðurstöðunum en allt var eðlilegt varð-



BORUN Íslendingar tóku þátt í rannsókn á stórrí námu við Grænland. Starfsmenn Siglingastofnunar Íslands og jarðfræðistofu Kjartans Thors unnu við rannsóknina. Auk þeirra voru leigð þýla frá Norðurlugi og fiskibáturinn Krístrún.

andi hafnargerð frá okkur séð,“ segir Baldur Bjartmarsson, forstöumaður hjá Siglingastofnun Íslands, og segir líklegt að niðurstöðurnar verði jákvæðar.

Ef framkvæmdaleyfi fæst fyrir námunni munu framkvæmdir hefjast í ágúst á næsta ári því aðeins er hægt að komast að Scoresby-sundi frá ágúst til október ár hvert vegna íss.

Talið er að um 212 milljónir tonna séu af mólýbdeni í fjallinu og því væri hægt að stunda námugróft þar í fimmtán til tuttugu ár.

vidirp@frettabladid.is

HVAÐ ER MÓLÝBDEN?

Mólýbden er frumefni sem aðallega er notað sem íblöndunarefni í eðalmálma. Efnið er að auki notað fyrir ryðfrítt stál, í smurliur og sem íhersluefni fyrir legugerðir. Mólýbden er silfurhvítur, harður hliðarmálmur og er númer 42 í lotukerfinu, táknad Mo. Efnið hefur eitt hæsta bræðslumark hreinna frumefna. Margir þekkja efnið undir nafninu Molly.

Langlífur Vestur-Íslendingur:

Jóhannes Ólafur 107 ára

KANADA Jóhannes Ólafur Markússon, sem býr í bænum Gimli í Manitoba-fylki í Kanada, hélt upp á 107 ára afmæli sitt á mánudag. Hann mun vera elsti maðurinn af íslenskum ættum.

Foreldrar Jóhannesar, Guðmundur Markússon Jónsson og Ingibjörg Sigríður Finnsdóttir, fluttust til Kanada seint á nítjándu öld. Jóhannes hefur alla tíð búið í Kanada en talar góða íslensku. Hann vann lengst fyrir sér sem bóndi en dvelur nú á Betel-hjúkrunarheimilinu í Gimli.

Samkvæmt Winnipeg Free Press á Jóhannes þrjú börn, ellefu barnabörn, 22 barnabarnabörn og tvö barnabarnabarnabörn. Systir Jóhannesar náði 105 ára aldri og bræður hans urðu 101, 98 og 92 ára. - kg

Ólafur F. Magnússon:

Spyr um ferðir stjórnendanna

REYKJAVÍK Hver er ferða- og dagpeningakostnaður stjórnarmanna og stjórnenda í fyrirtækjum borgarinnar? spurði Ólafur F. Magnússon, fulltrúi F-lista, í borgarráði í gær.

Tiltók hann sérstaklega Orkuveituna og REI, Faxaflóahafnir og Malbikunarstöðina. Einnig vildi Ólafur vita um símakostnað og fjölda starfsmanna þessara fyrirtækja, sem hefði yfir 700.000 krónur í laun.

Þá forvitnaðist Ólafur um laun fyrstu varaborgarfulltrúa og fór fram á að tekinn yrði saman ferða-, veislu- og risnukostnaður borgarstjóra frá árinu 2005. - kóþ

FINNLAND

Meira áfengi frá Eistlandi

Áfengisinnflutningur Finna hefur aukist til muna síðustu mánuði eftir að skattur á áfengi hækkaði verulega í Finnlandi.

NOREGUR

Bankarútan hætt

Síðasta bankarútan hefur hætt starfsemi eftir þrjátíu ár á vegunum í Sogni í Noregi þrátt fyrir mikil mótmæli viðskiptavina. Bankarútan hefur seld og hafa borist margar hugmyndir um hvernig hægt er að nýta hana, til dæmis sem leikskóla og safn.

Taktu þátt í spennandi lukkuleik á glænýjum vef og skoðuðu skemmtileg herbergi fyrir hressa stubba:

stubbasmidjan.is

Lukkuleikurinn stendur til 26. september

Fyrst og fremst í heilsudýnum



Stillanleg rúm með okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu á góðu verði

Scape Wallhugger – Eitt með öllu

- þráðlaus fjarstýring
- sér stilling fyrir höfuðlag
- nudd
- sleði sem leggst upp að vegg
- afar hljóðlát og þægilegt í notkun

Scale	Verð	Tilboð
120x200	309.900	299.900
160x200	479.900	459.900
180x200	499.900	479.900
KING SIZE	519.900	499.900



IQ-CARE ein allra besta heilsudýna sem hægt er að fá í dag. Fæst í 2 stíflum.

Proflex er mest seld stillanlega rúmið hjá okkur, enda á góðu verði

Proflex	Verð	Tilboð
160x200	279.900	259.900
180x200	299.900	279.900





Violino
leðurhægindastólar,
ítölsk hönnun. Þrjú litir.
Verð 79.900.



10.000 kr. afsláttur af öllum heilsurúmum

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR



WILLIS & GAMBIER
svefnherbergis-
húsgögn



Allt að 50% afsláttur af völdum svefnherbergishúsgögnum



Óseyri 2

AKUREYRI



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

BONUS BONUS BONUS BONUS

KJÖTMARKAÐUR Í BÓNUS

30%-40%



**40%
AFSLÁTTUR**
Holta blandaðir kjúklingabitar
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.



**30%
AFSLÁTTUR**
Matfugl kjúklingastrimlar **FULL ELDADIR**
1308 kr./kg. MERKT VERÐ 1869 KR./KG.



**40%
AFSLÁTTUR**
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.



798
Nautaveislu ferskt nautahakk
798 kr./kg.



**40%
AFSLÁTTUR**
Íslandsgrís ferskt grísahakk
528 kr./kg. MERKT VERÐ 879 KR./KG.



**40%
AFSLÁTTUR**
KF lambakótilettur í raspi
1199 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.



898
NF Íslensk bleikja beinhreinsuð **898 kr./kg.**



879
KS FROSIN LAMBALÆRI
879 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.



129
Bónus kornbrauð
1 kg 129 kr.



98
Bónus smyrill 300g **98 kr.**
ALLTAF MJÚKUR ÚR ÍSSKÁP.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-19.30

BONUS BONUS BONUS BONUS

KJÖTMARKAÐUR Í BÓNUS

AFSLÁTTUR



398

McCain Amerískar Risapizzur
Aðeins 398 kr.stk.



499

Ali ferskur svínabógur
499 kr./kg.



40%

AFSLÁTTUR

Ali ferskar svínakótilettur
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.



30%

AFSLÁTTUR

Ali ferskar úrb.kótilettur
1398 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.



30%

AFSLÁTTUR

Ali ferskur úrb.svínahnakki
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.



198

FROOSH SMOOTHIE

ÓSVIKINN ÁVAXTADRYKKUR 198 kr flaskan



198

Bónus ís 2 ltr.
198 kr. SÚKKULAÐI & VANILLU




863

OS skólaostur tilboðsverð
863 kr./kg.



75

MS krakkaskyr 4 tegundir
150g 75 kr.



98

ES hvítlauksbrauð 2 stk. 98 kr.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-19.30

„ORÐRÉTT“

Einfalt mál

„Markmiðið er að finna niðurstöðu sem allir geta sætt sig við.“

SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON, VARAFORMAÐUR SKIPULAGSRÁÐS REYKJAVÍKUR, UM LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS.
Fréttablaðið, 28. ágúst.

Sérstakur

„Þetta lætur manni líða eins og maður sé dálítið sérstakur.“

LOGI GEIRSSON, LANDSLÍÐSMAÐUR Í HANDBOLTA, UM MÓTTÖKURNAR Í MIÐBORGinni Á MIÐVIKUDAG.
Morgunblaðið, 28. ágúst.

tilveran

nær og fjær

HVAD ER AÐ FRÉTTA? GYLFI BLÖNDAL SKEMMTANASTJÓRI ORGAN

Vaknar alltaf glaður með kærustunni

„Það er allt fínt að fréttá af mér,“ segir Gylfi Blöndal, skemmtanastjóri á tónleikastaðnum Organ. „Ég er svolítið spennur að komast í fri er ég er á leiðinni í tónleikarferðalag með Borko og Seabear um Evrópu um miðjan september.“ Gylfi segir það kærkomna tilbreytingu að komast aftur upp á svið. „Nú er ég búinn að vera í heilt ár á bak við tjöldin svo að þetta verður nýtt og skemmtilegt.“ Gylfi segist annars vera mjög mjúkur þessa dagana. „Ég er svo ástfanginn af kærustunni minni. Ég vakna alltaf glaður með henni,“ segir Gylfi. „Hins vegar er ég afskaplega leiður yfir því að kveðja Helga Alex-



ander vin minn sem er að flytja til Lundúna um mánaðamótin. Það er mikill missir að svona góðum félagi.“ Rekstur Organ er nú kominn á annað ár og gengur vel. „Við förum spenn inn í haustið með mikið af tónleikahaldi sem endranær. Við erum orðin mjög spenn fyrir landsmóti tónlistarmanna í október, Iceland Airwaves, og hlökkum til að taka þátt í því aftur,“ segir Gylfi og bætir við að þetta sé líka „skemmtilegasta tónlistarhelgi ársins.“ Tónlistarspurningakeppnin Poppkviss hefst á ný í haust. „Keppnin gekk svo vel að við verðum að halda henni áfram.“

KÁKASUSFJÖLL

TVEIR FJALLGARÐAR

■ Kákasushéruðin hafa verið í fréttum undanfarið vegna átaka Rússa og Georgíumanna um Suður-Ossetíu og Abkasíu. Kákasushéruðin eru kennd við Kákasusfjöll, sem eru tveir fjallgarðar sem liggja milli Svartahafs í vestri og Kaspíahafs í austri. Sunnan megin við syðri fjallgarðinn er Íran, en norðan megin við nyrðri fjallgarðinn eru rússnesku Kákasushéruðin, þar á meðal Ingúsetía, Téténía og Dagestan. Á sléttunni milli fjallgarðanna eru síðan Georgía, sem er Svartahafsmegin, og Aserbaíðjan við Kaspíahaf. Elbrusfjall, sem er syðst í Rússlandi, er hæst Kákasusfjallanna, og gnæfir 5.642 metra upp í loftið.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Amerískir GE kæliskápar

GE kæliskáparnir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir



General Electric

GCE21LGWFS

Stærð: h 176 x b 90,9 x d 60,7 sm

Með ryðfríum stálhurðum

381 ltr. kælir og 173 ltr. frystir

Orkunotkun: A

GE kæliskápur verð frá kr.:

229.900

EIRVÍK -hággæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200


Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

GULA FLUGAN Einn landnemanna sem sést hér á vegg hefur enn ekki fengið íslenskt nafn. Hún er einfaldlega kölluð gula flugan. Fræðiheitið yfir hana er hins vegar *Lyciella rorida*.



Pöddur nema land

Allnokkrar pöddutegundir, áður óþekktar hér á landi, hafa nú numið land í gördum landsmanna, að sögn Erlings Ólafssonar skordýrafræðings hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hann telur þær hafa getað borist hingað með innfluttum moldarhnausum, líkt og hinn illræmdi Spánarsnigil, og vill láta banna slíkan innflutning.

„Það virðist vera eitthvað að gerast í gördum landsmanna,“ segir Erling. „Þar virðast nýjar skordýrategundir, sem ekki hafa sést hér áður, vera að skjóta upp

kollinum og ná sér á strik.“ Erling segir íslensk heiti yfir pöddurnar ekki vera til, þar sem þær hafi verið óþekktar hér á landi. Umræddar tegundir fyrirfinnst í hinum ýmsu Evrópulöndum.

„En þetta eru engin skaðræðisdæmi, líkt og Spánarsnigillinn,“ útskýrir hann og bætir við að sá vágstur finnst nú orðið í nokkrum mæli hér á hverju ári.

Spurður um hugsanlegar skýringar á hingaðkomu þessara nýju landnema segir Erling að til landsins séu fluttar alls kyns gróðurvörur í miklum mæli.

„Sumt af þessu kemur hingað í jarðvegshnausum, sem ætti að vera alfarið bannað. Það er fleira í jarðveginum en það sem sést

með berum augum. Það eru alls kyns örveirur, bakteríur og sveppir sem geta verið ansi skaðlegir,“ bætir hann við. „Þá getur aukin gróska í gördunum verið hluti skýringarinnar, auk þess sem það er að hlýna. Þetta helst allt í hendur.“

Varðandi innflutninginn á jarðhnausum segir Erling það sína skoðun að alveg sé út í hött að vera að flytja jarðveg milli landa. Vilji menn flytja inn plöntur eigi að gera það með öðrum hætti, svo sem í formi fræja eða stiklinga. Það minnki líkurnar á því að heilmikið lífríki sem enginn viti með vissu hvað innihaldi sé flutt til landsins.

jss@frettabladid.is

VIKA 30

DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier
Komin heim frá Sýrlandi

„Ég kom heim frá Sýrlandi í síðustu viku en er ennþá bergnumin yfir öllu því sem ég upplífi. Þetta var yndislegt frí, frábær matur, menning og saga og hjálpssemi og góðmennska fólksins sem ég hitti snart mig mjög. Að því sögðu verð ég að segja að ég er glöð að vera komin aftur heim til Íslands, þrátt fyrir að hafa yfirgefið 40 gráðu hita á Sýrlandi og komið hingað í 6 gráður. Ég er ennþá formaður Koszmó sem er stúdenta-félag fyrir útlendinga sem stunda nám í íslensku við Háskóla Íslands. Við erum að skipuleggja viðburði fyrir erlenda nema, hjálpum þeim að koma sér fyrir og aðlagast nýjum lífsháttum hér á Íslandi.“



Junphen Sriyoha
Vinkonan farin til Póllands

„Ég kíkti í miðbæinn síðastliðinn föstudag með nokkrum vinum mínum,“ segir Junphen um atburði síðastliðinnar viku. „Við höldum kveðjupartí fyrir vinkonu mína sem var að flytja aftur út til Póllands. Eftir partið förum við svo niður í bæ til að skemmta okkur saman.“ Junphen segir margmenni hafa verið í veislunni og þar hafi verið mikið fjör. Hún er nokkuð leið yfir að sjá á eftir vinkonunni enda hafa þær leigt saman íbúð í sumar. „Hún þurfti að fara aftur heim til Póllands þar sem hún er að fara í skóla. Á laugardaginn fylgdu henni út á flugvöll en eftir það var ég bara of þreytt til að fara aftur í bæinn svo ég missti af menningarnótt.“



Algirdas Slapikas
Stoltur af gengi landsliðsins

Algirdas er hæstánægður með móttökurnar sem Félag Litháa á Íslandi fékk á menningarnótt. „Þetta gekk mjög vel og það prófuðu margir að skjóta á körfuna. Svo þótti mér gaman að fylgjast með móttöku karlalandsliðsins í handbolta,“ segir Algirdas sem fylgdist með hátíðarhöldunum í sjónvarpinu. „Einkum þótti mér gaman að sjá stjórnmálamenn fylgja landsliðinu og styðja það. Handboltamennirnir eru þjóðhetjur á Íslandi. Þeirra á meðal er Alexander Petersson sem er, eins og við vitum, af erlendum uppruna sem mér þykir sérstaklega skemmtilegt. En að sjálfsgögu var ég mjög stoltur af þeim öllum.“



Láttu drauminn rætast



Ekki missa af þessu!

Afsláttardagar í ágúst



30%
afsláttur

Chiro Collection
heilsurúm




30%
afsláttur

Recor
svefnsófar



20%
afsláttur

Stillanleg rúm
með heilsudýnu



20%
afsláttur

Temprakon
hitajöfnunarsængur

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16
Sími: 588 8477

Betra
BAK

Barnaspítali Hringsins styrktur:

Meðferð vegna offitu barna efl

Barnaspítali Hringsins hefur fengið 2,5 milljóna styrk frá Thorvaldsensfélaginu. Þetta kemur fram á vef Landspítala Háskólasjúkrahúss.

Styrkurinn er til gerðar meðferðarefnis fyrir of feit börn og fjölskyldur þeirra. Offita barna hefur aukist á undanförunum árum en meðferðarúrræði hafa verið af skornum skammti.

Á undanförunum árum hefur Barnaspítalinn þróað meðferð vegna offitu barna. Yfir 100 fjölskyldur hafa farið í gegnum námskeiðið „Heilsuskólinn.“ Meðferðarefnið þar er að bandarískri fyrirmynd en nú verður það lagað að íslenskum, aðstæðum.



OFFITA BARNNA HEFUR AUKIST Yfir hundrað fjölskyldur hafa farið í gegnum námskeiðið „Heilsuskólinn“ með góðum árangri. NORDICPHOTOS/GETTY

- hj

FBL-GREINING: ÚÍGÚRAR Í XINJIANG-HÉRAÐI Í KÍNA

Múslimaþjóð í Kína

Tibetar eru ekki eina minnihlutajjóðin innan landamæra Kína sem telur á sér brotið og unír því illa að lúta stjórnvöldum í Peking. Úígúrar sem búa í Xinjiang-héraði vestast í Kína eru önnur slík þjóð. Meðan á Ólympíuleikumum í Peking stóð voru tvö sprengjutílraði framín af herskám aðskilnaðarsinum úr þeirra röðum til að vekja athygli á baráttu þeirra. Og í gær fréttist af átökum lögreglu og uppreisnar-úígúra í Xinjiang.



Hverjir eru úígúrar?

Úígúrar eru múslimaþjóð náskyld öðrum Mið-Asíuþjóðum á borð við úsbeka, túrkmena og kasaka. Þær tala allar mál skyld tyrknesku. Snemma á 20. öld lýstu úígúrar yfir sjálfstæði, en kommúnistastjórnin í Kína náði fullum yfirráðum yfir búsvæði þeirra árið 1949. Opinberlega er Xinjiang lýst af yfirvöldum í Peking sem sjálfstjórnarhéraði, líkt og Tíbet sem er suður af Xinjiang.

Hvað veldur áhyggjum Kínverja af úígúrum?

Kínversk yfirvöld segja herskáa úígúra hafa háð ofbeldisfulla baráttu fyrir sjálfstæðu ríki. Þeir hafi í þeirri baráttu ekki skirrt við að beita hryðjuverkum, sprengjutílraðum, skemmdarverkum og æsa til uppþota. Síðan flugránsárásirnar voru gerðar í Bandaríkjunum 11. september 2001 hafa stjórnvöld í Peking leitast við að lýsa aðskilnaðarsinum úígúra sem íslömskum öfgamönnum og samherjum al-Kaída-hryðjuverkanetsins. Þau hafa sakað þá um að sækja andlega innrætingu og skærulíðaþjálfun hjá íslömskum öfgamönnum í grannlandinu Afganistan. Fáar haldbærar sannanir fyrir þessum fullyrðingum hafa þó komið fram. Meðal fanganna sem Bandaríkjamenn hafa haldið föngnum í Guantanamo-herbúðunum á Kúbu eru 20 úígúrar, sem teknir voru höndum í Afganistan.

Hvað saka úígúrar Kínverja um?

Formælendur úígúra saka kínversk stjórnvöld um að vinna markvisst að því að bæla niður trúarbrögð og menningar- og atvinnulegar hefðir úígúra. Á undanliðnum áratug hafa margir framámenn úr röðum úígúra verið fangelsaðir eða leitað hælís erlendis eftir að hafa verið sakaðir um aðild að hryðjuverkum.

FRÉTTASKÝRING: Verðtrygging

Verðtrygging lána er vörn gegn verðbólgu

Deildar meiningar eru um verðtryggingu lána, en hækkan húsnæðislána undanfarið hefur vakið umræðu um hana. Neysluverðsvisitala liggur til grundvallar verðtryggingu og því getur hækkan á einum vörflokki leitt af sér hækkan á afborgunum og höfuðstóli lána. Verðtryggingu var komið á árið 1979, en fyrir þann tíma var hún ólöglega á lánnum.

Hér á landi var ólöglegt að verðtryggja lán til ársins 1979, þótt til væru verðtryggð ríkisskuldabréf fyrir þann tíma. Árið 1979 var mikil verðbólga hér á landi, lánbrunnu upp og einnig innistæður fólks. Alþingi setti þá lög, sem nefnd voru Ólafslög, þar sem verðtrygging var heimiluð. Hún varð fljótlega mjög útbreidd, nánast algild, ekki síst vegna hinnar miklu verðbólgu.

Árið 1984 voru sett tímamörk um verðtryggð lán og er verðtrygging útlána til skemmri tíma en fimm ára óheimil og innlána til skemmri tíma en þriggja ára. Verðtrygging, í sinni einföldustu mynd, felur í sér að einhver upphæð, til að mynda á láni, helst óbreytt að kaupmætti þrátt fyrir verðlagsbreytingar. Það á því að vera hægt að kaupa nokkurn veginn sömu vörur fyrir hana þrátt fyrir hækkanir.

Hagstofan reiknar mánaðarlega út neysluverðsvisitölu og á henni er verðtryggingin byggð. Meðalhækkan á vörum og þjónustu sem dæmigerð íslensk fjölskylda kaupir hækkar því afborganir á lánnum.

Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, segir verðtryggingu fátíða í löndum þar sem verðlag er sæmilega stöðugt. „Í stöðugu verðlagi er verðtrygging nánast óþekkt. Hins vegar hefur hún verið tekin upp í löndum sem hafa átt í vandræðum með verðbólgu og Ísland er tvímælalaust eitt þeirra landa.“

Verðbólga hefur ekki mælst hærrí hér á landi síðan í júlí árið 1990. Síðastliðna tólf mánuði hefur visitala neysluverðs hækkað um 14,5 prósent og hækkan í ágústmánuði var 0,9 prósent frá því í júlí, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands.

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá gagnrýni Alþýðusambands Íslands á tvær opinberar stofnanir, Íslandsþóst og Ríkisútvarpið, fyrir fimm prósentu gjaldskrárhækkan. Sú hækkan hefur áhrif á neysluverðsvisitölu sem vegna verðtryggingar hefur aftur áhrif á lánin.

Jón Magnússon, þingmaður Frjálslynda flokksins, var fyrsti flutningsmaður tillögu flokksins um afnám verðtryggingar. „Verðtryggingin var tekin upp miðað við óeðlilegar aðstæður í íslensku samfélagi. Þær hafa breyst og því eðlilegt að leggja verðtrygginguna niður,“ segir Jón.

Hann segir verðtrygginguna afar slæma fyrir neytendur. „Við höfum haldið þessum afarkostum þannig að hver einasta verðbreyting í veröldinni er á ábyrgð neytenda. Við erum með tilbúna reikningsvisitölu sem hefur ein áhrif á kjör almennings. Einn dag í mánuði er verð kannað og það hefur ein áhrif á afborganir og höfuðstól lána.“

Björgvin Sigurðsson viðskiptaráðherra segir fráleitt að ætla sér að leggja verðtryggingu af við núverandi aðstæður. „Það er populísk afstaða að vilja afnema verðtryggingu. Verðtryggingin sem slík er ekki vandamálið, heldur það



HÚSNÆÐI Vegna verðtryggingar hækka húsnæðislán í takti við hækkan á visitölu neysluverðs. Almennar verðlagshækkanir geta því valdið hækkan á höfuðstól sem og afborgunum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL



GYLFI MAGNÚSSON



JÓN MAGNÚSSON

ótrygga ástand sem við búum við. Ég tel að hún sé dapur fylgifygur krónunnar og á meðan við erum með okkar sjálfstæða gjaldmiðil þá búum við við verðtryggingu.“

Gylfi tekur undir þetta. „Verðtryggingin er merki þess að Íslendingar hafa lítið traust á gjaldmiðli sínum, sem hefur verið aumur alla tíð. Menn flýja því í verðtrygginguna, eða þá erlend lán. Krónan á sér svo slæma sögu að menn hafa ekki trú á henni. Óverðtryggð dugur hún því ekki nema fyrir skammtímaskuldbindingar,“ segir Gylfi.

Hann segir verðtrygginguna ekki vera vandamálið. „Hún er nánast sjúkdómseinkenni og menn takast ekki á við sjúkdóma með því að banna einkennin. Það þarf að ráðast að rótum vandans. Ef verðtryggingin er mönnum mikill þyrnir í augum er eina leiðin að taka upp annan gjaldmiðil.“

Gallinn við verðtryggingu er að tók Seðlabankans á stjórn hagþróunar eru minni en ella þegar hún er landlæg. Það er erfiðara fyrir bankann að hafa áhrif á vexti á verðtryggðum lánnum og það er hluti af vanda bankans núna.“

Gylfi segir að á sínum tíma hafi verðtryggingin verið tekin upp vegna þess að óverðtryggð kerfið hafi gjörsamlega hrundi. „Það var ekkert framboð á lánsfé og enginn vildi spara, skiljanlega. Það þurfti að þvinga menn til þess með skyldusparnaði.“

Gylfi og Björgvin telja báðir að afnám verðtryggingar hefði þau áhrif að framboð á lánsfé mundi minnka til muna. Viðskiptaráðherra telur hana einnig geta komið hinum verst settu verst. „Þá værum við að horfa á lán með breytilegum vöxtum og í verðbólgukskoti gæti það sett fólk á hliðina á augabragði,“ segir Björgvin.

„Samsetningu neysluvisitölnunnar má vel skoða. Við erum til dæmis með húsnæðisliðinn inni í visitölnunni, en ekki Bretar. Það er eðlilegt að menn velti þessu fyrir sér þegar menn sjá höfuðstólinn hækka um margar milljónir. Þá má ekki gleyma hinni hliðinni sem er sú að verið er að verðtryggja sparifé fyrir fjölda fólks og einnig lífeyrisjóðina. Heil kynslóð missti allt sitt sparifé fyrir verðtryggingu.“

Jón Magnússon segir að skyn-

VÍSITALA NEYSLUVERÐS

Visitala neysluverðs samanstendur af fjölda af undirvisitölum. Hér fara helstu flokkarnir, en margir þeirra skiptast í enn fleiri undirflokk. Hækkan á hverjum þessara flokka hefur áhrif á verðtryggð lán:

Braud og kornvörur
Kjöt
Fiskur
Mjólk, ostar og egg
Oliur og feitmeti
Ávextir
Grænmeti, kartöflur o.fl.
Sykur, súkkulaði, sælgæti o.fl.
Aðrar matvörur
Kaffi, te og kakó
Gosdrykkir, safar og vatn
Áfengi
Tóbak
Fatnaður
Greidd húsaleiga
Reiknuð húsaleiga
Viðhald og viðgerðir á húsnæði
Annað vegna húsnæðis
Rafmagn
Hiti
Húsgögn og heimilisbúnaður
Vefnaðarvörur
Raftæki
Borðbúnaður, glös, eldhúshöld
Verkfæri og tæki fyrir hús og garð
Ýmsar vörur og þjónusta
Lyf og lækningavörur
Heilbrigðisþjónusta
Kaup ökutækja
Bílar
Rekstur ökutækja
Varahlutir
Bensín og oliur
Viðhald og viðgerðir
Annað vegna ökutækja
Flutningar á vegum
Flutningar í lofti
Flutningar á sjó
Póstur
Símaþjónusta
Sjónvörp, myndbönd, tölvur o.fl.
Tómstundir, stærri tæki o.fl.
Tómstundavörur, leikföng o.fl.
Íþróttir, fjölmiðlun og happdrætti
Blöð, bækur og ritföng
Pakkaferðir
Menntun
Veitingar
Gisting
Snyrtung og snyrtivörur
Skartgripir úr o.fl.
Félagsleg þjónusta
Tryggingar
Fjármálaþjónusta (ótalin annars st.)
Önnur þjónusta (ótalin annars st.)

samlegt væri að taka upp annan gjaldmiðil. „Það er hins vegar ekki forsenda þess að leggja verðtrygginguna af. Það þarf að gera aðrar ráðstafanir, taka upp reglur um sveigjanlega vexti og viðtækari möguleika varðandi uppgreiðslur lána, eða hraðari afborganir. Verðtryggingin er ekki eina leiðin til þess að tryggja greiðslur lána.“

Það er umhugsunarvert að á meðan krónan var í hvað mestu hágangi þá hafði það engin áhrif á neysluverðsvisitölu. Hún er sterkari en nokkur gjaldmiðill og í staðinn fyrir að lán og afborganir lækkuðu þá hækkuðu þau vegna visitölnunnar,“ segir Jón.



FRÉTTASKÝRING

KOLBEINN OTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

Costa del Sol

í september

frá 19.990

Allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu flugsætunum til Costa del Sol í september. Í boði eru flugsæti aðra leið, þ.e. frá Keflavík til Malaga, 4., 11. og 18. september. Gríptu tækifærið og tryggðu þér flugsæti á frábærum kjörum til þessa vinsælda sumarleyfisstað Íslendinga.

Verð kr. **19.990**

Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum (Keflavík-Malaga). Sértilboð 4., 11. og 18. september.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Byrjunarlið Íslands í handbolta kæmist fyrir inni í þessum bíl



Captiva er sérstaklega vel útbúinn **7 manna** sjálfskiptur sportjeppi á frábæru verði

KR. 4.582.000,-

VIÐ AUGLÝSUM EKKI VERÐ FRÁ

Áfram Ísland!

**Bílaúð
Benna**
590 2000 • www.benni.is

Reykjavík
Bílaúð Benna
Tangarhöfða 8-12
Sími 590 2000

Akureyri
Bílasalan ÓS
Njarðarnesi 1
Sími 462 1430

Egilsstaðir
Bílasala Austurlands
Fagradalsbraut 21-23
Sími 471 3005

Reykjanesbær
Bílahornid hjá Sissa
Brekkestíg 38
Sími 420 3300

CAPTIVA Chevrolet Captiva er glæsilegur sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og er útkoman áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbó dísilvél og 5 þrepa sjálfskipting, og þú getur valið um 5 eða 7 manna bíl. Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhöfðanum - Alltaf heitt á könnunni.



CHEVROLET

GÆÐI OG FRÁBÆRT VERÐ

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
4.233 -0,24%Fjöldi viðskipta: 156
Velta: 854 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ FÖROYA BANKI +4,61%
EXISTA +1,43%
ICELANDAIR +1,26%

MESTA LÆKKUN

↓ SPRON -2,78%
EIMSKIPAF. -1,73%
BAKKAVÖR -1,31%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,68 -0,15% ... Atorka 5,04 +0,00% ... Bakkavör 26,45 -1,31% ... Eimskipafélagið 14,20 -1,73% ... Exista 7,80 +1,43% ... Glitnir 15,35 +0,33% ... Icelandair Group 20,10 +1,26% ... Kaupþing 710,00 -0,42% ... Landsbankinn 24,00 +0,00% ... Marel 85,80 -0,46% ... SPRON 3,50 -2,78% ... Straumur-Burðarás 9,27 -1,07% ... Össur 90,80 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Niðurgreiðslur á olíu dýrar

Samkvæmt skýrslu sem Sameinuðu þjóðirnar birtu á þriðjudag eyða þjóðir heimsins 300 milljörðum dollara á ári í að niðurgreiða verð á olíu, kolum og jarðgasi. Mörg fátækari lönd Asíu og Afríku eyða meiru í að niðurgreiða orkuverð en þau leggja til heilbrigðismála eða menntunar. Mestar eru niðurgreiðslurnar í Rússlandi, 40 milljarðar á ári, en fast á hæla Rússa koma Íranir, Kínverjar og Sáði-Arabar.

Duldar niðurgreiðslur eru þó enn meiri, en í fyrra áætlaði Cato-stofnunin að óbeinn kostnaður bandarískra skattgreiðenda af ýmsum niðurgreiðslum til olíufyrirtækja hefðu verið á bilinu 78 til 158 milljarða dollara á ári. Er þá talið með hernaðarstuðningur við olíuframleiðendur í Mið-Austurlöndum og Afríku.

Gróðurhúsaáhrif og niðurgreiðslur

Í skýrslu Sameinuðu þjóðanna er staðhæft að niðurgreiðslurnar, sem eru réttlættar sem stuðningur við fátæka neytendur, gagnist yfirleitt hinum efnameiri sem nota meira af orku og hafa efni á að kaupa bíla. Það sem verður er, þær ýti undir olíunotkun, teji þróun umhverfisvænni orkugjafa og séu alvarlegur dragbítur á hagvöxt.

Sameinuðu þjóðirnar telja að niðurgreiðslur á olíu, gas- og kolanotkun kosti um 0,7 prósent af landsframleiðslu heimsins. Til samanburðar má nefna að Sameinuðu þjóðirnar telja að það myndi kosta 1 prósent af landsframleiðslu heimsins að ná yfirlýstum markmiðum um samdrátt í útblæstri gróðurhúsa-lofttegundna fyrir árið 2050.



MARKAÐSPUNKTAR

Hrávöruverð á heimsmarkaði var í byrjun þessarar viku hið lægsta frá áramótum, að því er fram kemur í Hagvísunum Seðlabankans. Fyrstu fjórar vikur ágúst var olíuverð 15 prósent lægra að meðaltali en í júlí. Áverð var um 8 prósent lægra á sama tíma.

Endurskoðaðar hagvaxtartölur frá viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna sýna nú 3,3 prósent hagvöxt á öðrum ársfjórðungi, í stað 1,9 prósent áður. Breytingin skýrist af meiri útflutningi en fyrstu tölur gáfu til kynna, auk meiri ríkisútgjalda.

Landsvaki hagnaðist um 70,5 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær. Á sama tímabili í fyrra nam hagnaðurinn 50,7 milljónum króna. Aukningin nemur 39 prósentum. Eiginfjárlutfall félagsins er 60,54 prósent.

Eden enn í rekstri

„Reksturinn er í gangi og verður það áfram,“ segir Arnþór Jón Egilsson, sem hefur haft rekstur veitingastaðarins og blómastöðvarinnar Eden í Hveragerði með höndum.

Eden ehf., sem áður sá um reksturinn, hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Sparisjóður Suðurlands leysti fasteignir félagsins til sín á nauðungaruppboði í sumar.

Ólafur Elíasson sparisjóðsstjóri segir að eignin sé í leigu hjá nýjum aðilum en sparisjóðurinn hafi fengið tilboð um að selja eignina. „Þetta er menningarstofnun,“ segir hann, „og við höfum heyrt í bæjaryfirvöldum um að varðveita ímynd þessarar starfsemi.“

Arnþór Jón segir að vel hafi gengið í sumar og hann sé bjartsýnn á framhaldið.

- ikh

Verðbólga og gengi hækka skuldirnar

„Verðbólgan ein og sér eykur skuldirnar þótt ekki væri annað. Svo hefur gengið lækkað líka,“ segir Asgeir Jónsson, forstöðumaður Greiningardeildar Kaupþings.

Samkvæmt tölum Seðlabankans jukust heildarskuldir íslenskra heimila við bankana um fjórtán milljarða króna í síðasta mánuði. Heildarskuldin nemur nú 963 milljörðum króna. Stór hluti skuld-



ASGEIR JÓNSSON

anna er gengisbundinn, tæpur fjórðungur.

Hlutfall þeirra af heildarskuldum hefur farið hækkanði frá áramótum. Það skýrist af gengisfalli krónunnar, segir Greiningardeildin.

Heildarskuldir fyrirtækja lækkuðu um ellefu milljarða í júlí. Þær hafa hins vegar aukist um ríflega þriðjung á árinu.

- ikh

Moss Bros breytir til

Talsverð uppstokkun varð á stjórn bresku herrafataverslunarinnar Moss Bros í kjölfar þess að Rowland Gee, afkomandi stofnenda verslunarinnar, seldi meirihlutaeign sína í vikunni. Tveir stjórnendur hverfa á braut í hræringunum og koma aðrir í þeirra stað.

Á sama tíma skipti Moss Bros um viðskiptabanka, fór ásamt David Stoddart frá Teather & Greenwood, sem er í eigu Landsbankans, til Altium Capital, að sögn Financial Times.

Baugur, sem á um 29 prósentu hlut í Moss Bros, lagði fram tilboð í verslunina upp á 42 pens á hlut, jafnvirði um fimm milljarða króna á þávirði í enda febrúar.

Afkomendur stofnenda verslun-

arinnar, Moss- og Gee-fjölskyldurnar, voru andvígur tilboðinu frá upphafi. Töldu þær tilboðið alltof lágt og endurspegla ekki það verðmæti sem leyndist í félaginu. Um tíma leituðu þeir að meðfjárfesti til að bjóða með þeim í meirihluta Baugs í versluninni. Eignarhaldsfélag Lauru Ashley jók verulega við hlut sinn í versluninni á sama tíma.

Andstaðan gegn tilboðinu og hræringar í hluthafahópnum urðu til þess að ekkert varð úr formlegu ferli. Gengi hlutabréfa í versluninni tók dýfu í kjölfarið. Það stóð í 27,75 pensum á hlut í gær, sem er rúmlega 30 prósentum lægra en þegar Baugur lét til skarar skrifaða.

- jab

Danir telja árið gott

Danska fyrirtækið A.P. Møller-Mærsk, eitt stærsta skipaflutningafyrirtæki í heimi, hagnaðist um 11,6 milljarða danskra króna, jafnvirði 190 milljarða íslenskra, á fyrstu sex mánuðum ársins. Þetta er 58 prósentu aukning frá í fyrra.

Mestu munar um verðhækkunir á olíu síðastliðið árið en eitt félag A.P. Møller-Mærsk stundar olíuleit í norðanverðri Afríku, í Kasakstan og Túrkménistan auk þess sem það á rétt á olíuleit í Norðursjó. Fyrirtækið hefur auknið olíuvinnslu upp á síðkastið.

Tekjur skipaflutningafélagsins námu rúmum 153 milljörðum danskra króna á tímabilinu sem er sjö milljörðum meira en í fyrra. Fyrirtækið segir horfurnar góðar það sem eftir lifir árs og þær muni nema 65 milljörðum danskra króna. Það er fimm milljörðum meira en



SKIP FULLT AF FARMÍ Skipaflutningarisinn A.P. Møller-Mærsk sér fram á gott ár í flutningum og olíuvinnslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

fyrra spár hljóðuðu upp á. Skipaflutningarisinn situr á digrum sjóðum og hefur gert tilboð í sænska skipaflutningafyrirtækið Brostrom upp á 2,8 milljarða danskra króna. Stefnt er á að greiða fyrir með lausafé.

- jab

Þriðjungur missir vinnuna hjá Ístaki

Ístak ætlar að segja upp 300 starfsmönnum frá þessum mánaðamótum og fram í nóvember. Starfsfólki hefur ekki verið tilkynnt um uppsagnirnar. Óvíst hverjir fara og hvort þeir fara allir, segir framkvæmdastjóri. Þá verða á næstu þremur mánuðum fækkað um 40 stöðugildi meðal blaðbera Fréttablaðsins.

„Við erum með um þúsund starfsmenn. Stórum verkefnum er að ljúka og sá samdráttur kallar á að við fækum hjá okkur,“ segir Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks.

Fyrirtækið hefur tilkynnt Vinnuálastofnun um hópuþsagnir. Þrjú hundruð manns verði sagt upp frá þessum mánaðamótum og fram í nóvember.

Loftur segir óákveðið hverjum verði sagt upp. Verklökin kalli á uppsagnir og reglur krefjist þess að greint sé frá þeim með miklum fyrirvara.

Yfir þrjú hundruð manns starfa við Hraunaveitu, sem tengist framkvæmdum við Kárahnjúka, á vegum Ístaks. Því verki lýkur að mestu nú í haust. Þá hefur félagið unnið við breikkun Reykjanesbrautar, við Nýbýlaveg í Kópavogi, húsnæði Bauhaus við Vesturlandsveg og víðar. Stór hluti starfsmanna Ístaks er erlendir. Loftur vill ekkert um það segja hvort uppsagnirnar bitni á erlendum starfsmönnum sérstaklega, eða þeim sem starfað hafa við Hraunaveitu. „Við höfum ekki ákveðið hverjum verður sagt upp og við höfum ekki greint starfsmönnum frá þessu,“ segir hann og bætir því við að ekki sé ljóst hvort ný verkefni komi til þegar líður á haustið. „Það er ekki útilokað að



E240 m/öllu ekinn 142 þús. 18" felgur fallettur bíll. engin skipti. S.8477663



MMC Lancer 99'árg, hlaðun aukahlutum, vetradekk fylgja Tilboð óskast Uppl í síma - 8213693



Mitsubishi Outlander ssk. 2005. Einn eigandi. Vel með farinn og fallettur bíll. Ekinn 50.þús 17" álfelgur og vetrar á álf Dráttarbeiðni ofl. Ekkert áhvílandi. uppl. í s. 898-8228



Toyota HiLux Double Cap 3,0 Diesel árg 2007 ekinn 33þ. 33" Dekk Hús.Og fl fl. S: 898 2811.

Til sölu flottur bíll, Peugeot 206, árg. '99, ek. 115 þ.km., litur rauður. Ásett verð 300 þús. Ný tímareim + bremsudiskar, verður nýskoðaður. Uppl. Bílasprautun SMS, Smíðshöfða 12, 868 8317 & 849 5768.

Til sölu Ford Explorer Eddie Bauer árg. '92 nýsk. '09 Uppl. í s. 862 9145.

Til sölu líti sparibaukurinn minn, Opel Corsa '98. Ek. rétt um 100 þús. km. Skoðun án áthugasemda '09. Tvenn þór af dekkjum fylgja. Ásett v. 190.000. Uppl. í s. 866 9772.

0-250 þús.

Nissan Almera árg. '97, ssk., V. 160 þús. dráttarkrókur. Vw Passat árg. '97. V. 150 þús. Uppl. í s. 868 0490.

Toyota Corolla Sedan '93. Silfurgrá, ekinn 218 þ. Skoðuð '09. Á nýjum sumardekkjum og ný nagladekk fylgja. Er í góðu standi. Nýtt í dempurum, pústi og bremsubúnaði. Verð 150 þ. Uppl. í síma 869 4913.

1995 Toyota Corolla Station, sk '09, ný kúpling, nýjar bremsur, ný sumar og vetrardekk, mjög góðu standi, blágrænn, 170 þús. 895-5770

250-499 þús.



Ford Thunderbird '94, 3,8 superch, ssk., leður, rafm. í öllu. V. 450 þús. S. 820 6074.

1-2 milljónir



LAND CRUSER 90 ÁRG '99, 7 MANNA,SJÁLFSK,DIESEL,35" BREYTING,EKIN 172þ, NÝ SKOÐADUR S 8455007

2 milljónir +

Chevrolet Malibu HYBRID



7,4 L/100 km!
11% afbætur - ókeypis skýring
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fánlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



Rúta, skólabíll Renault Master '05, 17farþega,ek.114þ mjög góður bíll verð 3,7m áhv.ca.3m ekkert mál að skrá niður í minna próf. uppl. í síma 896-8212



Dodge Durango Viperlook SLT 2006 ek. 43 þús, eyðslulækku.kubb., eyðir innanb. 17L/12,8 L utab. plússákl, verð 3.590. Hagstætt erl.lán 4.14% afb.50, Birgir 8202223

Bílar óskast

Vantar sjálfskiptann/framhjóladrifinn og skoðaðann bíl(eða bíl í lagi) á allt að 300þúsund stgr. S 8936959. eða drf@simnet.is

Okkur vantar allar tegundir bíla á skrá og á staðinn. T.D. Bíla á verðb. 100þús - milljón, Toyota allar gerðir, Peugeot og Renault allar gerðir. X4 ehf. S: 565-2500. www.x4.is

Vil kaupa vélavana Opel Astra 1998-2004 eða bíl sem þarfnast lagfæringa á gangverki. sími 5628811

Óska eftir bíl ekki eldri en 1998 Fyrir 20 til 150 Þúsund. Margt kemur til greina. S: 895 2811.

Jeppar

Mercury Mariner HYBRID



6,9 L/100 KM!
11% afbætur - ókeypis skýring
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 552 000. Hybrid-bílar eru nú fánlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



Volvo Fm 12 380 árg.2000 19 tm Palfinger krani krókheysi,Krabbi árg.06 og pallar efnispallur og flatpallur með sliskjum árg.06. Radió fjarstýring 6 líða. Fæst á 8 millis eða gegn yfirtöku á láni. Möguleiki á að láta ehf fylgja með ef áhugi er á því. Upplýsingar í síma 892-8500 eða 892-6202

Toyota corolla '98 ekinn 129þús, breyttur skemmtilegur bíll, skoðun '09, s: 8926558 Óli.

Cavalier hvolpar til sölu. 2 rakkar með ætbok. upplisarar.is.8465310

Pallbílar


Nú er tækifæri! Pallbílar



Frábær tilboð!
11% afbætur - ókeypis skýring
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Mikið framboð af pallbílum vestanhafs. Griptu tækifærið og gerðu góð kaup. Dæmi um 2007/2008 bíla: Ford F350 frá 2.790 þús., Dodge Ram 2500 frá 2.500 þús., Toyota Tacoma frá 1.460 þús., GMC Sierra C/K 1500, frá 1.690 þús. Sími 552 2000. www.islandus.com.

Mótorhjól



Eigum til vélhjólafatnað í öllum stærðum á karla og konur á frábæru verði. Goretex, leður, hanska og stigvél. Vandaður, vatnsheldur og hlýr. Langbesta verðið á landinu. Opíð á kvöldin og helgar. Ský Trading Reykjanesbæ. S. 892 1116 & 892 5005.

Fjórthjól 4x4 óskast er með Ford Econoline húsbíl árg 1991 í skiftum, góð innrétting en þarfnast lagfæringa á bodddýi. Uppl gefur þorsteinn í síma 8950582/4512649

JCB 8017 árg. '03, notuð 2 þúsund tíma + nýleg vélakerra. Verð 1700 þús + vsk. Uppl. í s. 663 1410

Mótor & Sport



Vorum að fá nýja sendingu af 250cc hippum. Litir: blár, vínráður og svartur. 5 girar, þjófavörn, fjarstart, rollbar, töskur og með framgleri. Verð 380 þús.



X Motors Pit Bike 125 cc, 149 þús, 2 litir. X Motors Dirt Bike 250 cc, 249 þús. 2 litir.



Vorum að fá krosshjálma í þremur litum og vespu/mótorhjólaljálma í þremur litum. Einnig barna krosshjálmar. Verð 12.900 kr.

Mótor og sport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is



Til sölu. Kawasaki KLE 500 árg. '06. ek. 2.500 þ. km. V. 550 þ. stgr. Uppl. í s. 868 0050.



Til sölu Yamaha R6 SPV 04/'08 Ek. 460km. Glæsilegt hjól. Verð 1390 þ. Tilboð óskast. Óli 770 7242 og 823 1656.



Hjólíð er í finu standi, nýbúið að taka mótor í gegn, skipt um stimpil+hringi,nýr blöndungur+jettar, yosimura pústkerfi og nerfars og fl. Verð:450.000kr. Ekkert lán er á hjólinu. Sími: 8986979

Fjórthjól 4x4 óskast er með Ford Econoline húsbíl árg 1991 í skiftum, góð innrétting en þarfnast lagfæringa á bodddýi. Uppl gefur þorsteinn í síma 8950582/4512649

Vinnuvélar
JCB 8017 árg. '03, notuð 2 þúsund tíma + nýleg vélakerra. Verð 1700 þús + vsk. Uppl. í s. 663 1410

FÖSTI DAGUR

29. ÁGÚST 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLADSINS

EIDÍS ANNA BJÖRNSDÓTTIR


Nýr ritstjóri
Innlits/útlits

NANNA BJÖRG LÚÐVÍKSDÓTTIR

Gaf GUCCI, Prada og
Versace-skó á SUK-
markaðinn

Lára Ósk Hjörleifsdóttir


Fataskápurinn eins og vígvöllur ýmissa átaka



Ný garnsending
Ný Drops blöð



Dalvegí 18, Kóp. Sími 568 6500 www.fondra.is
opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16



HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

Katla Margrét Þorgeirsdóttir leikkona

Helgin verður róleg því ég er með ung- barn á heimilinu sem ræður ferðinni. Við horfum alveg örugglega á 2. þátt af Ríkinu í kvöld. Ég mæli með þeirri seríu. Mæli líka með hárgreiðslunni á yfirmanninum þar á bæ, sem er leikinn af Þorsteini Bachmann snillingi. Á laugardag tókum við sjálfsgagt góðan göngutúr með yngsta fjöl- skyldumeðliminn. Þá er ekki úr vegi að enda á Gló, en það er frá- bær veitingastaður og vill svo vel til að hann er í nágrenninu. Á sunnudag ætlum við í bió að sjá Skrapp út. Hlakka til að sjá þá mynd.



Í leðurvesti í Peking

Auðjofurinn Björgólfur Thor Björgólfsson lætur nýj- stu tískutrendin ekki framhjá sér fara og er yfirleitt klæddur eins og kvikmyndastjarna. Þetta sannaði hann á Ólympíuleikunum í Peking þegar hann mætti í svörtu leður- vesti á úrslitaleikinn. Hingað til hafa slík vesti ekki verið áber- andi nema kannski í Gleðigöng- unni á Gay Pride en í vetur verður leðrið áberandi í vetr- artískunni. Ef þú vilt taka Björgólf þér til fyrirmyndar þá eru slík vesti fánleg í verslun- inni Kos á Laugavegi.

Björgólfur Thor klæddist leðurvesti á Ólympíuleik- unum í Peking. Þú getur fengið þér samskonar vesti í versluninni Kos.

MYNDVILLI



fréttir

FRÆGA FÓLKID Á NESINU.

Eftir að líkamsræktarstöðin World Class var opnuð á Seltjarnarnesi hefur stöðin orðið ansi vinsæl hjá þeim sem meira mega sín. Það gæti verið fallett útsýni sem trekk- ir að eða kannski minnr stöðin svo mikið á einkaklúbb að fræga fólk- inu líði eins og í VIP-herbergi. Geir Haarde hefur verið duglegur að mæta í ræktina ásamt Skúla Helga- sýni, framkvæmdastjóra Samfylk- ingarinnar, þótt þeir hafi kannski ekki mætt saman. Ágúst Guð- mundsson í Bakka- vör, Úlfur Eldjárn, Gerður Kristný rit- höfundur og Jón Atli Jónasson hafa líka sótt stöðina af kappi eins og í sést á fallegum kroppum þeirra.



FÖSTUDAGUR

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Ritstjóri Marta María Jónasdóttir
 martamaria@365.is
Blaðamaður Alma Guðmundsdóttir
 alma@365.is
Forsíðumynd Arnþór Birkisson
Útlitshönnun
 Arnór Bogason og
 Kristín Agnarsdóttir
Auglýsingar Sigríður Dagný
 Sigurbjörnsdóttir
 sigridurdagny@365.is sími 512 5462
Föstudagur Skaftahlíð 24
 105 Reykjavík, sími 512 5000

Nanna Björg Lúðvíksdóttir lét greipar sópa í fataskápnunum sínum

Gaf GUCCI, Prada og Vercace

Nanna Björg Lúðvíksdóttir, einn af þrjúmótör- um SUK-markaðarins í Perlunni lét sitt ekki eftir liggja. Hún er ein af best klæddu konum landsins og lét greipar sópa í fataskápnunum sínum til að gefa á markaðinn. Ekki var um nein kreppuklæði að ræða því hún gaf mestmegnis merkjavöru. Eitt af dótinu sem hún gaf voru skór frá GUCCI sem hún keypti á Flór- íða fyrir tveimur árum. „Þessum skóm fylgja bara góðar minning- ar en ég hef klæðst þeim nokkrum sinnum. Ég féll alveg fyrir þeim á sínum tíma því þeir eru svo fallegir á fæti. Ég hefði þó ef- laust notað þá oft- ar ef þeir væru ekki svona háhæl- aðir,“ segir Nanna Björg og brosir. Þetta eru þó ekki einu skór- ir sem hún lét af hendi því Nanna Björg gaf einnig skó frá Vercace og aðra frá hinni ítölsku Prada. „Ég heillaðist svo af þessu verkefni og öllu því sem Jóhanna Kristjónsdóttir hefur gert og ákvað að vera bara

svolítið gjafmild. Ég tók rækilega til í fataskápnunum mínum og þegar sex ára dóttir mín sá hvað ég var búin að taka til var hún ekki alveg sátt því hún sagðist getað notað skóna þegar hún yrði stærr. Þegar ég útskýrði verkefnið fyrir henni fór hún inn í herbergið sitt og kom fram með skóna sem hún klæddist þegar við maðurinn minn, Þórður Már Jóhannesson, giftum okkur fyrir tveimur árum,“ segir Nanna Björg. Fyrir þær sem sækjast í merkjavöru þá má nefna Dolce & Gabbana pels og Louis Vuitton tösku. Perlunni verður skipt niður í svæði og því ætti hver og einn að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.



Nanna Björg Lúðvíksdóttir var gjaf- mild þegar hún gaf á SUK markaðinn í Perlunni. Hér held- ur hún á skóm frá Gucci.



FYRIR



EFTIR



HAFÐU ÞAÐ AÐEINS BETRA

Pizza með 2 áleggstegundum kostar það sama og Margarita ef þú borgar með Stúdentakorti Glitnis á Eldsmiðjunni. Sæktu um Stúdentakortið á glitnir.is og gerðu lífið aðeins betra.

Í DAG OG Á MORGUN
LAUGARDAG

ALLT AÐ
FIMMTÍU
PRÓSENTA
AFSLÁTTUR

AF SÝNINGARVÖRUM

Hans J. Wegner
Borge Mogensen
Arne Jacobsen
Erik Magnussen
Philippe Starck
ofl.

epal



Ekki væri verra ef hús-gögnin myndu fylgja með!

Selur glæsiíbúðina

Guðmundur Þ. Guðmundsson landsliðsþjálfari hefur sett íbúð sína í Kópavogi, á sölu. Íbúðin er 153 fermetrar, með sér-ingangi, bílskúr og fjórum herbergjum, en auk þess er mikil lofthæð og flott lýsing í íbúðinni. Aðspurður segir hann ýmsar ástæður fyrir því að þau hjónin hafi sett íbúðina á sölu, en meðal annars hafi þau langað til að breyta til. Guðmundur segir að lægð á fasteignamarkaðnum að undanförunu hafi sitt að segja og því sé erfitt að selja. „Við skoðum þetta hugsanlega þegar



Kópavind 4.



Guðmundur Þ. Guðmundsson

markaðurinn tekur aftur við sér, en annars erum við mjög ánægð þar sem við erum,“ segir Guðmundur. Hann ætti þó ekki að órvænta því Hannes Steindórsson stjórnfasteignasali á Remax er með íbúðina og hann gæti selt ömmu sína ef hann langaði til.

Nýr ritstjóri Innlits/útlits

Nýr ritstjóri hefur tekið við starfi Þórunnar Högnadóttur í sjónvarpsþættinum Innlit/útlit. Hún heitir Eidís Anna Björnsdóttir og sér nú um undirbúning nýrrar þáttaraðar sem fer í loftið 23. september næstkomandi.

„Einhver benti á mig í starfið, en ég hef mikinn áhuga á innanhússhönnun og öllu sem henni tengist,“ segir Eidís sem var aðstoðarritstjóri þáttanna síðasta vetur, en hefur nú alfarið tekið við starfinu. Eidís hefur fjölbreytta starfsreynslu að baki. Árið 2003 útskrifaðist hún af fatahönnunarbraut Listaháskóla Íslands, en síðan þá hefur hún unnið að búningagerð fyrir Stelpurnar og Latabæ, verið verslunarstjóri í fatabúðinni Zöru og innkaupastjóri húsgagna-verslunarinnar Habitat. „Starfið er ólíkt því sem ég hef verið að gera áður, en tengist því samt á vissan hátt. Ég sé aðallega um að finna efni fyrir þættina, skipuleggja þá og vinna með pródúsent og klippara,“ útskýrir Eidís.

Þáttaröðin sem fer í loftið nú í september er sú níunda og alltaf virðist vera af nógu að taka, en er aldrei erfitt að finna efnivið í þættina? „Það er til nóg af efni svo maður þarf að velja vel. Fólk sendir líka gjarnan inn hugmyndir og þá þarf maður bara að meta hvað er spennandi,“ segir Eidís.

Aðspurð segir hún ýmsar breytingar vera í



Eidís Anna Björnsdóttir er 32 ára fatahönnuður með fjölbreytta starfsreynslu að baki.

skoðun og vissar nýjungar muni líklega eiga sér stað í Innlit/útliti í vetur. „Hugsanlega mun nýtt andlit sjást í þáttunum sem gestur og vera með sín eigin innslög. En það er á algjöru byrjunarstigi enn sem komið er,“ segir Eidís að lokum.

Ný og betri Ilse Jacobsen

Verslunin *Ilse Jacobsen* flutti í Litlatún í Garðabæ í síðustu viku. Af því tilefni var haldin smart teiti í tilefni af opnuninni. Eigendur verslunarinnar, Ragnheiður Óskarsdóttir og Halldór Thorsteinsson, voru alsæl með daginn enda var margt um manninn og mikið stuð. Haustvörurnar trektu líka að, nema hvað?



Telma Tómasson fréttakona og Birna Baldursdóttir dádust að haustvörnum.

Kristín Ásta, starfsmaður hjá Ilse, spjallaði við Mumma í Götusmiðjunni.

Ragnheiður Óskarsdóttir, eigandi Ilse Jacobsen. Með henni á myndinni eru Halldór Eyjólfsson og Sesselja Ómarsdóttir.

borgin mín KLAIPEDA
ODDGEIR EINARSSON lögmaður á Opus

MORGUNMATURINN:

Varske með jarðarberjum. Varske er einhvers konar mjólkurvara sem er á mörkum skyr og kotasælu sem er mjög gott að stappa ávexti út í.

SKYNDIBITINN:

Lítið um hefðbundna skyndibita þarna en mikið framboð af smáréttum með bjór, svo sem kjúklingavængjum, svínaeyrum og slíkt. Það er reyndar allt gott með bjórnum þeirra, Svyturyr Extra.

LÍKAMSRÆKTIN:

Að labba rólega um á ströndinni og leggja sig síðan. Einnig að fletta blaðsíðum bóka á útikaffihúsi.

UPPÁHALDSVERSLUNIN:

Þar sem ég er að reyna að standa vörð um karlímynd mína mun ég ekki kann-



ast við að eiga mér uppáhaldsverslun í þessari borg.

RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:

Metu laikai (á íslensku: Árstíðir)

BEST VIÐ BORGINA:

Góð strönd og fallegar konur.

fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

FJARNÁM

Skráning á haustönn fer fram 29. ágúst – 7. september á slóðinni www.fa.is/fjarnam



ÚTSALA

20-50% AFSLÁTTUR



ÞRÍHJÓL

20 – 30% afsl.

TILBOÐ FRÁ

Kr. 6.320



VIVI barnahjól

Með hjálpardekkjum og fót-bremsu. Bleikt stelpu og silfur/blátt stráka. 12,5", 14" og 16"

TILBOÐ

Kr. 8.900



GIANT MTX Fjallahjól

Álstell og dempari.

TILBOÐ

20" Kr. 19.120
24" Kr. 22.320



GIANT ROCK 26" fjallahjól

Álstell, fram dempari og 21. gír.

TILBOÐ

Kr. 26.320



BRONCO WINDSOR 26"

Alvöru dömu hjól með fót-bremsu, 3 gírur og körfu.

TILBOÐ

Kr. 26.320

Hjólin eru afhent tilbúin til notkunar, samsett og stillt á fullkomnu reiðhjólaverkstæði.

Aðeins vönduð hjól með ábyrgð, öll barnahjól með CE viðurkenningu.

Frí upphersla fylgir innan tveggja mánaða.



www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

Upplýsingar um raðgreiðslur veittar í versluninni.

ÚTSALA

10-50% afsláttur

GOLFEVÖRUR

**Opnunartími
í september
13 til 18**

**Golfskór
30-40% afsl.
Golfboltar
20% afsláttur**



HIPPO

Howson

Lynx

Járnasett 20-50%
Vönduð HIPPO, HOWSON
og LYNX járnasett.
frá kr. 14.950.



HIPPO

HIPPO XXL 460
Alvöru driver, jafngóður
og margir miklu dýrari.
Útsöluverð kr. 11.900.



Golffatnaður 20-50% afsl.
Regnjakkar frá kr. 6.960.
Regnbuxur frá kr. 5.340.



CLICGEAR
Priggja hjóla kerra.
Verð kr. 22.410.



Rafmagnsgolfkerrur
20-60 % afsl.
Verð frá kr. 14.920.
Kerra á mynd kr. 39.900.



Barna- og unglíngagolfsett
í poka verð frá kr. 7.920.
Í standpoka, tré, 3 járnkylfur
og putter aðeins kr. 13.800.

½ Golfsett í poka frá kr. 13.900.
Heilt golfsett í poka frá kr. 22.900.



Golf Outlet

Ármúla 40 • 2. hæð • Sími 553 9800



Miu Miu armbandið sem poppar upp öll fót.

Slaufur eru í miklu uppáhaldi hjá Láru Ósk. Þessi er frá Dolce & Gabbana.

„Þessa Dolce & Gabbana var ég búin að horfa á lengi og þegar það var bara eitt par eftir í minni stærð skellti ég mér á þá.“

Miu Miu taska með fullt af hólfum. Lára Ósk var búin að leita lengi að tösku þegar hún hnaut um þessa.

Lára Ósk Hjörleifsdóttir, innkaupamaður hjá Sævari Karli, á ótrúlega fjölbreyttan og ferskan fataskáp. Hún er óhrædd við að nota liti og kvenleg snið. Hún segir að veturinn verði sérstaklega kvenlegur og hvetur konur til að vera meira í pilsum.

Vígvöllur ýmissa átaka

Lára Ósk fékk fatadellu upp úr fjórtán ára aldri en fyrir þann tíma hafði hún aðallega klæðst íþróttagöllum. Frá því að hún lagði íþróttagallana á hilluna hefur hún verið dama fram í fingurgóma. Fyrir fimm árum náði ævintýraþráin að yfirbuga hana með þeim afleiðingum að hún hélt til Kaupmannahafnar til að læra fatahönnun. Í skólanum lærði hún einnig að vera stílisti. Þegar hún er spurð að því hvort danskar konur klæði sig öðruvísi en íslenskar segir hún svo vera. „Danskar stelpur eru í allt öðrum fíling en við íslensku stelpurnar. Þær eru miklu meiri dúllur meðan við erum meiri töffarar.“ Eftir að Lára Ósk kom heim hóf hún störf hjá Sævari Karli. Fataskápurinn hennar er því fullur af Dolce & Gabbana, Miu Miu, Prada og Gucci varningi. Þegar hún er spurð út í eigin fatastíl segir hún að hann sé kvenlegur, stílhreinn og oft og tíðum djarfur.

Hvaða flík gæti bjargað öllu í fataskápnunum? „Ég veit það ekki, heildin vinnur saman. Mér finnst æðislega flott taska alltaf getað bjargað dressinu. Maður er alltaf „save“ ef maður labbar út í búð með góða tösku jafnvel þótt maður sé í joggiggalla.“

Hvað er mest heillandi í hausttískunni 2008? „Vandaðar töscur eru eitt það mikilvægasta ásamt áberandi fylgihlutum í stærri kantinum. Svo mega konur ekki gleyma því að vera kvenlegar því stíllinn er að verða mun meira í þá átt. Það verður mikið um blúndur, slaufur og rómantík. Mér finnst að konur eigi að klæðast pilsum í ríkari mæli. Það er lítið mál ef þær eru í þykkum sokkabuxum undir. Svo verða þær að vera óhræddar við að dressa sig svolitíð upp án þess að það verði of mikið.“

Hvað dreymir þig um að eignast fyrir veturinn? „Klassískan svartan pels.“

Uppáhaldslitapalletta? „Svartur er tímalaus og glæsilegur litur og



AUGNABLIK SANNRAR ÁSTRÍÐU
Settu traust þitt á úrval hársnyrtímeistaranna

SALON REYKJAVÍK
Sími: 568 5305 • Grandagarði 5

intercoiffure
MONDIAL
PARIS · TOKYO · LONDON · ROMA
NEW YORK · BERLIN

Nýjasti kjöllinn í fataskápnunum er frá Dolce & Gabbana. Hún er í hlýraból innan undir til að tóna kjöllinn niður.

Velkomin á Ljósanótt!



Keilir
Atlantic Center
of Excellence

VALLARHEIDI - Sími: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

Ljósanótt

FÖSTUDAGUR 29. ÁGÚST 2008

Flytur inn konunglegan
ballett frá Svíþjóð
Hin sautján ára Fjóla Oddgeirsdóttir
skipuleggur ballettveislu **BLS. 4**



FRÉTTABLAÐIÐ

MYND/ODDGEIR KARLSSON

Frábær líkamsrækt fyrir konur

Getur þú séð af 30 mínútum þrisvar í viku til að bæta heilsuna?



Fyrir konur á öllum aldri

- Sérhönnuð tæki fyrir konur
- Æfingakerfi sem hefur sannað sig
- Reglulegar mælingar
- Stuðningur og eftirfylgni
- Átakshópar
- Góður félagsskapur, meira fjör

LJÓSANÆTURTILBOÐ

Curves

The power to amaze yourself.™

Yfir 9000 staðir víða um heim



Hljómsveitin Hjaltalín vakti mikla lukku á ljósanótt í fyrra.

MYND/LEÓ STEFANSSON

Léttisveitin spennt að vinna með Hjaltalín

Kammerpopsveitin Hjaltalín og Léttisveit Tónlistarskóla Reykjaneshæjar munu sameina krafta sína á tónleikum í Andrews Theater á gamla varnarliðssvæðinu í Keflavík.

„Ég hélt að við ættum bara að vera upphitunarband en svo kom á daginn að við munum spila saman,“ segir Karen J. Sturlaugsson, stjórnandi Léttisveitarinnar. „Það er hefð fyrir því að Léttisveitin spili á Ljósanótt en í fyrra komumst við ekki vegna forfalla og ég stakk upp á því að fá Hjaltalín í staðinn. Nefndin var svo hrifin að hún vildi þróa þetta lengra. Þau höfðu samband við mig og stungu upp á þessum sameiginlegu tónleikum en ég hélt að við myndum spila sitt í hvoru lagi.“

Hún segir Högna, söngvara og lagasmið Hjaltalín, hafa átt hugmyndina að samstarfinu. „Það var ekki fyrr en ég talaði við Högna að ég áttaði mig á því að hann væri að útsetja lög þeirra fyrir okkur.“

Léttisveitin er skólahljómsveit þannig að flestir meðlimirnir eru á menntaskólaaldri. Karen segir að krakkarnir séu spenntir



Léttisveit Tónlistarskóla Reykjaneshæjar tónlistarskóli ljósanótt á tuttugu ára afmælistónleikum í vor.

MYND/GEIRRÚÐUR F. BOGADÓTTIR

yfir samstarfinu. „Þegar ég sagði hljómsveitinni minni frá verkefninu þá sögðu þau bara: „Vá! Í alvörinni!“ Þeim finnst meiri háttar að spila með svona góðri og vinsælli popphljómsveit.“

Hjaltalín er í sterkum tengslum við Reykjaneshæ en tveir úr sveitinni koma frá bænum. Það eru þau Guðmundur Óskar bassaleikari og Rebekka Bryndís Björnsdóttir fagottleikari. „Rebekka var meira að segja sjálf í léttisveitinni þar sem hún spilaði á bassa. Svo

var bróðir hans Guðmundur, Siggí í Hjalpmum, hérna í hljómsveitinni hjá mér líka.“

Léttisveitin hefur alið af sér marga tónlistarmenn en auk þeirra Rebekku og Sigga var til dæmis Veigar Margeirsson tónskáld lengi í sveitinni „Þetta er svona gulrót fyrir langt komna nemendur í tónlistarskólanum.“ Karen segir að krakkarnir hafi gaman af starfinu og það skilar sér greinilega í góðum árangri.

-ges

Viltu komast í KJÖRÞYNGD til frambúðar?

Ertu tilbúin/n til að vinna heimavinnu 30 mín á dag og bæta á árangursríkan hátt lífsstílinn?

Árangursríkt námskeið byggt á

- Mataræði
- Tímastjórnun
- Hreyfingu
- Streitu & slökun
- Hugarfari
- Gönguhóp

Næsta námskeið hefst
16. september

7 vikur * þri 19-22 * 16/9 til 28/10



Kolbrún Rakel Helgadóttir leiðir námskeiðið í nýjum og glæsilegum fundarsal Heilsuþýlingarinnar að Bæjarhrauni 2 í Hafnarfirði.

Skráning í síma 544-5300 og á rakel@heilsuþýlingin.is
Verð 34.900,- www.kolbrunrakel.is

Erlendur meistari málar portrettmyndir hérlendis

Hinn 4. september opnar nýstárleg myndlistarsýning þar sem vinirnir og listmálararnir Elínros Eyjólfssdóttir frá Reykjaneshæ og hinn armenski Hagop Keledjian leggja saman krafta sína.

Sýningin verður í vinnustofu Elínrosar í Selvík 3 en þar verða til sýnis myndir sem Hagop hefur málað af fjölskyldu Elínrosar auk myndanna hennar. „Þetta eru blómamyndir eftir mig, ég er algjör blómamálari. Svo eru það portrettmyndir eftir Hagop. Í Boston málaði hann mig og manninn minn. Hann kom svo hingað til Íslands í júlí og málaði mynd af dóttur minni og mömmu og pabba. Pabbi er málaður eftir ljósmynd af því að hann er dáinn. Það er bara eins og hann sé kominn hérna ljóslifandi á vegginn.“

Gestum og gangandi gefst kostur á að láta Hagop mála sig og sína gegn vægu gjaldi. „Hann málar bæði eftir fyrirsetum og ljósmyndum,“ segir Elínros. „Þessi fáu verk af fjölskyldunni verða bara svona kynning á því verkefni.“

„Hann er rosalega fær málari,“ segir Elínros um Hagop sem hefur unnið til virtra verðlauna á listasviðinu. „Málverk hans eru víða á söfnum og galleríum bæði í Bandaríkjunum og gömlu Sovétríkjunum. Hann er einn af þeim bestu á ameríska vísu.“

Elínborg kynntist Hagop í



Elínros Eyjólfssdóttir glaðbeitt í vinnustofnu sinni.

MYND/VÍKURFRÉTTIR



Portrett sem Hagop Keledjian málaði af foreldrum Elínrosar en faðir hennar er látinn.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

Boston þar sem hún málaði með honum á þessu og síðasta ári. „Hagop hefur búið í Bandaríkjunum frá árinu 1980 en þangað kom hann í leit að betra lífi

vegna slæmra aðstæðna í Armeníu,“ segir Elínborg. Heimsóknin nú er önnur Íslandsheimsókn Hagops en hann er heillaður af landinu og vildi fá að skoða það betur. „Hann var rosalega hrifinn af náttúrunni enda mikið náttúruþar. Listamenn hugsa stundum öðruvísi um hlutina en aðrir því honum fannst frábært að hafa engin tré til að trufla útsýnið,“ segir Elínborg sem leynir ekki hrifningu sinni á listamanninum armenska. „Bæði er hann snillingur á listasviðinu en fyrst og fremst er hann ofboðslega góður maður.“

-ges



Heilsuleikskólar - Heilsustefnan

Ef þú ert leikskólakennari sem hefur áhuga á næringu, hreyfingu og listum, þá átt þú samleið með okkur.

Við leitum að leikskólakennurum eða öðru uppeldismenntuðu starfsfólki.

Skólar ehf reka fjóra heilsuleikskóla í dag.

- Heilsuleikskólann Krók í Grindavík
- Heilsuleikskólann Kór í Kópavogi.
- Heilsuleikskólann Hamravelli í Hafnarfirði.
- Heilsuleikskólann Háaleiti í Reykjanesbæ



Við stefnum á að opna fleiri skóla á höfuðborgarsvæðinu.

Stefna Skóla ehf er að auka veg Heilsustefnunnar og fjölga Heilsuskólum á Íslandi. Innan okkar raða er gott fagfólk með mikla reynslu á fag- og rekstrarsviði leikskóla. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Pétur R. Guðmundsson og Unnur Stefánsdóttir er framkvæmdastjóri skólasviðs. Unnur er hugmyndasmiður og stofnandi Heilsustefnunnar sem okkar skólar vinna eftir og mun leiða framrás okkar ásamt öðru fagfólki hjá okkur að þeirri stefnu sem Skólar hafa, sem er að auka veg heilsustefnunnar og fjölga Heilsuskólum á Íslandi.

Hægt er að lesa meira um Heilsustefnuna og okkur á heimasíðu okkar:

www.skolar.is

Bílar & Hjól

Hjólbarðapjónusta

Bílar & Hjól

TJÓNASKOÐUN • RÉTTING • SPRAUTUN

SÍMI: 421-1118 • FAX: 421-3418 • GSM: 896-7392

Við viljum óska
suðurnesjamönnum
til hamingju með

Ljósanótt.

Bílar & Hjól

yello

Night Club / Bar
www.yello.is

LJÓSANÆTUR-
TILBOÐ Á
BARNUM

NÝR OG
STÆRRI
STAÐUR

568 7574 og 822 3858



Það verður bæði klassískur ballett og nútímaballett á fjölbreyttri sýningu hins Konunglega sænska ballettskóla. MYND/ODDGEIR KARLSSON

Konungleg ballettsýning

Nemendur á lokaári við Konunglega sænska ballettskólann eru væntanlegir til landsins í tengslum við ljósanótt. Það er hin sautján ára gamla Fjóra Oddgeirsdóttir, sem er frá Reykjanesbæ og er nemandi við skólann, sem stendur fyrir heimsókninni.

„Ég fékk þessa hugmynd fyrir næstum því ári, að það gæti verið gaman að fá bekkjarfélagana hingað heim. Mamma hvatti mig til að láta bara verða af þessu,“ segir Fjóra sem sjálf safnaði styrkjum fyrir ferðinni.


„Ég prófaði að fara í bankana og fleiri fyrirtæki og athuga hvort einhver vildi styrkja þetta verkefni. Það vildi svo til að allir voru rosalega áhugasamir og fyrr en varði var bara komin dagsetning.“ Það eru tuttugu og átta dansarar í hópnunum auk kennara og fiðluleikara og dugðu styrkirnir sem Fjóra safnaði til að borga alla flugmiðana og leigu á Borgarleikhúsinu. Reykjanesbær borgar svo gistingu. „Það er rosalega gaman að sjá þetta verða að veruleika.“

Hópurinn mun sýna tvisvar, fyrst í Borgarleikhúsinu, fimmtudagskvöldið 4. september og síðan í íþróttahúsinu í Njarðvík klukkan fimm á sunnudaginn 7. september.

Nemendurnir koma til með að sýna bæði klassískan ballett og nútímadans. „Við erum að sýna brot úr klassísku verki sem heitir Coppelia,“ segir Fjóra, en það verk er eftir Arthur Saint-Léon við tónlist Léo Delibes. „Nútímaeildin er að sýna ný verk og svo er eitt neo-klassískt. Það er að-



Glæsilegur limaburður dansaranna mun væntanlega gleðja íslenska áhorfendur.



Fjóra Oddgeirsdóttir segir að finu tutu-ballettkjólarnir hafi líklegast vakið áhuga hennar á ballett í upphafi.

eins nútímalegri dans en í klassískum tásókum með klassískar hreyfingar. Þetta er í annað skipti sem þetta verk er sýnt, en það var frumsamið í skólanum fyrir rúmu ári.“ Dagskráin er því fjölbreytt en hún var sett saman sérstaklega fyrir Íslandsheimsóknina.

Nemendurnir, sem eru á aldrinum sautján til nítján ára, fá ekki mikinn frítíma í ferðinni en mestur tíminn fer í æfingar. „Þau fá að vera aðeins frjáls á laugardaginn og skoða Reykjanesið og fara í Bláa lónið,“ segir Fjóra brosandi og bætir við að þau muni hegða sér vel. „Svona fyrirmyndarnemendur eins og við. Fyrir okkur er þetta bara vinna.“ -ges



• **VERÐMÆTI ÚR VERÐLAUSU EFNIS** Kennarar á leikskólanum Holti standa um ljósanæturhelgina fyrir lista- og vísindasmíðju undir yfirskriftinni Vísindasmíðja - leikur, sköpun, endurvinnsla.

„Markmið smíðunnar er að ná fjölskyldunni saman og vinna með ýmiss konar verðlausan efnivið,“ segir Kristín Helgadóttir leikskólalastjóri. „Fjölmargir ættu að geta fundið barnið í sjálfum sér í faðmi ljósanæturhátíðarinnar.“ Listsköpun barnanna er í hávegum höfð í skólanum, sem starfar í anda Reggio Emilia. „Það hefur verið ánægjulegt að sjá hvernig litlir en stórhuga einstaklingar láta óskir sínar verða að veruleika með því að prófa sig áfram,“ segir Kristín um liststarfið.

VELKOMIN Á LJÓSANÓTT



Dagana 4. - 7. september 2008.

Menningar- og fjölskylduhátíðin Ljósanótt í Reykjanesbæ verður haldin hátíðleg í níunda sinn dagana 4. – 7. september. Sparisjóðurinn í Keflavík hefur verið styrkur stuðningsaðili hátíðarinnar frá upphafi og boðið gestum upp á ýmsa menningarviðburðir, skemmtun og glæislega flugeldasýningu í lok hverrar hátíðar.

Dagskrá í boði Sparisjóðsins í Keflavík:

- » Tónleikar með Matta (Papa) og Pétri (Jesús).
Sparisjóðurinn í Keflavík föstudaginn 5. september kl. 16:00
- » Tónlistardagskrá á stóra sviðinu
laugardagskvöldið 6. september
- » Balletsýning Sænska Balletskólans.
Íþróttahús Njarðvíkur, sunnudaginn 7. september kl. 17:00
- » Tónleikar í Bíósal Duushúsa
sunnudaginn 7. september kl. 20:00: Bylgja Dís Gunnarsdóttir, söngkona og Lára Rafnsdóttir, píanóleikari
- » Glæsileg flugeldasýning Björgunarsveitar Suðurnesja

Sjáumst á Ljósanótt.



Fjársjóðurinn í draslinu

„Þar sem aðrir sjá drasl sé ég gull,“ segir Jens Hjelm áhuga- ljósmyndari sem heldur sína fyrstu sýningu á æskuslóðun- um í Reykjanesbæ yfir ljósa- næturhelgina.

„Ég hef alltaf verið með bíladellu og tekið mikið af myndum af forn- bílahræjum. Fólk spyr mig stund- um hvað ég sé að taka myndir af einhverju djöfulsins rusli. En mér finnst þetta ekkert rusl. Þetta er líf mitt og yndi.“

Jens hefur sýnt mikla þolin- mæði við leit sína að bílahræjum. „Ég geng oft mikið og spyrst fyrir. Einu sinni sýndi Emil Þór, ljós- myndari og mikil fyrirmynd mín, mér mynd sem hann tók af göml- um bíl sem hann vissi ekki hvort væri ennþá til. Það tók mig tvö ár að leita að honum en ég fann hann að lokum. Þannig að ég er alveg þokkalega þolinmóður.“

Í heildina verða 29 myndir á sýningunni en tíu þeirra eru af gömlum bílum. „Síðan er ég með nokkrar landslagsmyndir, mynd af hesti og ýmislegt fleira.“

Sýningin verður haldin í HF- húsinu á Hafnargötu 2 en þar steig Jens einmitt sín fyrstu skref í atvinnulífina. „Mér finnst þetta alveg ótrúleg tilviljun. Það er skrítið að vera með ljósmynda- sýningu á sama stað og ég byrjaði



Þarna heldur Jens Hjelm sjálfur á einni af myndunum sínum.

MYND/JENS HJELM



Jens hefur alltaf verið með bíladellu og flestar myndanna eru af bílahræjum.



Jens tekur líka landslagsmyndir en þessa tók hann í Jökulsárlóni.

að vinna þegar ég var lítill tólf ára púki að taka á móti fiskflökum.“

Jens byrjaði að taka myndir um sama leyti og hann byrjaði að vinna. „Ég var ekki nema svona ellefu, tólf ára gamall þegar ég byrjaði að taka myndir. Ég byrjaði með kodak-kassamyndavél

með rúllufilmu. Þá mátti bara taka þrjár myndir af því að það var svo dýrt að framkalla.“ Jens er ekki hrifinn af mikilli myndvinnslu. „Ég vil hafa þetta beint eins og það kemur úr vélinni eins og þegar maður var patti,“ segir hann. „Ég vil hafa þetta ekta.“

-ges



Vinna við að klára hellinn er nú í fullum gangi.

MYND/VIKURRETTIR

Skemmtilegur skessuhellir

Nýverið flutti óvenjulegur nýr íbúi inn í helli í Hólmsbergi við smábáthöfnina í Gróf í Reykjanesbæ. Það er fimm metra há og fjögur hundruð ára gömul skessa sem þó er með barnshjarta.

Það var Herdís Egilsdóttir rithöfundur sem skapaði skessuna og hún átti líka hugmyndina að því að skessuhellirinn yrði reistur á Reykjanesi nú. „Við um lönd hafa verið gerð söfn í kringum sögupersónur úr barnabókum. Ég nefndi þetta við Árna Sigfússon bæjarstjóra og hann tók verkefnið strax upp á sína arma.“

Fjöllistahópurinn Norðanbál vann verkefnið í samstarfi við Ásmund Friðriksson verkefnisstjóra og réð útliti og stærð hellisins. Hann er hlaðinn í kringum smá skúta sem heitir Svartihellir en byggingin kostar tæplega sautján milljónir.

Allt sem tengist safninu er stórt í sniðum. Krakkar geta farið ofan í skóna hennar og stór fótsporin. Innanstokksmunir hellisins eru í sama stærðarflokki, borð, stólar og risarúm sem má skrifa upp í. „Augu skessunnar eru á stærð við fótbolta og þau hreyfast. Svo andar hún og situr í ruggustól og þrjónar þannig að safnið verður líflegt,“ segir Herdís. „Svo er hugmyndin að hengja fötin hennar á snúru meðfram veginum og mála sporin hennar á götur Reykjanesbæjar svo krakkarnir sjái hvar hún hafi verið.“

Herdís hefur skrifað fimmtán bækur um skessuna og vinkonu hennar hana Siggú. Nú er ný bók á leiðinni sem mun fjalla um ævintýri skessunnar í nýja bústaðnum á Suðurnesjum.

-ges

HEILSUBYLTINGIN

Bæjarhrauni 2 • 220 Hafnarfirði • Sími: 544 5300 • www.heilsubyltingin.is

Heilsubyltingin er notalegur staður fyrir fólk sem vill hugsa um líkama og sál.

Á staðnum er rúmgóður 85m² salur fyrir ýmis námskeið eins og jóga, fit pilates oflr. Einnig rúmgóður 50m² fundar og ráðstefnusalur með aðstöðu fyrir 30 manns. Hjá Heilsubyltingunni er aðstaða fyrir nuddara, höfuðbeina og spjaldhryggsmeðferðaraðila, heilara oflr. til að koma inn og vinna sína vinnu sjálfstætt og í ró og næði í útleiguherbergjum Heilsubyltingarinnar. **Nánari upplýsingar veittar á opnunartíma.**

Í september bjóðum við uppá eftirfarandi lokuð námskeið – ýmist í 6 eða 8 vikur:

• Fit Pilates	mán, mið, fös	kl.6:30-7:25 (55 mín)	Kennari Ásdís Guðmundsdóttir
• Dansblanda	mán, mið, fös	kl.7:30-8:25 (55 mín)	Kennari Ásdís Guðmundsdóttir
• Hádegisjóga	mán, fim	kl.11:50-12:40 (50 mín)	Kennari Sigga Dís
• Meðgöngujóga	mán, fim	kl.12:45-14:00 (75 mín)	Kennari Sigga Dís
• Jóga pilates	mán, mið	kl.18:30-19:40 (70 mín)	Kennari Anna Steele
• Magadans	mán	kl.19:45-21:00 (75 mín)	Kennari Sigga Nanna
• Bakleikfimi	þri, fim	kl.18:30-19:25 (55 mín)	Kennari Viktoría Sigtryggsdóttir
• Salsa fyrir einstaklinga	þri	kl.19:30-20:30 (60 mín)	Kennari frá salsaiceland

Í tilefni af opnun Heilsubyltingarinnar á nýjum og glæsilegum stað bjóðum við kort í Ultratone líkams og andlitsmeðferðir á afslætti 1.-6. september.

Í Heilsubyltingunni starfa einnig eftirtaldir aðilar, hægt er að panta tíma hjá þeim frá og með 1.sept í síma 544 5300:

- **Guðný Ragnarsdóttir**, höfuðbeina og spjaldhryggsmeðferðaraðili, hún er einnig reikimeistari og heilari. Hefur sérhæft sig í meðferð ungbarna.
- **Gyða Pálsdóttir**, hjúkrunarfræðingur, chinese medicine (nálastungur,) Bach multi-terapi (Bach blómadropa meðferð fyrir börn og fullorðna), heilunarmiðill.
- **Þór Gunnlaugsson**, heilunarmiðill.



Shake barinn býður **50%** afslátt alla opunarvikuna. Bragðgóðir sheikar fullir af næringu án óþarfa hitaeininga.

Opið mán-fim 6-22 • fös 6-20 • lau 8-15
Bæjarhraun 2 • Hafnarfirði • 544 5300

VEITINGAHÚSIÐ RÁIN LJÓSANÓTT 2008

Glæsilegur matsæðill alla daga.

3. September, Miðvikudagur

Hagyrðingakvöld með Klíkunni.
Ómari Ragnarsyni, Kristjáni Hreinssyni, Sigurjóni V. Jónssyni.

4. September, Fimmtudagur

Fimmtudagurinn 4 September. Karaoke keppni Ljósanæturgalanns.
Fundinn verður Ljósanæturgalinn, sem mun troða upp með tónleika Laugardagskvöldið.

5. September, Föstudagur

Hefur verið tileinkaður Suðurnesjamönnum Þriggia rétta matsæðill og skemmtidagskrá að þessu sinni verður Þórir Baldursson með ljúfa tóna, en hann leikur á IFlyglimm okkar!. Og í framhaldi af því mun Hljómveit Rúnars Júlíussonar leika fyrir dansi fram á rauða nótt.

Ljósanótt.

6. September, Laugardagur

Hátíðarhlaðborð, Ljósín í berginu. Ljósadagurinn 6. September byrjar með kaffiveitingum allan daginn. Ítalskt hátíðarhlaðborð fyrir matargesti. Og Ljósanæturgalar koma fram. Frá miðnætti leikur Hljómveitin Vitamin fram undir morgun.

VIÐ Á RÁNNI VILJUM BJÓÐA SUÐURNESJAMÖNNUM OG LANDSMÖNNUM ÖLLUM AÐ NJÓTA MENNINGAR, MATAR OG ÚTSÝNIS SEM AÐ Á ENGAN SINN LIKAN LJÓSANÓTT Í REYKJANESBÆ Á RÁNNI

RÁNNI • HAFNARGÖTU 19 • REYKJANESBÆ • SÍMI: 421 4601

ARCTIC WEAR
VINNA • ÖRYGGI • ÚTIVIST

Arctic Wear í Reykjanesbæ býður fyrirtækjum á Suðurnesjum heildstæða lausn fyrir starfsfólk sitt þegar kemur að Vinnu, Öryggi og Útivist. Sjáumst hress og kát á Ljósanótt.
Arctic Wear er þekkt vörumerki á Íslandi sem sérhæfir sig í hönnun og framleiðslu á vinnufatnaði, öryggisfatnaði, útivistarfatnaði og öryggiskóm.


Opnunartími:

Mánudaga til föstudaga 08:00 til 19:00
Laugardaga 08:00 til 17:00

ArcticWear er einnig endursöluáðili Norska vinnufataframleiðandans **Wenaas**
Gröfinni 13a • 230 Reykjanesbæ • Sími 534 2900 / 824 4070 • arcticwear@arcticwear.is



Ljósanæturkveðja



www.plexigler.is

4 200 500



VILTU HÆTTA? ÞARFTU AÐSTOÐ?

Dagskrá á mánudögum:

Kl. 10.00 - 16.00	Viðtöl hjá ráðgjafa
Kl. 16.30 - 17.30	Stuðningshópar
Kl. 18.00 - 18.45	Foreldrafræðsla
Kl. 19.00 - 20.00	Hópastarf

Tímamantanir: 421 6700

Erlingur Jónsson: 864-5452, 7725463

**Verðum í sama tjaldi og Kaffitár.
Getið kynnt ykkur starfsemi Lundar.
Lundurattmitt.is**

www.lundur.net

Ítalskar hurðir
eru á okkar
innréttingum



Í tilefni af
Ljósanótt
verðum við með
25% afslátt af Eik
og Kirsuber facet!

Eldhúsinnréttingar
Baðinnréttingar
Fataskápar


Sjá sýnishorn: www.sjinnrettingar.is



Innréttingar
Njarðarbraut 3g Reykjanesbæ
Sími 421 0026 Fax 421 2026



Við sérhæfum okkur í innréttingum
fyrir heimilið á lágmarksverði
og getum afhent innréttingu í allt húsið
með mjög skömmum fyrirvara.
(Gildir um þær vörur sem við eigum til á lager)





Hálandajötnarnir eru vígalegir í skotapílsi með sleggju í hönd.

Stórmagnaðir hálandaleikar

„Það verða stórmagnaðir hálandaleikar laugardaginn 6. september í Keflavík,“ segir Hjalti Úrsus sem skipuleggur leikana. „Við fáum loks alvöru skoska stemningu á hálandaleika hér. Við vorum að landa heimsfrægri skoskri hljómsveit sem heldur uppi sekkjapípu- og þjóðlagastemningu. Svo verða menn náttúrulega í skotapílsnum.“

Meðal greina á leikunum er steinast, lóðakast yfir rá og sleggjukast. „Þessi áhöld voru morðvopn Skotanna eins og í myndinni Braveheart þar sem vopnaburður var bannaður,“ segir Hjalti. „Það er ekkert gott að fá svona í sig. Eins og tuttugu og fimm kílóa lóð í hausinn. Þá ertu bara „game over“.“

Auk fjögurra íslenskra kraftajötna taka tveir skoskir atvinnumenn og Bandaríkjamadur þátt í leikunum.

-ges




Ilmur við hægindaróluna sína.

Gerir listrænar stökkbreytingar

Sýning listakonunnar Iimar Stefánsdóttur verður opnuð í Listasafni Reykjanesbæjar á föstudaginn. „Verkin eru illskilgreinanleg en þema sýningarinnar er samruni þátta eins og fegurðar og leiks. Ég er búin að stökkbreyta ýmsum hlutum eins og verkfærum og leiktæjum,“ segir Ilmur sem hefur oft unnið með slíkar stökkbreytingar í verkum sínum. „Ég sameinaði rólu og hægindastól í svona hægindarólu. Svo gerði ég sjónvarpssófa úr rennibraut, þannig að hægt er að klifra upp og njóta lífsins, renna sér svo niður og ná í snakk. Svo verða til hljóðfæri úr gömlum munum,“ segir hún. „Virgni rokksins og trommunnar er til dæmis svipuð þannig að það er engin tilviljun hvernig hlutirnir renna saman.“

-ges

ULTRATONE



FYRIR & EFTIR MYNDAKEPPNI



Mælingar	Fyrir	Eftir	Missti
Mitti	86	73	13
Mjaðmir	100	95	5
Rass	107	100	7
Brjóst	95	87	11
Hægra læri	62	56	6
Vínstra læri	65	55	7
Samtals sm tap:		49 sm	

Myndirnar hér að ofan sýna Jenny fyrir og eftir 4 vikna meðferð hjá Ultratone. Hún breytti mataræðinu ekki mikið en gætti þó að skammtastærðum og skar niður óhollustu.

Upplýsingar um þátttökureglur og verðlaun færðu á Ultratone stofum víðsvegar um land.

Í tilefni 1 árs afmæli Fame 1. sept nk. býður stofan upp á afslátt á kortum út afmælisvikuna.

Nánari upplýsingar um Ultratone líkams- og andlitsmeðferðir á www.futurapro.co.uk

Hafðu samband við Ultratone stofuna næst þér:

Fame
Hafnargötu 34,
Reykjanesbær
Sími: 421 1441

Hressó
Strandvegi 65,
Vestmannaeyjar
Sími: 481 1482

Ultratone
Seyðisfirði,
Hafnargötu 28,
Sími: 899 9429

Ultratone Akureyri
Sunnuhlíð,
Sími: 461 4970

Snyrtistofa Ólafar
Austurvegi 9,
Selfoss
Sími: 482 1616
www.olof.is

Heilsuþyltingin
Bæjarhrauni 2,
Hafnarfjörður
Sími: 544 5300
www.heilsuþyltingin.is

Ultratone Faxafeni
Faxafeni 12
Reykjavík
Sími: 588 1166
www.ultra.is

Vantar Ultratone stofu í þitt bæjarfélag? Nánari upplýsingar í síma: 869-7090 eða á kolbrunnar@simnet.is



TURNKEY

www.bluediamond.com





„Þetta eru flottustu skór í heimi, þeir fara vel á fæti og eru bæði rokkaðir og kvenlegir,“ segir Lára Ósk um GUCCI skóna sína.

verður hann oft fyrir valinu þegar ég vel undirstöðuna í fataskápinn. Ég er samt sem áður óhrædd við að blanda sterkum litum saman við og þá dregst ég oft að fushia bleikum og rauðum.“

Uppáhaldshönnuður? „Miuccia Prada.“

Hvar kaupir þú fötin þín? „Hjá Sæv-ari Karli.“

Ef þú værir á leið í verslunarferð, hvert myndir þú fara? „Til Mílanó.“

Hvernig er heimadressið þitt?

„Stella McCartney íþróttagalli sem ég held að sé hugsaður fyrir hlaup-ara, hann nýtist mér þó aðallega uppi í sófa fyrir framan sjónvarp-íð.“

Bestu kaupin? „Miu Miu armband sem ég keypti í London fyrir tveim árum. Vekur alltaf athygli þó að klæðnaðurinn sé einfaldur.“

Verstu kaupin? „Útviðar gallabuxur með skuggalega háu mitti. Þær eru eitt heitasta sniðið á buxum í dag en einhverra hluta vegna þá hef ég klætt mig í þær nokkrum sinnum en enda alltaf á því að finna eitthvað annað sem virkar miklu betur.“

Eru einhver tískuslys í fataskápn-um þínum? „Ætli þar sé ekki víg-völlur ýmissa átaka en ég vil meina að þetta séu bara nauðsynlegar til-raunir til að finna sinn stíl.“

Tískufyrirmyndir? „Mæja frænka. Hún blandar saman eigin stíl við stór nöfn í tiskuheiminum og það finnst mér einkenna karakter.“

Hver eru helstu tiskumistök sem konur gera? „Það er að klæðast vitlausum sniðum. Konur verða að velja sér snið sem henta þeirra vaxtarlagi. Það geta allir klætt sig vel ef þeir fá réttar ráðleggingar. Konur eiga oft erfitt með að finna buxur á sig og þá er mikilvægt að vita hvaða snið hentar manni í stað þess að elta tiskubólur.“

martamaria@365.is

Vintage kjóll sem er í miklu uppáhaldi.



Neyðin kennir naktri konu að spinna



Guðrún Ásmundsdóttir leikkona 72 ára

„Mín ráðlegging er að fara nú að nota hausinn og spurja sig hvað við getum gert því það eru svo margir möguleikar í dag. Það liggur stundum við að mér finnst kreppan vera send til okkar til að við vöknum upp, förum aðeins að hugsa og vinna svollítið meira.“

Ég hef nú þann aldur að ég hef farið í gegnum nokkrar kreppur og man eftir því að í einni kreppunni, þegar allt var svart, þá settust konur við saumavélina og fóru að framleiða borðtuskur. Ég er ekki að segja að konur eigi

endilega að gera það í dag, en fólk er orðið svo þreytt á þessum fjöldaframleiddu vörum. Fólk vill frekar eitthvað sérstakt svo það er um að gera að stilla því bara í hóf frekan en að fara að kaupa eitthvert drasl.

Ég þoli ekki þetta væl í fólk. Hingað til hafa Íslendingar ekki sett það fyrir sig að vinna og ég held að við höfum bara gott af þessu. Ef við höfum ekki vinnu er um að gera að búa hana til og þá fara ævintýri að gerast,“ segir Guðrún.



Ragnar Arnalds rithöfundur 70 ára

„Ég held að það sé höfuðatriði að taka ekki bankalán nema í ýrustu neyð og sjá til þess að vera aldrei með yfirdráttarlán. Þá þurfa menn auðvitað að gæta þess að fara ekki yfir á reikningnum því það eru svo gífurlega háir vextir á yfirdráttarlánunum. Í öðru lagi á fólk alls ekki að taka bankalán til að kaupa hlutabréf eða þess háttar. Fólk getur ekki treyst því að kreppan hafi náð botni. Hlutirnir geta enn átt eftir að falla mikið, við vitum ekkert um það.“

Svo er um að gera að skipta við lágvöruverðsverslanir og ef fólk þarf á bíl að halda, skiptir líka máli að vera ekki að kaupa dýra bíla. Það eru ekki bara vextirnir af skuldum vegna bílálana sem skipta máli, heldur líka afskriftirnar. Bílar eru afskrifaðir svo hratt.

Það skiptir auðvitað máli hvort fólk á mikið afgang eða ekki, en þegar fólk er í fjárhagsvandræðum er mjög þýðingarmikið að lista upp í hvað maður eyðir í hverjum mánuði og reyna að skipuleggja fjármál sín,“ segir Ragnar.

Fáðu ferskar íþróttufréttir á hverjum morgni



Fréttablaðið stendur vaktina á hverju kvöldi – líka á laugardögum. Þannig færum við þér nýjustu úrslitin og staðgóða umfjöllun á morgunverðarborðið hvern einasta morgun.*

*Sunnudagsútgáfa *Morgunblaðsins* er prentuð á laugardegi áður en íþróttúrslit dagsins liggja fyrir og 24 stundir koma hvorki út á sunnudögum né mánudögum. Auk þess fara 24 stundir í prentun aðra daga áður en íþróttaleikjum kvöldsins er lokið.

Fréttablaðið er eina dagblaðið sem færir þér ferskar íþróttufréttir alla morgna vikunnar, líka á sunnudögum.



Allt sem þú þarft – alla daga

Útlit

smáatriðin skipta öllu máli

Hvað kemur næst?



Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is

Síðustu tvær vikur hefur ákveðinn hluti þjóðarinnar setið sveittur fyrir framan sjónvarpið að fylgjast með Ólympíuleikunum. Þegar „strákarnir okkar“ fóru að standa sig vonum framar varð mikill spenningur í loftinu og jafnvel mestu antísportistar létu sig hafa það að vakna fyrir allar aldir til að horfa á úrslitaleikinn.

Til að byrja með var þetta æðislega frábært og þjóðin fylltist stolti. Sumir urðu reyndar svolítið spældir með silfrið meðan öðrum fannst þetta meiri háttar árangur.

Ég er mjög stolt af „strákonum okkar“ en mér finnst það svolítið gleymast að þetta er íþróttaleikur. Síðast þegar ég vissi giltu allt aðrar reglur um leiki en alvöru lífsins.

Það er gaman að fæðast inni skemmtilegan heim. Margt hægt að gera, láta sig dreyma, vakandi og sofandi, leyfa sér að njóta augnablikanna. Taka á móti landsliðinu í handbolta er það kemur heim með medalíu úr silfri. Drengirnir aka niður Laugavegin á vögnum í boði Ríkisstjórnarinnar, Alþingis og Ráðhússins. Ungu stúlkurnar, með barmana sætu, rjóðar og sælar, veifa af svölum íbúðanna sem ég ímynda mér að hafi rauðmáluð handrit og fögur blóm í blómapottum: Klæðast þær ekki hvítum blússum með rauða slafu í hálsmálinu og dá íþróttamannsleg læri? Og enginn drengjanna hefur staurfót, eða afskorið nef, hálfra rasskinn sem betur fer því þeir koma um langan veg af iðgrænum friðarvöllum Ólympíuleikanna. Silfurkonurnar, eigin konur íþróttamannanna, hafa ekkert að óttast af því í mannþrönginni sem hyllir mennina sjást líka börn, einstæðra mæðra, og börn draga ætíð úr lífshættu girndarinnar; börn, hundar, hamstrar, páfagaukar, en ekki þó gamalmennin, því hver sem hefur unnið á gamalmennahæli kannast við laust blundandi erótfkina sem þar ríkir. Erótfk sem hrekkur upp við minnsta hnjask. Ófaglært og faglært starfsfólkið bregður sér inná lín, að gera það, í sloppum. Annars er veika fólkið á Íslandi orðið leitt á að halda uppi heilbrigðiskerfinu, þessum starfsvettvangi mörg hundruð manna og kvenna: Hví þá ekki? Leitt á að liggja í bælinu og horfa á eftir rósrauðum vöngum, lækna og sjúkraliða, bregða sér frá, inná lín, að gera það, í hvítum sloppum. Þvílík erótfk sem við þeim blasir. Leitt á að þiggja skömm fyrir að skapa hundruð manna spennandi störf sem má njóta, í botn, á leyndardómsfullum augnablikum. Eins og þegar geislar síðdegissólarinnar stínga sér niður gegnum sjúkrahúsgluggana, baka loftið sem verður þykkt og dulmagnað og lengja skuggana: Langir skuggar. Enn lengri, jafnvel langdregnir, dagdraumar um sælu og frið, skemmtun, líf... o.s.fr.v. - eins og ljóðskáld Íslands segja svo fallega. Það er orðið leitt á að vera veikt og þiggja ölmusu - refsingu - skömm fyrir:

Skamm-skamm, veiki maður. Skamm-skamm, veika kona. Vertu ekki með þennan aumingjaskap. Lokaðu bara augunum og hugsaðu:

Ég er h e i l - ég er h e i l l - lokaðu augunum og sjáðu þig dansa á Goldfinger eins og alheilbrigður einstaklingur, faðmaðu gæfu þína vinur og sjá, kraftaverkið gerist, þú ríst uppúr bælinu, þú ert heill. Svona já. Svona á að gera það. Ekkert húk.

Þau veiku eru leið á því að vera veik. Þau ætla í verkfall. Hætta að taka inn lyf, yfirgefa sjúkrahúsin, taka leigubíl heim fyrir klink, sem óneitanlega minnir á medalíur, leggjast í kör og bíða dauðans: Hins frelsandi engils, hins óþekhta afls. Hinir krabbameinssjúku mæta ekki í geisla, eða í lyfjainntöku - þeim er alveg sama, þau ætla bara að deyja. Hin geðvarfasjúku hætta að taka sín lyf og hlaupa eftir húsbökunum, skrúfa niður loftnetin, brjóta rúður, öskra. Hin alnæmismituðu grennast á sviphræða eins og þegar loft hverfur úr blöðru. Þau veiku ætla ekki að þiggja það sem í boði er á meðan aðför er gerð að velferðarríkinu, örorkubótum er líkt við ölmusu, hneisu, með vanþökun hent í fólk, sem afgangsmolum af borði sem andartaki áður var þungt af veigum, og þrýstnum höfugum ávöxtum. Mæður á örorkubótum hætta að gefa brjóst, leggjast á

í körfur, fara. Hvað meira? Við þurfum ekki að vera veik, við getum eins dáði.

Svo svífa vagnar sem iturvaxnir og ósýnilegir guðir teyma niður Laugaveg í boði fallettar ríkisstjórnar og heilbrigðrar borgarstjórnar. Guð veri með þeim. Guð er með þeim. Þau sögðu í ríkisstjórninni að eitt sinn áður hefðu þau, eða fyrirrennarar þeirra, tekið á móti verðlaunahafa, hinum meiriháttar Halldóri Laxness þegar Gullfoss flutti hann með nóbelsverðlaunin heim og í Reykjavíkurborg. En það

voru mismæli. ASÍ og Bandalag íslenskra listamanna skipulögðu móttökurnar á hafnarbakkanum. Ríkisstjórnin ákvað að skattleggja ekki verðlaunaféð. Og bæjarstjórnin sendi skáldinu fagan blómvönd.

Medalíur hinna sjúku eru svo mjúkar að sjúklingarnir borða þær og skola niður með vatni. En nú íhuga þeir að taka ekki við fleiri verðlaunapeningum. Af auðmýkt. Í sparnaðarskyni. Hætta að þiggja lækningu - annað hvort deyja eða hugsa í sig, dreyma inni sig heilbrigðið með áhrifamætti töfra, eins og maður sem lækna skemmda tönn með hugleiðslu: Þið getið átt þessi sjúkrahús. Breytt þeim í hótél.

Þau veiku eru leið á því að vera veik. Þau ætla í verkfall. Hætta að taka inn lyf, yfirgefa sjúkrahúsin, taka leigubíl heim fyrir klink, sem óneitanlega minnir á medalíur, og leggjast í kör, bíða dauðans.

Við ætlum heim, leggjast í kör, mæta dauðanum, eins og venjulegur átjándu aldar almenningur. Við höfum ekki áhuga á að borga reikninga. Við höfum ekki efni á

að vera veik. Þiggjum ekki ölmusgjörð til þess að halda uppi eigin hryggðarmynd, sem einnig er spegilmynd ykkar, hinna hraustu, ef betur er að gáð: Ruslið sem þið forðuðu úr draumum ykkar. Verkfall hinna sjúku, hinna veiku, hinna löсну, hinna lasburðu, er í burðarliðnum. Hvað svo?

p.s. með litlum stöfum: en ef þú skyldir nú deyja, elsku- legi veiki sjúklingur, skamm, skamm, ertu til í að tala máli okkar við himnaföðurinn, eða móður, ef hann er kelling. etc.

Höfundur er rithöfundur.

Dansfestival 2008

Lærðu af þeim bestu ...

...í SJÓÐHEITUM DANSTÍMUM hjá verðlaunahafa So You Think You Can Dance? **EINUNGIS ÞESSA HELGI! SABRA JOHNSON!**


Allt það heitasta frá New York og Los Angeles!

Í glæsilegri aðstöðu í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal **fimmtudag 28. ágúst, föstudag 29. ágúst, laugardag 30. ágúst og sunnudag 31. ágúst!**

100% DANSGLEÐI lofað!!! Námskeiðin eru fyrir ALLA!

Tryggðu þér sæti með því að skrá þig strax!

Skráning á Dansfestivalið og önnina fer fram á www.dancecenter.is Nánari upplýsingar fást með því að senda tölvupóst á info@dancecenter.is, eða hjá Nönnu Ósk Jónsdóttur, framkvæmdastjóra DanceCenter Reykjavík, í síma 861 5658.




Dan Karaty



Shane Sparks



Sabra Johnson



Danny Tidewell


Haustönn 2008 - DANSÁRIÐ verður tekið af KRAFTI!

Kennsla hefst mánudaginn 1. september!

Glæsileg aðstaða í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal. Kenn tvisvar í viku.

Diskótjútt!	Jazzfunk/Street/Hip Hop	Salsa
16-19 ára	7-9 ára	Pör og einstaklingar
20-24 ára	10-12 ára	
25 ára og eldri	13-15 ára	
Söngleikjádans	16-19 ára	
10-12 ára	20-24 ára	
13-15 ára	25 ára og eldri	

DanceCenter Reykjavík er aðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar



DansHreyfing fyrir ALLA!

Hreyfing og DanceCenter Reykjavík kynna frábær ný dansnámskeið! Sann-kallað **DANSÞJÓR!** Fáðu útrás fyrir **DansGleðina** og skelltu þér á skemmtilegt námskeið. Í boði verður brot af því besta: Jazzfunk, Salsa, Diskó og fl. óvænt! Aldurstakmark 16 ára. Tímar eru 1x í viku - samtals 15 skipti.



Skráðu þig núna hjá Hreyfingu sími 414 4000!



DANSLIÐ So You Think You Can Dance? kemur sérstaklega á vegum:



www.dancecenter.is

DANSGLEÐI með:



ICELANDAIR



OUTFITTERS NATION



Ísland í Afríku

UMRÆÐAN

Jón Baldvin Hannibalsson skrifar um þróunarhjálp



JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Þótt þær fjárhæðir, sem hinir ríku Íslendingar láta af hendi rakna til þróunaraðstoðar við fátækar þjóðir á fjárlögum ár hvert séu svo smáar, að þær mælist varla í alþjóðlegum samanburði, hafa Íslendingar samt sem áður leitast við að leggja eitthvað af mörkum til þróunarhjálp á undanföllum áratugum.

Einkum hafa Íslendingar látið til sín taka í Afríku (t.d. í Namíbíu, Malaví og Mosambíque, Uganda og víðar), en einnig í Mið-Ameríku (t.d. í Nikaragva og El Salvador). Við höfum helst reynt að beita okkur á sviðum þar sem við búum yfir umtalsverðri reynslu og sérþekkingu: í sjávarútvegi og við nýtingu jarðvarma til hitaveitu eða orkuframleiðslu.

Til þess að stýra þessari þróunaraðstoð rekum við stofnun sem heitir Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ, en á ensku ICEIDA) og heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hvað er starfsfólk ÞSSÍ að gera? Er þeim takmörkuðu fjármunum, sem eru til ráðstöfunar, yel varið? Hefur þróunaraðstoð Íslendinga á undanföllum áratugum skilað sýnilegum og mælanlegum árangri?

Berfætlingar á skólabeck

Eftir að hafa náð góðum árangri í Namíbíu við sjómannafræðslu, fiskileit og fiskveiðar og að einhverju leyti við markaðssetningu sjávarafurða (sem nú skilar Namibíumönnum næstmestum útflutningstekjum á eftir demóntum), var ákveðið að efna til samstarfs af sama tagi við Malaví.

Sú aðstoð snýst um leit að og mælingu á fiskistofnum í Malaví-vatninu, rannsóknir á lífríki vatnsins, leit að nýjum fiskimiðum á meira dýpi en með ströndum fram og tilraunir með ný veiðarfæri. Heimamenn hafa stundað veiðar á vatninu frá örófi alda í sjálfsþurftarþúskað. Hvort tveggja, skipakostur og veiðarfæri, geta vart verið frumstæðari: Eintrjáningur með lítið kastnet, enda aflinn eftir því. Ef það tækist að koma Malavímönnum upp á sama tæknistig við veiðar, vinnslu og markaðssetningu sjávarafurða og Namibíumönnum, væri það stórt skref fram á við í efnahagsþróun landsmanna.

Annað svið sem Íslendingar hafa látið til sín taka á, er bygging grunnskóla og námskeiðahald til fræðslu fullorðinna, til þess að útrýma ólæsi. Íslendingar hafa byggt eða endurreist um tuttugu grunnskóla í því héraði við vatnið þar sem ÞSSÍ er starfandi. Rekstur skólanna er hins vegar í höndum skólafyrvalda heimamanna. Heimsókn í nokkra þessara skóla verður okkur Bryndís ógleymanleg. Sjálfar byggingarnar voru hreinar og aðlaðandi. En þegar komið var inn í sjálfa skólaflokkuna lá við að okkur féllust hendur. Kennarinn – oftast nær kona – stóð frammi fyrir 90-120 berfætlingum í bekkjardeild. Þarna var ekkert rafmagn, engar símalínur og þ.a.l. engar tölvur. Það var m.a.s. skortur á bréfsefni og skriffærum.



SKÓLASTARF Í MALAVÍ Kennarinn stóð frammi fyrir 90-120 berfætlingum í bekkjardeild. Þarna var ekkert rafmagn, engar símalínur og þ.a.l. engar tölvur og skortur á bréfsefni og skriffærum, segir í greininni. NORDICPHOTOS/GETTY

líkur og þ.a.l. engar tölvur. Það var m.a.s. skortur á bréfsefni og skriffærum.

Ljós í myrkri

Á þessum tíma árs er hávetur í trópísku Afríku og myrkrið skellur á um sexleytið síðdegis. Og því líkt svartamyrkur þótt stjörnskari á himni lýsi upp svartnættið þegar himinn er heiðskír. Þá er ekkert ljós til að lesa við. En íslenskir aðilar (Fjölbrotaskóli Suðurnesja) eru að gera tilraun með sólarorkupanel sem dugir til ljósa fyrir bókasafnið. Þar geta afrískir bókaormar lesið fram á nótt í bókum sem eru að stórum hluta gjöf frá börnunum í Mýrarhússkóla, sem að sögn söfnuðu fyrir bókaþjóf.

Fyrir tveimur áratugum stóð í opinberum skýrslum að einungis 4% kvenna í Malaví væru læs og skrifandi. Þetta skólustarf, sem ÞSSÍ hefur gert mögulegt, mun áreiðanlega breyta því.

Íslendingar hafa líka byggt sveitasjúkrahús, sem er í samstarfi við héraðssjúkrahús þessa landshluta. Þar var fylgt sömu stefnu um það að afhenda sjúkrahúsið heimamönnum til rekstrar, þótt íslenskir lækna sinni þar ráðgjafar- og eftirlitshlutverki. Vandamálin sem við er að fást varðandi heilsugæslu og umönnun sjúkra í landi hinna snauðu eru hrollvekjandi. Ásóknin er yfirþyrmandi. Það eru ekki þrjár sjúklingar um hvert herbergi heldur um hvert rúmstæði. Í sjúkrahúsinu er hvorki eldhús né mötuneyti, svo að ættingjar sjúklinga elda fyrir þá hver í sínu horni. Af þessu hlýst óviðráðanlegur óþrifnaður, svo að öðru hverju þarf að afeitra sjúkrahúsið af kakkalökkum og annarri óværu.

Að bjarga því sem bjargað verður

Hvernig á að gefa blóð ef annar hver maður er grunaður um að vera alnæmissmitaður? Hvernig er hægt að bjarga mannlífum án aðgangs að blóðbanka? Hvernig er hægt að halda sjúkrahúsi hreinu án þvottahúss? Hvernig er hægt að bjarga malaríusjúklingum án lyfja? Á sama tíma og velmenntaðir lækna frá Malaví setjast að í London og Chicago, reyna lækna-tækna (með ca. tveggja ára nám að baki) og lífsreyndar konur að bjarga því sem bjargað verður. En í landi vannæringar og jafnvel hungurs, malaríu og eyðni, blaktir mannlífið á veiku skari.

Barnadauðinn er skelfilegur og lífslíkurnar tæpar. Afleiðingarnar blasa við í allri sinni eynd á göngum sjúkrahússins. Hvað getur einn læknir gert á meðan ekki er ráðist að rótum vandans? Ræturnar liggja djúpt í hinu hefðbundna ættbálkasamfélagi Afríkumanna og verður ekki breytt skyndilega með neinum töfralausnum. Hefðbundinn hugsunarháttur er á þá leið að það þurfi að hlaða niður fjölda barna af því að þau deyja svo mörg við fæðingu eða á barnsaldri. Það er ekki langt síðan að þetta var ríkjandi hugsunarháttur okkar Íslendinga líka. Hugsunarháttur af þessu tagi breytist ekki fyrr en með iðnþróun og borgarvæðingu, sem tekur sinn tíma.

Vandamálin sem við er að fást varðandi heilsugæslu og umönnun sjúkra í landi hinna snauðu eru hrollvekjandi. Ásóknin er yfirþyrmandi. Það eru ekki þrjár sjúklingar um hvert herbergi heldur um hvert rúmstæði.

En eitt er víst: Leiðin út úr vítahring örbrigðarinnar er vörðuð skólagoðu, menntun og réttum upplýsingum um orsakir sjúkdóma og vannæringar. Það þarf að fjárfesta í fólki. Til þess duga ekki markaðslausnir einar sér. Reynsla allra þeirra þjóða sem brotist hafa út úr vítahring örbrigðarinnar til bjargálna á seinustu þrjú hundruð árum eða svo er sú, að ríkisvaldið hafi veigamiklu hlutverki að gegna. En það getur því aðeins gerst að ríkisvaldið búi við stöðugt aðhald af upplýstu lýðræði.

Að ráðast að rótum vandans

ÞSSÍ er líka að reyna að ráðast að rótum vandans. Það snýst um vatnsbóla- og hreinlætisverkefni stofnunarinnar við Apavatn (Monkey Bay). Verkefnið snýst um að grafa fyrir grunnum og byggja vatnsból í a.m.k. 150 þorpum og bora fyrir vatni á allt að þrjátíu stöðum uppi í fjöllum þar sem lengra er niður á grunnvatnið. Þar að auki á að koma upp stöðluðum salernum með hreinlætisaðstoðu á jafnmörgum stöðum. Öllu þessu á að koma í verk fyrir upphaf regntímans í desember n.k. þegar allt fer á kaf í vatnsegl.

ber n.k. þegar allt fer á kaf í vatnsegl.

Af hverju er þetta svona mikilvægt? Það er vegna þess að mörg manna megin í þorpum Afríku eiga rætur að rekja til þess að fólkið á ekki lengur aðgang að hreinu vatni. Í stað þess að vera lífsins lind er óhreint yfirborðsvatn oft þvert á móti gróðrarstía smitsjúkdóma. Moskítóan sem breiðir út malaríuna þrífst í kyrrstæðu og göróttu vatni, sem og tse-tse flugan, sem gerir mörg ræktarlegustu héruð Afríku óbyggileg mönnum vegna sjúkdómsfaraldra sem hún breiðir út. Kóleran, sem gýs upp með fárra ára millibili og strádrepur fólk eins og flugur þrífst í þessu sama umhverfi. En hvers vegna gera stjórnmöld í Malaví ekkert í málinu? Ein skýringin er sú að sjálfsþurftarþúskað þorpsbúa leifir engu umfram lífsnauðsynjar til þess að borga skatta. U.þ.b. 60% af fjárlögum ríkisins í Malaví er að sögn gjafafé. En Íslendingar hafa hingað til fylgt skynsamlegri aðferðafræði í sinni þróunarhjálp. Við leggjum ekki fram fé inn í fjárlög viðtökuríkisins og freistum því ekki þjófanna sem þar kunna að liggja á fleti fyrir. Þvert á móti. Við krefjumst þess að stjórnmöld í Malaví leggi fram fjármuni, þótt í litlum mæli sé, í okkar samstarfsverkefni, þannig að þau telji sig líka bera einhverja ábyrgð á framkvæmdinni.

Varðandi vatnsbólin er þess kraftist að heimamenn leggi fram mannskap við að grafa fyrir brunnum og steypa upp vatnsból, enda verða þeir sjálfir að bera ábyrgð á viðhaldi mannvirkisins í framtíðinni.

Það er því ekkert gefið nema því aðeins að viðtakendur sýni einhvern lit á eigin framtaki á móti. Þetta er rétt stefna. Það ber að halda fast við hana, hvað svo sem líður tiskusveiflum í hugmyndum um að viðtakendur þróunarhjálp eigi sjálfir að taka við fénu og bera ábyrgð á framkvæmdinni. Það hefur ekki gefist vel. Tilgangur þróunarhjálp er að hjálpa fólki til að hjálpa sér sjálf, en ekki að venja menn við að verða til frambúðar háðir ölmusugjöfum.

Höfundur dvaldist í Malaví í júlímánuði og kynnti sér þróunaraðstoð Íslendinga í landinu af eigin reynd.

REYKJAVÍK 2008

JAZZ

GLAUMBAR

IDNÓ FRÍKIRKJAN HÁSKÓLABÍÓ

Budweiser Budvar

Budvar kynnr dagskrána í dag

FÖSTUDAGUR 29. ÁGÚST

- KL 12.15 Ingólfssnaust – Hádegisjazz í Ingólfssnausti. **Frítt**
- KL 18 Iðnó /uppi – JAZZ QUIZ! **Frítt**

Hvenær veit maður eitthvað um jazz og hvenær veit maður ekkert um jazz? Er nauðsynlegt að vita eitthvað um jazz? Vernharður Linnét og Pétur Grétarsson hafa sett saman spurningalista sem lið jazzleikara og jazzáhugamanna spreya sig á. Ötrúleg verðlaun í boði.

- KL 20 Frikirkjan – Mógil / Theo Bleckman solo Kr2500

Söngkonan **Heiða Árnadóttir** og félagar hennar hafa sérstök tengsl við timburkirkjur stórar sem smáar og þess vegna er Frikirkjan tilvalin fyrir tónleika þeirra. Plata Mógil kemur út á Radical Duke merkinu í sumar. **Heiða Árnadóttir** söngur, **Ananta Roosens** fiðla og söngur, **Hilmar Jensson** gítar og **Joachim Badenhorst** klarinetur og saxófónar.

Theo Bleckman er samkvæmt erlendu pressunni nýfallinn af himnum ofan. Tónlist hans er allt í senn viðkvæm og ágeng, á gömlum merg og utan úr óraviddum, en umfram allt: "ávallt í tengslum við hlustandann."

- KL 22 Organ – Jóel Pálsson Varp, Tríó Ómars Guðjónssonar: Fram af Kr2200

Tveir glæsilegustu (og best klæddu) fulltrúar íslenskrar jazztónlistar leiða hljómsveitir sínar í gegnum skemmtileg lög og ófyrirsjáanlegan spuna. **Jóel** vann Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir plötu sína Varp 2006 og nýjasta plata **Ómars** var að koma út, en þar fer hann fram af brúninni með tríói sínu. Nokkrir af bestu jazztónlistarmönnum landsins skipa hljómsveitir þessarra heiðursmanna. **Hilmar Jensson**, **Davíð Þór Jónsson**, **Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson**, **Matthías Hemstock**, **Þorgrímur Jónsson**.

- KL 23 Bítbox á Glaumbar. Jam Session **Frítt**

www.midi.is

NORRÆNA HÚSIÐ VONARSALUR



vörurnar fást í Bónus!

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Þjóðlegt og gott!

Lambakótiletturí raspi
frá Kjarnafæði

1.199 kr./kg.
Merkt verð 1.998 kr./kg

Reykt folaldakjöt
m/beini
frá Kjarnafæði

382 kr./kg.
Merkt verð 637 kr./kg



40% afsláttur

40% afsláttur

**Grill-lambafram-
partssneiðar**
frá Kjarnafæði.

969 kr./kg.
Merkt verð 1.292 kr./kg.

**Brauðskinka,
pakkar**
frá Kjarnafæði.

959 kr./kg.
Merkt verð 1.599 kr./kg.

Folaldalundir
í piparmarineringu
frá Kjarnafæði.

2.429 kr./kg.
Merkt verð 2.699 kr./kg.

**Heimilis-
búðingur**
frá Kjarnafæði.

479 kr./kg.
Merkt verð 799 kr./kg.

**Blandað saltkjöt,
2. flokkur**

349 kr./kg.
Merkt verð 498 kr./kg.



25% afsláttur



40% afsláttur



10% afsláttur

Frábært í
helgarmatinn!



40% afsláttur



30% afsláttur

BONUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

BANDARÍSKI LEIKARINN ELLIOT GOULD ER 70 ÁRA Í DAG.

„Vandamál mitt var að ég varð þekktur, áður en ég þekkti sjálfan mig.“

Elliot Gould á langan og farsælan leikferil að baki. Hann hefur leikið í myndum á borð við *M*A*S*H*, *The Long Goodbye*, *American History X* og *Ocean's Thirteen*. Hann er einnig þekktur fyrir leik sinn sem Jack Geller í *Friends*-þáttunum, faðir Monicu og Ross.



tímamót

tímamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 29. ÁGÚST 1885

Einkaleyfi fæst á fyrsta mótorhjólíð

Pennan dag árið 1885 fékk Gottlieb Daimler einkaleyfi á hönnun sína, fyrsta mótorhjólíð í heiminum. Uppfinningamaðurinn Gottlieb Daimler og viðskiptafélagi hans, Wilhelm Maybach, áttu sér þann draum að hanna litla, hraðskreiða vél sem hægt væri að koma fyrir í hvers konar farartækjum.

Árið 1885 hönnuðu þeir blöndung sem blandaði bensíni með lofti svo hægt var að nýta það sem eldsneyti. Sama ár útbjuggu þeir mjög netta, eins hestafél. Stimpillinn í henni var láréttur og slagrymið hundrað kúbíksentimetrar. Vélin fékk nafnið Standuhr eða Grandfathers Clock því Daimler fannst vélin helst líkjast gamalli pendúlklokku.



Daimler setti litla útgáfu af þessari vél í tréhjól og hannaði þannig fyrsta mótorhjólíð. Félagi hans, Maybach, keyrði hjólíð þrjú kílómetra meðfram ánni Neckar og náði hann tólf kílómetrum á klukkustund. Ári síðar settu þeir vél í póstvagn og bát og urðu þekktir fyrir hönnun sína á Grandfathers Clock-vélinni.

Árið 1890 stofnuðu þeir félagar fyrirtækið Daimler Motoren Gesellschaft, eða DMG. Þeir seldu sinn fyrsta bíl árið 1892. Tuttugu og tveimur árum síðar gerði DMG langvarandi samning við bílafyrirtækið Karl Benz's Benz & Cie. Seinna sameinuðust fyrirtækin tvö og úr varð Daimler-Benz Ag.

MERKISATBURÐIR

- 1862 Akureyri fær kaupstaðaréttindi. 286 manns búa í bænum.
- 1898 Dekkjafyrirtækið The Goodyear stofnað.
- 1910 Fyrsti keisaraskurðurinn gerður í Reykjavík þar sem bæði móðir og barn lífa.
- 1914 Ráðherra gefur út fyrirskipanir til tryggingar hlutleysi landsins í „ófriði milli erlendra ríkja“.
- 1945 Bygging Þjóðminjasafnsins við Hringbraut hefst.
- 1948 Baldur Möller löfgræðingur verður skákmeistari Norðurlanda, fyrstur Íslendinga.
- 1971 Kirkjan að Breiðabólstað á Skógarströnd brennur til kaldra kola.

AFMÆLI



Michael Jackson tónlistarmaður er 50 ára í dag.



Manúela Ósk Harðardóttir fegurðardrottning er 25 ára í dag.



Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur er 51 árs í dag.



Benóný Ægisson rithöfundur er 56 ára í dag.

ÁLFTANES: VEGLEGUR FJÖRUDAGUR Á 130 ÁRA AFMÆLI

Fjörurnar sérstaða nessesins

Veglegur fjörudagur verður haldinn á Álftanesi í tilefni af hundrað og þrjátíu ára afmæli Álftaness. „Við, í Fugla- og náttúruverndarfélagi Álftaness, ákváðum að hafa fjörudagana í ár veglegri því sveitarfélagið okkar á afmæli og vildum þess vegna halda hátíð,“ segir Kristinn Guðmundsson, formaður Fugla- og náttúruverndarfélags Álftaness, hlæjandi.

Kristinn segir að þetta sé í annað sinn sem fjörudagur sé haldinn á Álftanesi, en fjörudagurinn fer fram í fjörinni við Hraðhólma sem eru norðvestan við Álftanes. „Við höldum fjörudaga í fyrria en áður höfum við verið bæði með gönguferðir og kynningar á Álftanesi. Þeir mæltust vel fyrir í fyrria. Þar sem þetta afmæli sveitarfélagsins kom upp í ár ákváðum við að nýta það við fjörudagana.“

Þegar Fugla- og náttúruverndarfélagið tók þá ákvörðun að hafa fjörudaginn veglegri bættust fleiri félög á Álftanesi í undirbúninginn. „Það er félag sem heitir Dægradvöl sem hefur haft listviðburði á sinni könnu. Það mun efna til hljómleika í fjörinni,“ upplýsir Kristinn og heldur áfram: „Félag blakkvenna á Álftanesi ætlar að vera með strandblak. Svo kemur formaður hestamannafélagsins með harmonikkuna sína. Þannig að það eru margir sem leggja hönd á plóg,“ segir Kristinn glaður í bragði.

Kristinn segir að uppistaðan í dagskránni sé fjöruférfélag sem farin verður undir hádegis. „Stefna okkar hefur verið að hafa eitthvað skemmtilegt og



KRISTINN GUÐMUNDSSON Margir leggja hönd á plóg í dagskrá á veglegum fjörudegi á sunnudaginn.

fræðandi í fjörinni. Við ætlum að skoða fjöruna og höfum fengið til liðs við okkur sjávarlíffræðinga sem sýna gestum hvernig má sjá og nálgast þær lífverur sem finnast í fjöruborðinu. Við viljum upplýsa fólk um umhverfi sitt,“ segir Kristinn og bætir við að efst í fjörinni verði sjóker sem verður fyllt af sjó og þar geti fólk losað sig við ýmislegt áhugavert sem það finnur í fjörinni. „Þá getur fólk skoðað það lengur eftir að fer að flæða að. Leikskólinn hefur

fengið að njóta góðs af þessu og tekur eitthvað í sjókerið sitt. Hitt fer svo bara í sjóinn aftur.“

Kristinn segir að fjörudagur eigi mjög vel við Álftanesið. „Hálft föðurlandið er hafið. Það er mikið grunnsævi í kringum Álftanesið og miklar fjörur. Þetta er sérstaða Álftaness á miðju höfuðborgarsvæðinu.“

Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á www.alftanes.is.

martaf@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ólafur Þórir Sighvatsson

skipstjóri
Skúlagötu 2, Stykkishólmi,

lést á St. Franciskusspítalanum, Stykkishólmi, þriðjudaginn 26. ágúst. Útförin auglýst síðar.

Eggert Bjarni Bjarnason
Sævar Berg Ólafsson
Guðbjörg Halldóra Ólafsdóttir
Ægir Þór Ólafsson

Hafdis Sverrisdóttir
Hjálfríður Guðjónsdóttir
Þorvarður Einarsson
Eydís Bergmann
Eypórsdóttir
Ásgeir Héðinn
Guðmundsson

María Bryndís Ólafsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vináttu vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, stjúpmóður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Rósu Eiríksdóttir

Hæðargarði 33, áður Miðdal í Kjós,

sem andaðist 11. ágúst síðastliðinn. Sérstakar þakkir færur við Dagvíst MS og Hjúkrunarheimilinu Sóltúni fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Davíð Guðmundsson

Fanney Þ. Davíðsdóttir
Hulda Þorsteinsdóttir
Kristín Davíðsdóttir
Guðbjörg Davíðsdóttir
Katrín Davíðsdóttir
Sigríður Davíðsdóttir
Guðmundur H. Davíðsson
Eiríkur Þ. Davíðsson

Ádalsteinn Grímsson
Gunnar Rúnar Magnússon
Sigurður Ingi Geirsson
Gunnar Guðnason
Svanborg A. Magnúsdóttir
Solveig U. Eysteinsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurbjörg Svanhvít Steindórsdóttir

Borgarheiði 17H, Hveragerði,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut 23. ágúst, verður jarðsöngin frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 30. ágúst kl. 13.30.

Sigurbjörg Gísladóttir

Hannes Kristmundsson
Magnea Ásdís Árnadóttir
Reynir Gíslason

Svanhvít Gísladóttir og fjölskyldur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Helga Ingimarsdóttir

Víðilundi 24, Akureyri,

lést á heimili sínu laugardaginn 23. ágúst. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju í dag föstudaginn 29. ágúst kl. 13.30.

Valborg Svavarsdóttir
Agnes Tulinius Svavarsdóttir
Guðmundur Þorsteinsson og ömmubörnin.

Haukur Valtýsson
Ottó Tulinius



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Ólína Ragnheiður Jónsdóttir

Hátúni, Skagafirði,

sem lést 21. ágúst sl., verður jarðsöngin frá Glaumbæjarkirkju Skagafirði laugardaginn 30. ágúst kl. 14.

Gunnlaugur Jónsson
Ragnar Gunnlaugsson
Jón Gunnlaugsson

Jónína Stefánsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginnáður minn, faðir okkar og afi,

Óskar V. Friðriksson

Árakri 5, Garðabæ,

sem andaðist 21. ágúst, verður jarðsöngin frá Seljakirkju mánudaginn 1. september kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

Guðlaug Þorleifsdóttir
Stefanía Óskarsdóttir
Herdís Óskarsdóttir
Þorleifur Óskarsson og barnabörn.

Jón Atli Benediktsson
Sæmundur Valdimarsson
Kristrún Lilja Daðadóttir

Legsteinar

í miklu úrvali



Steinsmiðja

• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

REIN



DAGVAKTIN HEFST Í SEPTEMBER

KYNNTU ÞÉR
VETRARDAGSKRÁ
STÖÐVAR 2 Á
STOD2.IS



skemmtilegri



Hafðu skjalasafnið meðferðis
Plast-skjalamappa í A4-stærð.
Fæst í svörtu eða hvítu og er með teygju utan um.
400 krónur.



Vísindalegur vasareiknir
Þessi vasareiknir ræður við 244 mismunandi reikni-
aðgerðir en hann getur líka lagt saman og dregið frá ef
það dugir þér. 800 krónur.



Gömul og góð á öxlina
40 cm breið axlartaska. Fæst í gráu, bláu og fjólublá.
Ætli pabbi eða afi hafi ekki átt svona?
800 krónur.



Teygðu á tímanum ...
... og settu teygju utan um minnisatriðin. Þessi svarta
minnisbók fæst í stærðunum A6 (10 x 15 cm) kostar 200
krónur. A5 (21 x 15 cm) kostar 400 krónur. Það eru 76
blaðsíður í hvorri bók um sig.

TIGER
Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkrofu: tiger.kringlan@simnet.is



Ráðherrarnir okkar?

NOKKUR ORÐ
Kjartan
Guðmundsson

Fagnaðarlætin vegna heimkomu strákanna okkar voru að stærstum hluta óskaplega vel heppnuð. Það var eitthvað skemmtilega íslenskt við að sjá mannfjöldann streyma í miðbæinn til að hylla hóp manna með silfurmedalíu um hálsinn, og dagskráin á Arnarhóli var hreint ágæt. Valgeir Guðjónsson var fínn sem kynnrir, og þegar allir sungu saman „Gerum okkar besta“ var erfitt að forðast nostalgíjuvellíðunarhröll. Laddi var líka góður, þótt hann missti sig óþarflega mikið úr Bjarna Fel karakternum yfir í Doktor Saxa eða jafnvel Marteín Mosdal á köflum. Allt var þetta ljómandi dúllulegt. Þangað til ríkisstjórnin mætti á svæðið.

Stemmingin varð vægast sagt vandræðaleg þegar ráðherrarnir bröltu upp á svið einn af öðrum. Þarna


voru 40.000 manns, samankomnir til að berja handboltahetjurnar sínar augum á krepputímum, hálfpartinn neyddir til að fagna ríkisstjórn sem margir vilja meina að sé fráleitt að standa sig, og hafði í raun ekkert með árangurinn að gera. Eins og ef vinur þinn kynnti þig í fyrsta sinn fyrir tannlausri kærustu með bólu og kryppu og spyrdi þig fyrir framan hana: „Finnst þér hún ekki sæt?“ Var ekki hægt að leyfa hinum sönnu hetjum að njóta augnabliksins? Var virkilega nauðsynlegt að blanda pólitík inn í þessa annars ágætu samkomustund?

Sá þjóðfélagshópur sem mér er hvað minnst gefið um eru þeir fjölmörgu sem var skítsama um fótbolta þar til Manchester United hóf að ríða húsum um miðjan tíunda áratuginn, og þóttust þá „alltaf hafa haldið með júnæted, sko!“ Ríkisstjórn Íslands er farin að minna mig óþægilega mikið á slíka frægðarfangara.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




BYR
NÁMSMENN

Fjárhagsleg
heilsa



skemmtilegri



GoldStar

RÍKIÐ - Í KVÖLD KL. 20:40

DREPFYNDIN GAMANÞÁTTARÖÐ

FRÁ HINUM SÖMU OG GERÐU FÓSTBRÆÐUR, SVÍNASÚPUNA OG STELPURNAR

STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR:

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



! ath.

Nú hefur verið opnuð sýning á úrvali muna sem bærust Þjóðminjasafni Íslands árið 2007. Munir sem berast safninu á ári hverju eru jafn fjölbreyttir og þeir eru margir. Meðal muna á sýningunni má sjá ferðaklósett, sem talið er að Friðrik konungur VIII hafi notað í Íslandsheimsókn sinni árið 1907, „hippavesti“ frá því um 1970, pappírspoka merktan Latabæ, fermingarkort frá 1960, barmmerkjafn frá 9. áratug 20. aldar, forna öxi sem fannst fyrir tilviljun í Þjórsárdal sumarið 2004 og rúmfiöl frá 1773.

menning

menning@frettabladid.is

Sjónlistaverðlaunin

Sjónlistaverðlaunin verða afhent 19. september í Flugsafni Íslands við Akureyrarflugvöll. Sent verður beint út frá athöfninni í Ríkissjónvarpinu. Á morgun opnar Listasafn Akureyrar sýningu á verkum þeirra sem tilnefndir eru til verðlaunanna. Komin er út vegleg sýningarskrá með greinum um heiðursverðlaunahafann Högnu Sigurðardóttur arkitekt, myndlistarmennina Margréti H. Blöndal, Ragnar Kjartansson og Steingrím Eyfjörð, og þá sem tilnefndir



RAGNAR KJARTANSSON er tilnefndur til Sjónlistaverðlauna í ár.

eru fyrir hönnun: Guðbjörgu Kristínu Ingvarsdóttur, Hjalta Geir Kristjánsson og Sigurð Eggertsson. Í sýningarskránni eru ítarleg viðtöl við listamennina sem tilnefndir eru. Tvær milljónir króna koma í hlut hvors listamanns sem hreppir fyrsta sæti í sínum flokki, en þetta eru hæstu verðlaun sem veitt eru á sviði myndlistar og hönnunar hér á landi. Sýningin er opin til 19. október.

- pbb

Akureyrarvaka í kvöld

Listasumri á Akureyri lýkur nú um helgina með margbreytilegum hátíðahöldum í bænum. Hefjast þau í kvöld í Lystigarðinum í kvöldhúminu með hljóðfærslætti Retro Stefson, D.Rangers, sem njóta mikilla vinsælda í Kanada; gjörningum, upplestri fyrir unga sem aldna, rúnaráðningum og er boðið upp á kakó til hressingar.

Síðar um kvöldið, kl. 22, leggur Draugagangan af stað frá Minjasafninu þar sem að venju á þessum tíma árs færast vægast sagt draugalegur blær í innbæinn.

Á laugardaginn hefst svo hin eiginlega Akureyrarvaka sem markar lok Listasumars. Fyrstu dagskrárlíðirnir hefjast fyrir hádegi þegar kaffihús og verslanir opna með kaffi, lifandi tónlist og þægilegheitum. Þeir sem vilja hefja daginn á að dorga með börnunum sínum ættu að taka sér ferð með Haffara sem liggur við Torfunefsbruggju. Á hádegi hefjast svo opnanir sýninga og uppákomur í söfnum, galleríum, Akureyrarkirkju, verslunum og Leirutjörn. Útimarkaðir, samkirkjuleg útimessa, flóamarkaðir, leikhús og sirkus eru auðvitað hluti af stemmningu Akureyrarvöku og það sama gildir um tísku og falleg fót. Tvær tískusýningar verða á Akureyrarvöku, bæði fyrir fínu frúrnar og þær sem yngri eru.

Tónlistinni verða gerð góð skil á Akureyrarvöku - Bubbi Morthens spilar í Gilinu, Hjaltalín í göngugötunni, Blind Derek and the backhouse band svo ekki sé nú minnst á sjálfa Sinfóníuhjóm-sveit Norðurlands sem í samvinnu við Leikfélag Akureyrar flytur Sögu dátans eftir Igor Stravínski, þar sem deilt er á auðsöfnun og ríkidæmi.

Utan miðbæjarsvæðisins má nefna heyskap og fyrirlestur í Akureyrarakadémiunni sem staðsett er í Gamla Húsmæðraskólanum í Þórunnarstræti - notalega stemmningu og veitingar í Laxdalshúsi þar sem Sigurður Hallmarsson fjöllistamaður sýnir verk sín. Þing Þjóðræknisfélags Íslendinga fer fram í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju.

Akureyrarvaka nær hámarki á laugardagskvöldið þegar fólk safnast saman fyrir framan Samkomuhúsið þar sem Bakarið við Brúna býður bæjarbúum upp á 16 metra langa ástarökku. Á meðan fólk gæðir sér á ástarökunni opnar hvorki meira né minna en Ástarsafnið á Akureyri. Í allt sumar hefur koss-um, ástarjárnningum og ástarsögum frá ungunum sem öldnum verið safnað. Ástarsafnið sem verður til húsa í gömlum stræti mun leiða ástargöngu Akureyringa þar sem ástin mun gleðja augu og eyru og vonandi snerta hjörtu þeirra þar sem hún brýst fram á ótrúlegustu stöðum. Leiðin liggur inn á Ráðhústorg og þaðan að Menningarhúsinu Hofi þar sem Anna Richards í gervi furðufuglsins mun birtast með fulltingi Röggú Gísla.

Dagskrána má finna á inni á visitakureyri.is og akureyri.is.

pbb@frettabladid.is



TÓNLIST Bubbi spilar í Gilinu annað kvöld.

HEILDSÖLU LAGERSALA

Við rýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum og seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði!

40-80% afsláttur

Mikið úval af: skíðafatnaði, útivistarfatnaði, Soft Shell peysum, golfatnaði, barnagöllum, barnaúlpum og mörgu fl.

Verðdæmi:	verð áður	verð nú
3. laga jakkar:	29.900,-	11.900,-
Skíðabuxur:	15.900,-	8.900,-
Skíðaúlpur	18.900,-	7.900,-
Golfjakkar	16.900,-	7.900,-
Útivistarjakkar	18.900,-	7.900,-
Super Stretch peysur	8.900,-	2.900,-
Soft Shell peysur	16.900,-	4.900,-
Barnaúlpur	9.900,-	2.900,-

Opunartími:		
Föstudagur	29. ágúst	kl. 14-20
Laugardagur	30. ágúst	kl. 10-18
Sunnudagur	31. ágúst	kl. 11-18
Mánudagur	1. september	kl. 14-20


**FYRSTUR
KEMUR
FYRSTUR
FÆR**

Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi


ZO-ON
ICELAND

Óslitin sigurganga

– Fréttablaðið er grunnurinn að dagblaðalestri þjóðarinnar




Óslitin sigurganga Fréttablaðsins undanfarin sex ár er staðfest með nýrri lestrarkönnun Capacent



Auglýsendur athugið!

Yfirburðir Fréttablaðsins umfram bæði Morgunblaðið og 24 stundir eru mjög miklir í nánast öllum aldurshópum.

Hvar er þín auglýsing?



Fréttablaðið tryggir þér aðgang að rúmlega 45 þúsund fleiri lesendum en Morgunblaðið og rúmlega 25 þúsund fleiri lesendum en 24 stundir í aldurshópnum 18-49 skv. nýjustu könnun Capacent.

Fréttablaðið er með 43% meiri lestur en 24 stundir og 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Það er engum blöðum um það að fletta að yfirburðir Fréttablaðsins eru ótvíræðir.

Í stærsta neysluhópnum, 18-49 ára er Fréttablaðið sem fyrr, langmest lesna dagblað landsins, samkvæmt könnun Capacent Gallup maí-júlí 2008. Kannanir síðustu fjögurra ára hafa skotið samkeppnisaðilunum lengra og lengra afturfyrir Fréttablaðið. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Allt sem þú þarft...

...alla daga

Pingað um húsagerð

Þriðji alþjóðlegi fundurinn um rannsóknir á nútíma byggingarlist, sem skipulagður er af Alvar Aalto akademíunni fer fram í Helsinki og Jyväskylä í Finnlandi og verður í endurvarpi í sölu Norræna hússins.



ALVAR AALTO

Á ráðstefnunni eru skoðuð böndin og tengingar milli hugsunar, hönnunar og framkvæmdar. Forsvarsmaður ráðstefnunnar er Kari Jormakka. Á ráðstefnunni koma saman starfandi arkitektar, kennarar, heimspekingar, listasagnfræðingar, félagsfræðingar og samfélagsvísindamenn. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 29. ágúst 2008

→ Kvikmyndir

Reykjavík Shorts&Docs Heimilda- og stuttmyndahátíð í Austurbæ, Snorrabraut 37.

- 15.00 Mini Panorama stuttmyndir
 - 17.00 Heart of the Factory
 - 19.15 Úrvals heimildamyndir
 - 21.00 Cannes Shorts
 - 23.00 Shakespears and Victor Hugo's Intimacies
- Miðasala opnar kl. 14.30

→ Fyrirlestrar

Man, Culture and Nature in Canada and Iceland Samstarfsráðstefna Háskóla Íslands og Manitobaháskóla. Ráðstefnan er öllum opin og stendur yfir um helgina í Háskóla Íslands.

→ Tónlist

Jazzhátíð Reykjavíkur 2008

- 12.15 Ingólfsnaust, hádegisjazz
- 18.00 Iðnó/uppi, Jazzquiz, spurningakeppni um jazz
- 20.00 Fríkrikjan, Mógil, Theo Bleckman solo
- 22.00 Organ, Jóel Pálsson og Ómar Guðjónsson og hljómsveit.
- 23.00 Glaumbar, Bítbox jam session

→ Leiklist

20.00 **Uppljómunin** Snæbjörn Brynjarsson mun flytja sitt eigið leikverk á Kaffi Rót. Verkið er hluti af sviðslistahátíðinni artFart sem halda er af áhugafólki um sviðslistir.

→ Myndlist

Grálist - engin smálist Sýning á verkum 14 listamanna í Deigluinni, Kaupvangsstræti, Akureyri. Opíð til 17.00, laugardag til 22.00. Sýningin stendur til 31. ágúst.

Bjarni Bernharður sýnir 20 akrýlmyndir í 12 Tónum Skólavörðustíg 15. Opnunartími: Mán-föst. 10-18, lau 10-16 og sun. 13-17.

Draumar um ægifegurð í íslenski samtímalist Á Kjarvalstöðum eru til sýnis verk listamanna sem byggð eru á ólíkum hugmyndum þeirra um náttúruna sem fyrirbæri í ljósmynda- og videólist. Sýningin er á dagskrá Listahátíðar Reykjavíkur og lýkur eftir helgi. Opíð kl. 10 - 17.

Þýska listakonan **Hanna Woll** sýnir í Galleríi Dynjanda á Bíldudal. Opíð alla daga frá kl. 9-18.00.

Steingervingar **Elín Edda Árnadóttir** sýnir kolateikningar í Studio Stafni, Ingólfsstræti 6. Opíð alla daga frá 12-17.

→ Viðburður

18.30 **Komandi tímar 2018** - Norræna húsið Gjörningahópurinn Kúmíkat sýnir leikverk. Hljómsveitirnar Sykur, Ásgeir Eysteinn & Sæji og danska hljómsveitin Skandals flytja tónlist. Norræna húsið fagnar 40 ára afmæli og þessi viðburður er hluti af afmælisdagskránni.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



EINAR ÁSKELL. Birtist í Þjóðleikhúsinu á laugardaginn.

Einar Áskell stígur fram

Það eru rétt tuttugu ár síðan Einar Áskell birtist fyrst á íslensku leiksviði og naut þegar mikillar hylli yngstu kynslóðarinnar sem hafði alist upp með þessum sænska velferðardreng.

Nú birtist hann enn á sviðinu og að þessu sinni í útgáfu brúðumeistarans Bernd Ogródnik. Á laugardag frumsýnir Þjóðleikhúsið, í samvinnu við Fígúru - leikhús Berndts Ogródniks, brúðuleikssýninguna Klókur ertu, Einar Áskell.

Gestaleikur þessi er verk brúðugerðarmannsins Berndts Ogródniks sem byggir á sögum Gunilla Bergström um þennan uppátækjasama snáða. Sýnt verður í Kúlunni, barnasviði Þjóðleikhússins á Lindargötu 7, og hefst sýningin kl. 15.

Einar Áskell hefur verið afdúsgestur á íslenskum heimilum hátt í fjóra áratugi. Bækurnar um hann hafa komið út reglulega og sumar í fleiri en einni prentun. Þær yngstu af hálfu Gunilla taka á brýnum umhugsunar- og þroska-

efnum barna, síðast skelfilegri fortíð nýbúa.

Ogródnik sækir í sögu af Einari þar sem hann fær að leika við föður sinn og kemst í verkfærakassann hans. Brúðugerðarmeistarinn Bernd Ogródnik hefur sett upp sýningar víða um heim en auk þess að semja og sýna brúðusýningar þá býr hann til brúður, gerir leikmynd og semur og flytur tónlist. Bernd hefur gert brúður af ýmsu tagi, bæði fyrir leikhús og kvikmyndir. Hér í Þjóðleikhúsinu hefur hann meðal annars sett upp sýningarnar Pétur og úlfinn og Umbreytingu - ljóð á hreyfingu.

Rithöfundurinn Gunilla Bergström hafði samband við Bernd og hafði áhuga á að vinna með honum að skemmtilegu verkefni tengdu Einari Áskelli. Afraksturinn er sýningin Klókur ertu, Einar Áskell en sýningin er byggð á bókunum Svei-attan, Einar Áskell og Góða nótt, Einar Áskell. Bernd hennar og stýrir brúðum í sýningunni auk þess að gera leikmynd hennar, leikstjóri er Kristján Ingimarsson en búninga hennar Helga Björt Möller.



CAVALLERIA RUSTICANA

MASCAGNI

PAGLIACCI

LEONCAVALLO

KRISTJÁN JÓHANNSSON
JÓHANN FRÍÐGEIR VALDIMARSSON
SÓLRÚN BRAGADÓTTIR
ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR
AUÐUR GUNNARSDÓTTIR
TÓMAS TÓMASSON
ALINA DUBIK
SESSELJA KRISTJÁNSDÓTTIR
ALEX ASHWORTH
EYJÓLFUR EYJÓLFSSON

KURT KOPECKY
SVEINN EINARSSON
ÞÓRUNN S. ÞORGRÍMSDÓTTIR
HELGA BJÖRNSSON
PÁLL RAGNARSSON

KÓR OG HLJÓMSVEIT
ÍSLENSKU ÓPERUNNAR

MÍÐASALAN OPNAR Í DAG
FRUMSÝNING 19. SEPTEMBER 2008
ATH! AÐEINS ÁTTA SÝNINGAR



ÍSLENSKA ÓPERAN
WWW.OPERA.IS



Sveitaball í borginni með
Stuðbadalagið
í kyöld

Komdu og kynntu þér nýju útisvalarnar

REYKJAVÍK 2008

JAZZ

Í BORGinni!
26.-30. ÁGÚST



HAFSTEINN REYKJALÍN

heldur Málverkasýningu í EDEN í Hveragerði.

Sýningin stendur yfir í næstu þrjár helgar, eða frá 30. Ágúst til 14. Sept.



GOSA

Hann er kominn aftur!

Örfáar aukasýningar í haust

Nú gefst aftur tækifæri að sjá ævintýri Gosa og félagu í Borgarleikhúsinu. Frábær fjölskyldusýning með skemmtilegum sönglögum. Allra síðustu sýningar í september.

Miðasala hafin Sun. 7. sept. kl. 14
Sun. 14. sept. kl. 14
Sun. 21. sept. kl. 14
Sun. 28. sept. kl. 14

Sett upp í samstarfi við

ávoxtur
-alveg satt!

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**



Borgarleikhúsið



MAMMÚT



THE WALKMEN

> Í SPILARANUM

Mammút - Karkari
Pete Molinari - A Virtual Landslide
Stórsveit Guðmundar Inga - Sagan af Eyfa
Ýmsir flytjendur - Ég fíla 90's
The Walkmen - You & Me

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Frí smáskífa á netið

Skakkamanage hefur ákveðið að breiða út boðskapinn og gefa smáskífu með tveimur lögum. Skífuna má nálgast á netinu.

„Við erum nýbúin að klára plötu og stefnum á að gefa hana út 1. október. Við ákváðum í tilefni af því að platan er tilbúin að taka tvö lög og setja á netið. Þannig að fólk fái forsmekkinn,“ segir Svavar Eysteinnsson, liðsmaður sveitarinnar.

En af hverju að gefa skífuna? „Það er rosalega erfitt að átta sig á hvernig plötumarkaðurinn er, hann er eitthvað svo skritinn um þessar mundir. Við lifum í stafrænum heimi. Við ákváðum því að í staðinn fyrir að fara út í það fyrirtæki að gefa út þessi tvö



SKRIFUM LOKIÐ Upptökum á nýrri plötu Skakkamanage er lokið og smáskífa komin á netið.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL R.

lög væri sniðugra að gera þetta svona. Svo er kreppa og enginn á pening. Þá vantar bara að meira af hlutum séu ókeypis,“ segir Svavar.

Smáskífan verður að duga aðdáendum í bili því einhver bið er á tónleikum með sveitinni. „Við erum svolítið hingað og þangað þessa stundina. En það verða örugglega tónleikar með haustinu. Svo verður partí og læti þegar platan kemur út.“

Svavar vonar að upptækinu verði vel tekið. „Við vonumst til þess að þetta kveiki gríðarlega eftirvæntingu og löngun eftir nýju plötunni og fólk komi sér saman um að kaupa hana.“ Smáskífuna má nálgast á skakkapopp.is.

-kbs



> Plata vikunnar

Boys in a Band - Black Diamond Train

★★★★

„Þó að tónlist Boys In A Band sé ekki byltingarkennd þá er þessi bílskúrsrokkkeyrsla þeirra félagar sérstaklega kraftmikil og stuðvekjandi. Ein af skemmtilegri plötum ársins það sem af er.“

TT



TÓNINN GEFINN Trausti Júlíusson

Purple Chick bjargar Bítlunum

Nú þegar geisladiskurinn hefur verið ráðandi í tónlistarútgáfu í yfir tvo áratugi þá er það ekki bara undarlegt heldur stórfurðulegt að enn sé ekki hægt að fá þekktustu plötur frægustu hljómsveitar allra tíma í almennilegum geisladiskaútgáfum.

Sgt. Peppers Lonely Hearts Club Band, Revolver, White Album og Abbey Road eru allar á meðal bestu verka poppsögunnar, en samt eru útgáfurnar sem eru í boði af þeim á CD algerlega óviðunandi.

Umslögín eru ófullkomin endurgerð af gömlu vinyllumslögnum, það er ekkert aukafni og það sem verst er, hljóðblöndunin er hræðileg. Hljómgæði geisladiska hafa batnað mikið síðustu ár, en útgáfurnar af fyrrnefndum Bítlaplötum eru frá mesta niðurlægingskeiði geisladisksins hvað hljóð varðar – árunum í kringum 1990.



SGT. PEPPERS Besta plata sögunnar?

Nick Cave eru væntanlegar í vetrarbyrjun. Í fyrra var talað um 40 ára afmælisútgáfu af Sgt. Peppers, en hún kom aldrei.

Nú hafa óþolinmóðir aðdáendur hins vegar gripið í taumana. Purple Chick er leynihópur aðdáenda sem hefur útbúið viðhafnarútgáfur af öllum Bítlaplötunum með mun betri hljómi heldur en opinberu útgáfurnar og glás af aukafni. Sgt. Peppers-útgáfan þeirra er sexföld og Revolver tvöföld svo dæmi séu tekin. Nýlega komu svo safnplötur með bestu tónleikaupptökunum. Þessar útgáfur eru fánlegar sem niðurhal á netinu og eru ókeypis. Á umslögnum sem hver sem er getur prentað út stendur „fan created disc – NEVER FOR SALE!!!“ Tímaritið Rolling Stone er á meðal þeirra sem hrósa Purple Chick-útgáfunum í hástert.

Allt þetta fer leynihópur aðdáenda létt með. Á sama tíma stöðvar helgislepjan og vandræðagangurinn sem hefur lodað við útgáfu á Bítlaefni allt hjá EMI. Nýjar útgáfur á vinyli eru þó skref í rétta átt.

Skemmtileg vinna með skemmtilegu fólki

Við leitum að duglegu starfsfólki í verslanir okkar.

Við leggjum mikið upp úr því að starfsfólki okkar líði vel í vinnunni og rekur öflugt félagslíf. Einnig nýtur starfsfólk fjölda fríðinda.

Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára.

Umsækjendur fylli út umsókn á www.10-11.is eða hafi samband við verslunarstjóra í næstu verslun.

1011

...alltaf opið!

www.10-11.is



METALLICA Rob Trujillo bassaleikari, Kirk Hammet gítarleikari, James Hetfield söngvari og Lars Ulrich trommuleikari. Metallica gefur út nýja plötu í september sem þeir segja að sé afturhvarf til gullaldarára sinna.

Afturhvarf til gamla skólans

Vinsælasta, áhrifamesta og að margra mati besta rokkhljómsveit síðasta aldarfjórðunginn er að fara að gefa út nýja plötu. Já, piltarnir í Metallica halda enn að þeir geti rokkað frá sér allt vit. Steinþór Helgi Arnsteinsson athugaði hvort Metallica geti enn framkall- að gott svitabað.

Angurværir gítartónar, staðfastar trommur og væminn en ákveðinn Hetfield syngjandi um að sólskin- ið komi aldrei. Svona líður tíminn þangað til hraðinn er aukinn, og síðan enn meira og allt í einu tekur eitthvað One-wannabe gítarriff að hljóma. Síðan rembast allir eins og rjúpan við staurinn án sýnilegrar fullnægingar. Þannig birtist manni nýjasta lag Metallica, The Day That Never Comes, af plötunni Death Magnetic sem kemur út í september.

Rick Rubin stígur upp í brúna

Tíðindi af nýju plötunni komu strax árið 2006 þegar liðsmenn sveitarinnar tilkynntu að samferðamaður þeirra til fimmtán ára, Bob Rock,

sem hafði séð um upptökustjórn fyrir Metallica allt frá Svörtu plötunni, hefði verið hent úr brúnni og við stjórnvöllinn myndi verða enginn annar en Rick Rubin.

Rick Rubin hefur gert ótrúlega hluti í gegnum tíðina og ekki eingöngu bjargað heldur beinlínis búið til feril margra sveita og tónlistarmanna. Af hverju ætti hann ekki að geta blásið nýju lífi í feril Metallica? Hann gat jú gert Johnny Cash aftur hipp og kúl þrátt fyrir að Cash væri kominn yfir sextugt.

Afturhvarf til gamla skólans

Death Magnetic markar einnig fleiri tímamót. Piltarnir hafa sagt skilið við Elektra-plötufyrirtækið og gerast heidarlegir með því að gefa út beint undir merkjum Warner-bræðranna. Sá hátturinn var líka hafður á við gerð plötunnar að allir fengu að koma með sitt framlag við hvert einasta lag hennar. Lýðræði á sem sagt að ríkja núna innan her- búða Metallica og sálfræðitryllirinn sem einkenndi gerð St. Anger átti að vera á bak og burt.

Ög þótt efnið á Death Magnetic sé að nokkru leyti leifar frá St. Anger-tímabilinu þá átti hún ekki að eiga neitt skylt við þau „mistök“ eins og margir vilja kalla St. Anger.

Nei, afturhvarf til gamla skólans var boðað.

Með nostalgíuglampa í augum

Lítum samt aðeins á staðreyndirnar: Starfsaldur Metallica fer að nálgast þrjátíu ár, þeir ákváðu að fá Rick Rubin, meistaran mikla, til að lífga upp á sig, þeir kasta fram frósum í viðtölum eins og: „Okkur hefur aldrei liðið betur í hljóðverinu“ og „Nýja efnið og hvernig við vinnum það minnr okkur á gömlu tímana, frá Master og Justice tímabilinu“, og svo heitir nýja platan Death Magnetic. Ég meina, hvað á maður að halda annað en að hér séu á ferð gamlir menn með nostalgíuglampa í augum sem langar til að klöfesta eitthvað sem þeir höfðu en týndu fyrir göðum áratug síðan?

Þeir fá þó allavega prik í kladdann fyrir að reyna og það verður ekki af því skafið, Death Magnetic minnr um margt á gömlu tímana. Ég nefndi það til dæmis áðan að við hlustun á nýja slagaranum væri One oft ofarlega í huga. Annað lag, My Apocalypse, minnr einnig ískuggilega mikið á Master of Puppets. Svo er líka annað lag sem heitir The Unforgiven III (!). Verst við þessi lög að þau eru ekki nærri eins góð og fyrirrennarar þeirra.

Ráðstefna á RIFF

Ráðstefna um snertifleti tónlistar og kvikmynda verður á tónlistar- dagskrá Alþjóðlegrar kvikmynda- háttíðar í Reykjavík, eða RIFF.

Sjónum verður beint að heimildarmyndinni Heima og skoðað hvað gerði þá mynd eins vinsæla og vel heppnaða og raun ber vitni. Til þess eru kallaðir umboðsmaður Sigur- Rósar, Kári Sturluson, Brad Abramson, varaförseti heimildar- deildar VH1, fulltrúi True North og Stefan Denitriou hjá EMI.

Þá verður fjallað um hljóðspor, eða „soundtrack“ og hvernig tónlist og kvikmyndir geta aukið sölu hvort á öðru. Til þess eru fengnir

Eric Michon frá Universal Music í Frakklandi og Thomas Jamois, for- stjóri hljóðsporadeildar Naïve.

Loks verða samningar og sam- ningsvandamál rædd. Mikkel Malt- ha frá Zentropa í Danmörku og Elisa Lundgren leiða gesti úr frum- skógi lagalegra vandkvæða í Evr- öpu en Atli Örvarsson fræðir gesti um aðferðir Hollywood við kaup á tónlist í kvikmyndir.

Ráðstefnan fer fram í Norræna húsinu 2. október og kostar 15.000 krónur að taka þátt, hádegismatur innifalinn. Hægt er að skrá þátt- töku í gegnum netfangið register@riff.is.

-kbs



FYRIRMYND Heimildarmyndin Heima um tónleikaferð Sigur Rósar telst afar vel heppnuð.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Skúli og Ólöf sameinast í NY

Ólöf Arnalds og Skúli Sverrisson munu leiða saman hesta sína í New York 9. september. Það verður í fyrsta sinn sem listamennirnir spila hvor sitt efni á tónleikum í Ameríku.

„Fyrst var mér boðið út til að spila á hátíð sem heiti East Village Radio Festival,“ segir Ólöf. „Svo ákvað ég í framhaldi af því að skipuleggja fleiri tónleika og þá stilltum við upp einum saman, ég og Skúli.“

Ólöf kom að plötunni hans og öfugt og gefur það atburðinum sérstakan tón. „Við ætlum eitt-hvað að spila, hvort með öðru, sem er mjög gaman.“

Þetta eru fyrstu tónleikarnir með efninu af plötum okkar beggja, í Ameríku. Við höfum



SÍFELT Á FLANDRI Ólöf Arnalds spilar með Skúla Sverrisson í New York.

einu sinni spilaði á sömu tónleikum, en þá spiluðum við ein.“ Einnig segir hún ánægjulegt að fá að

sjá þá erlendu tónlistarmenn sem komu að plötu Skúla spila með honum.

Ólöf er annars á sífelldum þvælingi um heiminn. Núna síðast spilaði hún með frænda sínum, Ólafi Arnalds, í Brussel og svo styttist í risahátíðina WOMEX. „Ég gerði mér eiginlega enga grein fyrir því hvað hátíðin væri stór fyrr en að það var í höfn að ég myndi spila. Það kom mér skemmtilega á óvart.“

En hvenær má búast við nýju efni frá Ólöfu? „Annaðhvort kemur það rétt fyrir jólin eða ég sleppi því að strekkja mig á því og þá kemur það líklegast í janúar eða febrúar. Það ræðst af ýmsu, hvernig gengur með son minn og svona.“

Tekinn fyrir leka

Það mætti halda að FBI héldi sérstaklega upp á Guns 'N' Roses. Bloggarinn Kevin „Skwerl“ Cogill fékk all-tént að kenna á því þegar hann lak næstum tilbúnum lögum af hinni alræmdu Chinese Democracy á vefsíðu sína.

Kevin var handtekinn með látum á miðvikudaginn fyrir grun um brot á höfundarréttarlögum. Kevin hefur áður leikið lögum Guns 'N' Roses, nú seinast í júní. FBI heimsótti hann einnig þá, en

slepti honum stuttu síðar. Chinese Democracy hefur verið svo lengi í smíðum að Dr. Pepper-gosframleiðendurnir eru sagðir ætla að gefa öllum Bandaríkjamönnum dós ef platan kemur út fyrir lok árs. FBI ætlar greinilega að sjá til þess að platan komi út löglega, þegar og ef hún loksins kemur.



VINUR FBI? Axel Rose og félagar í Guns 'N' Roses fengu hjálp við að stoppa Kevin í að leka lögum þeirra á netið.



TÓNLIST

Án titils

Nas

★★★★

Nas sannar að hann er einn af flinkustu röppurum sögunnar á sérstaklega pólitískri plötu.

Pólitískur Nas

Nas er níunda plata Nasir Jones. Hún átti upphaflega að heita Nigger (eða Nigga), en rapparinn hætti við þá nafngift eftir hörð mótmæli úr ýmsum áttum, meðal annars frá Jesse Jackson og Fox-sjónvarpsstöðinni. Í staðinn er platan nafnlaus.

Textarnir á nýju plötunni eru pólitískari en oft áður og fjalla um bandarískt þjóðfélag í dag og stöðu þeldökkra. Myndin á umslaginu og nöfn laganna gefa tóninn: America, Ni**er (The Slave and the Master), Sly Fox (sem er gagnrýni á Fox) og Black President. Nas er firnaflinkur rappari. Það verður seint leiðinlegt að hlusta á hann, hvað sem hann tekur fyrir, en hér er hann í stuði og það rennur upp úr honum snilldin.

Tónlistarlega er platan nokkuð þétt þó að hún brjóti ekki blað. Á meðal taktsmíða eru Salaam Remi, Mark Ronson, stic.man úr Dead Prez og Polow da Don sem á heiðurinn af smáskífulaginu Hero. Á meðal þeirra sem syngja og rappa á plötunni með Nas eru Busta Rhymes, The Game, Keri Hilson og The Last Poets.

Á heildina fín plata frá einum af meisturum rappansins.

Trausti Júlíusson

Ótrúlegar vinsældir

Ekkert lát virðist vera á Abba-æðinu sem runnið hefur á landann eftir frumsýningu kvikmyndarinnar Mamma Mia!



MAMMA MIA! Platan hefur selst í yfir sex þúsund eintökum á Íslandi.

Alls hafa nú yfir sex þúsund eintök selst af geisladisknum með tónlistinni úr myndinni.

Þá hefur kvikmyndin, sem skartar stórleikurum á

borð við Meryl Streep og Pierce Brosnan í aðalhlutverkum, notið fádæma vinsælda. Vel yfir 80 þúsund Íslendingar hafa séð myndina í kvikmyndahúsum, sem gerir hana að stærstu mynd ársins til þessa.

AKUREYRARVAKA 2008

Helgin 29. og 30. ágúst

- » Lystigarðurinn í rökkurró að venju
- » Draugagangan Minjasafnið og Leikfélag Akureyrar
- » Sjónlistarverðlaunin 2008 opnun á verkum tilnefndra listamanna
- » Dulmögn Djúpsins Anna Gunnarsdóttir bæjarlistakona
- » Saga Dátans Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Leikfélag Akureyrar
- » Agora Sirkuz Iceland við Samkomuhúsið
- » Hjaltalín í göngugötunni
- » New Icelander Freya Olafsson Húsið - Rósenborg
- » Tískusýning Christu í göngugötunni
- » Bubbi Morthens útitónleikar í Gilinu
- » Ástarkakan Bakaríð við Brúna og MS Akureyri bjóða í kvöldkaffi
- » Ástarsafnið opnar ást Akureyringa alls staðar
- » Fljúgandi furðufugl Anna Richardsdóttir bæjarlistakona og Ragga Gísla

[RUB23] FLUGFÉLAG ÍSLANDS Landsbankinn AKUREYRARSTOFA NORÐURLAND PI kranar

nánari upplýsingar á www.visitakureyri.is

> NÝJASTA NÝTT

Ný fegrunar meðferð nýtur nú mikilla vinsælda í Bandaríkjunum, en þar spila litlir fiskar stóra rullu. Fótum með harðri og óásjálægri húð er dyft í vatnsbala með svöngum fiskum, sem narta í tærnar þar til harða húðin er horfin og eftir eru mjúkir og fínir fætur. Búist er við því að innan skamms verði boðið upp á sambærilegar meðferðir fyrir líkamann allan.

fólk

folk@frettabladid.is



Tískusýning á Skólavörðustíg

Skólavörðustígurinn verður aftur undir lagður af tískusýningardöðum á morgun, en í þetta skiptið er það sýningin Stígurinn sem þar fer fram. Það er samstarfsverkefni hárgreiðslustofunnar 101 Hárhönnun og tiskuhússins ER við Skólavörðustíg. Þá mun Þórhildur Ýr Jóhannsdóttir sýna hönnun sína undir nafninu Tóta Design. Hár fyrirsætnanna verður í höndum starfsfólks Hárhönnunar 101, sem notar hárvörur frá Aveda til að skapa haustgreiðslurnar.

„Við erum að halda sýninguna í þriðja skiptið í ár og lokum Skólavörðustígnum eins og í fyrra. Núna ætlum við hins vegar að breyta aðeins til og fáum hljómsveitina Sometime til að spila fyrir gesti og gangandi og leika undir sýningunni,“ útskýrir Þórhildur, sem er iðulega kölluð Tóta. Tískusýning undir berum himni hefur í för með sér ýmsar áhættur og getur verið erfið í fram-

kvæmd ef veður er slæmt, eins og raunin var á menningarnótt. „Það var búið að spá rigningu á morgun, en spáin hefur verið að breytast og lítur mjög vel út núna,“ segir Tóta fegin.


„Það á jafnvel að vera sól og allt að fimmtán stiga hiti. Ef veðrið bregst okkur erum við með b-áætlun, en við notum hana ekkert, það verður bara að vera brjálæðislega gott veður,“ segir hún ákveðin og hlær við.

Fötin frá Tóta design munu fást á Hárhönnun 101. Sýningin á laugardag hefst klukkan 16 og eru allir velkomnir. Bakkus býður gestum og gangandi upp á fljótandi veitingar í tilefni dagsins.

- sun

VONAST EFTIR GÓÐU VEÐRI Þórhildur Ýr Jóhannsdóttir er ein þeirra sem standa fyrir tískusýningu undir berum himni á Skólavörðustígnum á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Vill fara eins og pabbi

Móðir leikarans Matthew McConaughey, Kay, hefur sent frá sér sjálfsvævisöguna I Amaze Myself. Þar talar hún meðal annars um það þegar eiginmaður hennar og faðir Matthews lést í miðjum ástarleik þeirra hjóna.

„Á mánudagsmorgnum kvöðumst við oft með því að njóta ásta. En einn daginn, allt í einu, gerðist það. Ég vissi að eitthvað var að því ég heyrði ekkert frá honum. Ekki neitt. En það var besta leiðin til þess að kveðja!“ skrifar Kay, sem kveðst hafa verið afar stolt af eiginmanni sínum og öllum líkamshlutum hans. „Ég gekk úr skugga um að hann væri nakinn þegar þeir sóttu hann því ég var

bara svo stolt að sýna minn stóra, fallega Jim McConaughey og gjöfina hans,“ skrifar Kay, sem greinir einnig frá því að Matthew hafi komið undir skömmu eftir að hún og Jim giftu sig í þriðja skiptið.

„Ég var að reyna að ákveða mig. Vildi ég annað barn? Vildi ég halda fram hjá? Eða fara aftur í skólann? Þá kom Matthew undir. Við höfðum reynt í 16 ár og ekkert barn, svo Matthew kom okkur á óvart!“ skrifar móðirin.

Matthew hefur reyndar sjálfur sagt að þegar hans tími komi vildi hann gjarnan fá að fara sömu leið og faðir hans. „Ég get ekki ímyndað mér betri leið,“ segir leikarinn.

Lohan-fjölskyldan tekst á

Lohan-fjölskyldan er í uppnámi eftir að Michael Lohan, faðir leikkonunnar góðkunnna, talaði við fjölmiðla um óánægju sína með Samönthu Ronson. Hann heldur því fram að hún sé „að nota“ Lindsay.


Michael Lohan, föður leikkonunnar Lindsay Lohan, hefur enn einu sinni tekist að reita dóttur sína til reiði. Hann lýsti því nýlega yfir að hann hefði miklar áhyggjur af sambandi hennar og Samönthu Ronson og sagði plötusnúðinn vera að nota Lindsay. Michael heldur að Samantha ætli sér að gefa út einhvers konar ævisögu og selja þar með söguna af ástarsambandi sínu og Lindsay.

„Ég er að missa vitið yfir þessu. Þetta kemur Lindsay ekki vel. Við skulum bara segja að ég vona að Lindsay fari að opna augun og átta sig á því hvert fólk sem er að nota hana er,“ sagði Michael, sem áskar Samönthu einnig um að halda víni að dóttur hans – sem á að vera edrú eftir að hafa farið í meðferð í fyrra. „Samantha drekkur og réttir Lindsay drykki undir borðið. Á bak við tjöldin versnar þetta bara og versnar,“ segir Michael.

Lindsay var fljót að vísa ummælum föður síns á bug. „Hann er stjórnláus. Ég vil að hann hætti að særa og tala við fjölmiðla um fólk sem ég elska,“

ÁHYGGJUFULLUR

Michael Lohan kveðst bera hag dóttur sinnar fyrir brjósti og óttast að Samantha sé að nota hana.



ÓSÁTTAR Lindsay segir pabba sinn vera stjórnláusan og Samantha vísar því á bug að hún hyggt skrifa bók um lífið með Lindsay.

NORDICPHOTOS/GETTY

MEIRA FYRIR NÁMSMENN

Aukakrónusöfnun með **Námutvennu**

Landsbankinn

Náman | námsmannþjónusta Landsbankans

410 4000 | landsbanki.is



Einn með íslenskri náttúru

Stefan Erdmann er ástfanginn af Íslandi. Svo ástfanginn að hann hefur helgað sig landinu og kvikmynd um það seinustu ár. Myndin heitir Ísland 63°66° og er sýnd á Shorts and Docs.



MEÐ GLAMPA Í AUGUM Stefan hefur helgað sig ást sinni á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég hætti aldrei að elska Ísland. Ég kom til landsins árið 2001 og kolféll fyrir því. Þá ákvað ég að gera mynd um Ísland, en ekki mynd eins og allar hinar, þar sem farið er Gullna hringinn og á aðra ferðamannastaði. Ég vildi sýna fólki hvernig mér líður þegar ég er hérna og hvernig ég ferðast um landið. Þetta er mjög persónuleg mynd,“ segir Stefan.

„Ég hef eytt mörgum árum í að mynda hvern stað fyrir sig, nákvæmlega eins og mér finnst hann eigi að vera. Sumir staðir eru leiðinlegir ef veðrið er ekki skýjað, eða engin þoka er yfir svæðinu.“

Hann segir viðbrögð Íslendinga skipta sig miklu. „Ómar Ragnarsson kom til mín eftir sýningu og sagði að sér fyndist virkilega mikið til myndarinnar koma. Þegar Ómar hrósar manni, þá veit maður að maður hefur staðið sig vel. Þegar ég sýndi hana í Þýskalandi kom fólk til mín grátandi og þakkaði mér fyrir.“

Ísland 63°66° er fyrsta mynd Stefans. Hann sér um alla þætti myndarinnar sjálfur, en tónlistarkonan Isgaard sér um hluta tónlistarinnar. Hann býr í Þýskalandi. Af hverju flyst hann ekki til landsins?

„Það er góð spurning. Markmið mitt er að selja nóg af DVD-diskum með myndinni og kaupa svo hús á Vestfjörðum. Þar er Ísland, vindurinn, fuglarnir, hrá náttúran og ekkert fólk. Ég vil vera í einmanaleikanum,“ segir Stefan með glampa ástfangins manns í augnum. Myndina má nálgast í bókabúðum. **- kbs**

Náman | námsmannþjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is



FIMMTUGUR Í DAG Michael Jackson er fimmtugur í dag. Hann fer mest huldú höfði í Las Vegas. NORDICPHOTOS/GETTY

Fimmtugur Jackson á VMA?

Madonna er ekki eina poppgöðin sem fagnar hálfvaxandi afmæli á árinu. Michael Jackson, konungur poppsins, er fimmtugur í dag. Umfjallanir um þau tímamót eru þó fyrirferðarminni en þegar Madonna brosti og blasti við öllum fyrir rétt um viku síðan – enda ferill Jacksons allur annar en popprinsessunnar.

Frá því að réttarhöldin yfir poppstjórnum áttu sér stað árið 2005, sem lauk þannig að Jackson var sýknaður af öllum ákærum varðandi meinta kynferðislega misnotkun á börnum, hefur poppgöðin að mestu leyti farið huldú höfði. Hann dró sig í hlé á eyjunni Bahrain, lokaði búgarði sínum, Neverland, og hefur látið lítið fyrir sér fara síðan, að örfáum atburðum undanskildum. Jackson

sneri til að mynda aftur til Bandaríkjanna til að votta James Brown virðingu sína þegar tónlistarmaðurinn lést árið 2006.

Nú gengur hins vegar orðrómur þess efnis að Jackson muni koma fram á MTV Video Music Awards hátíðinni sem haldin verður í Los Angeles 7. september næstkomandi. Tónlistarmaðurinn hefur verið við upptökur á nýrri plötu í Las Vegas ásamt Black Eyed Peas meðlimnum will.i.am að undanförunu. Forsvarsmenn MTV munu gjarnan vilja gefa honum tækifæri til að endurlífga tónlistarferilinn með þátttöku á hátíðinni – þó að dæma um að slíkar tilraunir misheppnist hrápallega sé ekki langt að leita. Það muna enn flestir eftir atriði Britney Spears á hátíðinni í fyrra.

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreiningu, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í lönskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.



Anna F. Gunnarsdóttir

Stundaskrá	1. Önn	2. Önn	Starfsmöguleikar:
	Litgreining	Fatastíll	Innkaupastjóri
	Förðun út frá litgreiningu	Fatasamsetning	Útlitsráðgjafi
	Litasamsetning	Textill	Stilisti
			Verslunarstjóri

Erna, stilisti



Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vann ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stílsögunu.

Skjöldur Mio, tiskuráðgjafi



Ég taldi mig vita flest allt um tisku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heimikið um fatasamsetningu, textil, lítafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

EVA, verslunarstjóri



Námið var stórskemmtilegt og nýtist mér vel í starfi mínu sem verslunarstjóri VILA í Smáralind.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNTRITUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN



KOSTAR EKKI NEMA NEITT

Nemakortið gerir nemendum á framhalds- og háskólastigi kleift að ferðast endurgjaldslaust á umhverfisvænan og þægilegan hátt.

Nemendur með lögheimili í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Álftanesi eiga rétt á Nemakortinu skólaárið 2008-2009.

Sæktu um Nemakort á www.strætó.is



Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

2 VIKUR Á TOPPNUM Í USA
BLACK STILLER, DOWNNEY...
L.L.B. TOPPSÍSI/FBL DV

TROPIC THUNDER
FRÁ BEN STILLER KEMUR EIN KLICKADASTA GRINMYND ÁRSINS

GET SMART

MAMMA MIA!

SÝNINGARTÍMAR

TROPIC THUNDER	kl. 5.40, 8 og 10.15	16
GET SMART	kl. 5.40, 8 og 10.15	L
MAMMA MIA	kl. 6 og 9	L

SAMBÍÓINN

BLACK STILLER, DOWNNEY...
L.L.B. TOPPSÍSI

TROPIC THUNDER
GET SOME

Sveitabréðkaup

Yfir 65.000 manns

ÁLFABAKKA

TROPIC THUNDER	kl. 3:40 - 5:40 - 8 - 10:20	16
TROPIC THUNDER	kl. 5:40 - 8 - 10:20	VIP
SVEITA BRÚDKAUP	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
GET SMART	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
DARK KNIGHT	kl. 5:40 - 8:30 - 10:20	12
STAR WARS	kl. 3:40 - 5:50	L
THE MUMMY 3	kl. 8	12
WALL-E m/isl. tali	kl. 3:40D	L

SELFÖSS

SVEITA BRÚDKAUP	kl. 8 - 10:10	L
MAMMA MIA Síð. sýn.	kl. 5:50	L
WALL-E m/isl. tali	kl. 5:50	L
SKRAPP ÚT	kl. 8	12
X-FILES 2	kl. 10:10	16

AKUREYRI

SVEITA BRÚDKAUP	kl. 6 - 8 - 10	L
WALL-E m/isl. tali	kl. 6	L
GET SMART	kl. 8 - 10	L

KRINGLUNNI

DARK KNIGHT	kl. 6:20 - 8 - 10	12
STAR WARS	kl. 3:40D - 5:50D	L
GET SMART	kl. 10:10	L
WALL-E m/isl. tali	kl. 4:10D	L
WALL-E m/ensku tali	kl. 5:50 - 8	L
KUNG FU PANDA m/isl. tali	kl. 3:40	L

KEFLAVÍK

TROPIC THUNDER	kl. 8 - 10:20	16
SVEITABRÚDKAUP	kl. 8 - 10	L
STAR WARS	kl. 5:45	L
WALL-E m/isl. tali	kl. 5:45	L

Brúðkaupsbíllinn

Í stað þess að styðjast við fullmót- að og frágengið handrit grípa nú sífellt fleiri íslenskir kvikmynda- gerðarmenn til þeirrar aðferðar að vinna handrit í hópefli með leikurunum, í samvinnu við leik- stjóra móta þeir persónur, aðstæð- ur og framvindu sögunnar. Fyrir kvikmyndagerðarmenn hefur þetta þann ókost að erfiðara er að sækja um styrki vegna ágalla í lögum, sem gera ekki ráð fyrir slíkum efnistöku.

Fyrir áhorfendur hefur ávinningurinn aftur á móti verið nokkur, hvort sem um er að ræða drama eða gaman, eins og tvíleik- ur Vesturports og Ragnars Braga- sonar, Börn og Foreldrar, og sjón- varpsþættirnir Næturvaktin bera glögg vitni um.

Á þessi mið rær Sveitabréðkaup, fyrsta leikstjórnarverkefni Valdísar Óskarsdóttur, sem er að góðu kunn fyrir kvikmyndaklippingu. Valdís sá leikhópnum fyrir hugmynd um persónur, söguþráð og umgjörð, leikararnir sáu um þróun persónanna, sem allar luma á leyndarmáli sem ekki mátti ljóstra upp fyrir en í töku.

Myndin segir frá Ingu og Barða, sem ætla að ganga í það heilaga í gamalli sveitakirkju, að viðstödd- um nánustu ættingjum. Tvær rútur leggja því í hann, hvor með sína fjölskylduna innanborðs, þar á meðal brúði á barmi taugaáfalls, brúðguma með innilokunarkekkni, blautan pabba, móður í afneitun, fráskilda foreldra brúðgumans og ófáa misvelkomna gallagripni til viðbótar ásamt nokkrum fortíðar- draugum. Semsagt tvær fimmtán tonna púðurtunnur í talstöðvar- sambandi á leiðinni út á land - illu heilli veit enginn nákvæmlega hvert.

Sveitabréðkaupi má lýsa sem „filgúdd“ vegafarsa, þar sem leyndarmálin spinnast af sér mis- skilning sem magnast smám



saman upp í allsherjar katastróf- ú. Hugmyndin er prýðisgóð og úrvinnslan myndin. Þótt söguvið- ið sé einsleitt og að mestu bundið við rúturnar tvær leiðist áhorf- anda aldrei; rennslíð er öruggt og stígandinn þétt. Persónugalleríið er hversdagslega litskrúðugt, breyskar manneskjur og bognar. Samspil milli karaktera er vel heppnað, þökk sé sannfærandi og góðum leikhóp, sem sýnir hvað er hægt að gera mikið úr litlu með því að nostra við smáatriðin. Það er augljóst að hópurinn hefur skemmt sér vel við tökur.

Myndatakan er að hætta dogma- stílsins, sem raunveruleikasjón- varpið tók síðan upp, sem skapar tilfinningu eins og maður sé að fylgjast með atburðarásinni í gegnum myndbandsupptökuvél einhvers veislugestsins; stundum er eins og maður sé að horfa á eitthvað sem öðrum var ekki ætlað að sjá. Þá setur polkaskotin tónlist hljómsveitarinnar Tiger Lillies skemmtilegan blæ á mynd- ina.

Efniviðurinn býður óneitanlega upp á ærsil og læti, en Valdís heldur sér réttum megin við strikið nánast út alla myndina - þó í blá-

KVIKMYNDIR

Sveitabréðkaup

Leikstjóri: Valdís Óskarsdóttur
Aðalhlutverk: Nanna Kristín Magnúsdóttir, Björn Hlynur Haraldsson, Kristbjörg Kjeld, Theódór Júlíusson og fleiri.

★★★

Skemmtileg persónusköpun, smitandi leikleifi og myndin framvinda. Snotur mynd og hlý sem auðvelt er að njóta.

lokin sleppi farsinn af sér beislinu í reyndar bráðfyndnu atriði. Það er helst persóna prestsins, sem Ingvar E. Sigurðsson leikur, sem stígar, að minnsta kosti með annan fótinn, út fyrir mörk hins trúan- lega; Herdís Þorvaldsdóttir er vissulega dásamleg sem hvefsin stútukskerling - en hvað ætli þessi persóna hafi komið oft fyrir í íslenskum kvikmyndum, þótt hún þjáist nú af elliþöpum?

En allt um það. Sveitabréðkaup er snotur mynd og skemmtileg, tekur sig ekki háttíðlega og er auð- velt að njóta.

Bergsteinn Sigurðsson

Hugh Hefner í hnapphelduna?

Samkvæmt tímaritinu OK Magazine ætlar kvennabósinn Hugh Hefner að ganga í það heilaga. Sú heppna er engin önnur en „fyrsta“ kærasta Hefners, Holly Madison. Tímaritið hefur þessar heimildir sínar frá manni sem sagðist hafa heyrð „aðra“ kærustu Hefners, Bridget Marquardt, tala um að í lok fimmtu seríu þáttanna The Girls Next Door, verði haldið stórt brúðkaup og að hún og „þriðja“ kærastan, Kendra Wilkinson, muni flytja út úr setrinu að þáttaröðinni lokinni.

Hefner, sem er 82 ára gamall, er þó enn kvæntur seinni eiginkonu sinni, fyrrum playboykanínunni Kimberley Conrad. Hefner og Kimberley giftust árið 1989 og



Einna konu maður Samkvæmt tíma- ritinu OK ætla Hugh og kærasta hans að ganga í það heilaga.

skildu að borði og sæng tíu árum seinna, en eru samkvæmt lögum enn hjón. Það þykir því ekki lík- legt að Hefner gamli sé að fara að ganga í hnapphelduna.

Fékk hillu ofan á sig

Nýlega sást til Kelly Osbourne þar sem hún gekk um götur Lúndúnarborgar og skartaði myndarlegu glóðarauða og með plástur á enni. Í fyrstu vildi Kelly ekkert segja um meißli sín en að lokum tjáði talsmaður hennar fjölmiðlum að Kelly hefði verið svo óheppin að fá heila eldhúshillu ofan á sig þegar hún teygði sig eftir glasi. Kelly er að sögn hress þrátt fyrir þetta óhapp..



Óheppin Kelly meiddist á andliti þegar eldhúshilla féll ofan á hana.

FRÁ BEN STILLER KEMUR EIN KLICKADASTA GRINMYND ÁRSINS!

BLACK STILLER, DOWNNEY...
L.L.B. TOPPSÍSI/FBL DV

TROPIC THUNDER

LÚXUS

MAKE IT HAPPEN

ROCKER

Sveitabréðkaup

MAMMA MIA!

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

TROPIC THUNDER	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
TROPIC THUNDER LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
MAKE IT HAPPEN	kl. 4 - 6 - 8 - 10.10	L
THE ROCKER	kl. 5.40 - 8 - 10.20	7
MAMMA MIA	kl. 5.30D - 8D - 10.30D	L

REGNBÖGINN Sími 551 9000 **650 kr.**

ÓDÝRT Í BÍÓ!

MAKE IT HAPPEN	kl. 5.40 - 8 - 10.20	L
X - FILES	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
THE STRANGERS	kl. 6 - 8 - 10	16
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L

HÁSHÖLA BÍÓ Sími 530 1919

allar myndir - allar sýningar - alla daga

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

TROPIC THUNDER	kl. 6 - 8 - 10.10	16
THE ROCKER	kl. 10.10	7
MAMMA MIA	kl. 6 - 8	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞU KAUPIR BÍÓMIDANN Á **mid.is**

5% **LAUSN**

SparBíó 550kr SAMbio.is **SAMBÍÓINN**

Föstudag

WALL-E með íslensku tali kl. 3:40 í Álfabakka kl. 4:10 í Krínglunni kl. 6 Akureyri, kl. 5:45 í Keflavík og kl. 5:50 á Selfossi	STAR WARS kl. 3:40 í Álfabakka kl. 3:40 í Krínglunni kl. 5:45 í Kefl	TROPIC THUNDER kl. 3:40 í Álfabakka	KUNG FU PANDA ísl. tali kl. 3:40 í Krínglunni	MAMMA MIA kl. 5:50 á Selfossi
---	---	--	--	----------------------------------

MERA FYRIR NÁMSMENN

2 fyrir 1 í bíó

Landbankinn

*Gildir á sýningar mánudaga til fimmtudaga sé greitt með Námkorti í gallabuxnaútliti. Gildir ekki í lúxusala eða á íslenskar myndir.

Náman | námsmannþjónusta Landbankans 410 4000 | landbanki.is

Djassinn dunar

Jazzhátíð Reykjavíkur heldur áfram í kvöld með forvitnilegri dagskrá.

Theo Bleckman er búinn að vera áberandi í tónlistarlífi New York frá því hann fluttist þangað fyrir fimmtán árum. Hann verður líka áberandi á tónleikum í Fríkirkjunni í kvöld þar sem hann spilar og syngur með Mógil, íslensk-belgísku sveitinni. Hann hikar ekki við að blanda saman stefnum og straumum í tónlist bæði með yfirburða raddtækni sinni og rafrænum hjálpartækjum. Af samstarfsfólki hans má nefna Laurie Anderson, Anthony Braxton, Philip Glass, Meredith Monk og Michael Tilson Thomas. Hann vinnur úti um allan heim og kemur fram með listamönnum af ýmsu tagi.

Íslensk-belgíska hljómsveitin Mógil samanstendur af Heiðu Árnadóttur söngkonu, Hilmari Jenssyni gítarleikara, Joachim Badenhorst klarinettuleikara og Ananata Roosens fiðluleikara. Mógil er að fagna útkomu geisladisk síns Ró sem er nýkominn út á Íslandi og verður gefinn út í Evrópu 28. september af belgísku útgáfunni Radical Duke. Löggin eru samin af hljómsveitarmeðlimum



TÓNLIST Jóel Pálsson flytur í kvöld efni af sinni marglofuðu plötu, Varpi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR og textar eru ýmist íslenskar þjóðvísur eða eftir Heiðu.

Tónleikarnir fara fram í Fríkirkjunni í kvöld klukkan 20.

Jóel Pálsson og Ómar Guðjónsson koma svo fram með tvískipta dagskrá á Organ í kvöld klukkan 22 sem lögð er undir efni af nýlegum diskum þeirra, Varpi Jóels og Fram af Óskars. Þar verða með vaskir sveinar í báðum deildum. Síðla kvölds verður svo sitthvað að bíta og brenna á Bitboxinu á Gláumbar.

pbb@frettabladid.is

سُكِي

Glæsímarkaður í Perlunni,
laugardaginn 30. ágúst kl. 10-18
sunnudaginn 31. ágúst kl. 12-17

Prada
Karen Miller
Guerlain
metkjavatn
Ótrúlegu
verði!
Luis Vuitton

Allt milli himins og jarðar

Ævintýranlegar upptökur
Arabísk stemmning
Flott uppboð

Dagskrá: Laugardagur 30. ágúst

Kl. 10:00 Perlun opnar
Kl. 13:00 Gosi skemmtir börnum
Kl. 13:30 Boot Camp ævintýra-rattlekur fyrir utan Perluna (fyrir 13 ára og yngri)
Kl. 14:00 Englakórinn syngur
Kl. 15:00 Björn Jörundur Friðbjörnsson tekur lagið
Kl. 16:00 Uppboði lýkur - verk og viðburðir slegnir og seldir!
Kl. 18:00 Markaðnum lýkur.

Sver króna rennur óskipt til uppbyggingar á skóla fyrir börn og konur í Jemen.

Jóhanna Kristjónsdóttir er driffjöður verkefnisins.

Practical, Nýherji, 365, Expó, i8, Prentmet, Plastrent, Boot Camp, Securitas, Ölgerðin, Kaffitár, Kassagerðin, Eik fasteignarfélag, Penninn, Grænn Markaður, Augljós Merking, Litla Prent, ásamt fjölda fyrirtækja og einstaklinga sem gefið hafa vörur á markaðinn.



Í SPOR DÍVU Audrey Tautou mun takast á við hlutverk Coco Chanel í nýrri mynd.

Chanel leik-in af Tautou

Það kom fram á Cannes að Amelie-stjarnan Audrey Tautou mun leika tiskudrottninguna Coco Chanel í nýrri mynd, sem ber nafnið Coco Avant Chanel.

Myndin er byggð á ævisögu Edmonde Charles-Roux, L'Irreguliere. Beint er sjónum að hæfni hennar til að koma af stað nýrri tísku, eins og þegar hún gerði sólbrúnu vinsæla með því einu að koma heim úr fríu sínu gullinbrún. Svo ekki sé minnst á litlu svörtu kjólana og tímalaut ilmvatnið.

Karl Lagerfeld mun sjá um búninga myndarinnar, sem verða auðvitað endurgerðir af hönnun Chanel sjálfar. Það er því ljóst að Sex and the City hefur verið veitt samkeppni hvað varðar búningahönnun. Framleiðsla myndarinnar hefst í París 15. september næstkomandi.

- kbs

Facebook-kvikmyndin

Aaron Sorkin, höfundur West Wing og Charlie Wilsons War, er með kvikmynd um Facebook í smíðum. Fréttir af verkefninu bárust í gegnum Facebook-síðu Sorkin.

Myndin mun ekki snúast um fólk sem nær saman í gegnum „status“-breytingar eða endalausar „applications“. Hún snýst um hvernig Facebook varð til. Facebook var stofnað af Mark Zuckerberg og tveimur vinum hans, Dustin Moskovitz og Chris Hughes, fyrir Harvard-skólann. Gullgæs Zuckerberg hefur síðan gripið heiminn og honum boðist fúlgur fjár fyrir síðuna. Zuckerberg neitar hins vegar að selja.

Líðsmenn Empire-tímaritsins eru þess handvissir að Sorkin sjálfur hafi breitt út fréttina, eftir að hafa komist að því að þeir gætu ekki „addað“ honum.

- kbs

BLACK STILLER DOWNEY JR.

KOMIN Í BÍÓ

★★★★★ DV

★★★★★ L.I.B Topp5.is/FBL

TROPIC THUNDER

FRÁ BEN STILLER KEMUR EIN KLÍKKADASTA GRÍNMYND ÁRSINS

ÚTSÖLULOK

20-50%

AFSLÁTTUR

Komdu og skoðuðu
Mongoose fjallahjól
og þú gætir fengið
miða á Tropic Thunder

WWW.GAP.IS

FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7

S: 5200 200 • MÁN - FÖS. KL. 9-18. • LAU. KL. 10-16

> U-21 árs hópurinn klár

Lúkas Kostic, þjálfari U-21 árs landsliðs Íslands, hefur valið átján manna leikmannahóp fyrir leiki gegn Austurríki 5. september og Slóvakíu 9. september. Hópurinn er sem hér segir: Markverðirnir eru Þórður Ingason og Ingvar Jónsson. Vörðinn skipa Arnór Aðalsteinsson, Hallgrímur Jónsson, Heimir Einarsson, Hólmur Örn Eyjólfsson og Þórir Hannesson. Miðjumenn eru Ari Freyr Skúlason, Heiðar Geir Júlíusson, Eggert Gunnþór Jónsson, Guðmundur Kristjánsson og Jóhann Berg Guðmundsson. Sóknarmenn eru svo Birkir Bjarnason, Rúrik Gíslason, Guðjón Baldvinsson, Arnór Smáráson, Gylfi Þór Sigurðsson og Kolbeinn Sigþórsson. Leikurinn gegn Austurríki fer fram í Austurríki en leikurinn gegn Slóvakíu fer fram á Víkingsvelli í Reykjavík.

sport
sport@frettabladid.is



HEIÐAR HELGUSON: ER KOMINN Á NÝJAN LEIK INN Í ÍSLENSKA LANDSLIÐSHÓPINN FYRIR UNÐANKEPPNI HM 2010

Mig langaði bara rosalega til þess að koma aftur

Harðjalexinn Heiðar Helguson hjá Bolton var valinn í tuttugu og tveggja manna landsliðshóp Ólafs Jóhannessonar fyrir leikina gegn Noregi og Skotlandi í undankeppni HM 2010 en að hann gaf nú kost á sér á nýjan leik, rúmu ári eftir að hafa ákveðið að hætta með liðinu.

„Mig langaði bara rosalega til þess að koma aftur og spila fyrir landsliðið. Ólafur kom á tali við mig og bað mig um að hugsa málið um endurkomu í liðið og ég gerði það og þetta er niðurstaðan. Ég ákvað að slá til,“ segir Heiðar.

Spurður út í hvort að Grétar Rafn Steinsson, liðsfélagi hans hjá Bolton og nú í landsliðinu, hafi þrýst á hann að snúa aftur þá kvað hann að ekki hafi þurft mikla sannfæringu til þegar allt kom til alls.

„Það þurfti náttúrulega ekkert að ýta við mér eða þrýsta á mig eftir að ég var búinn að velja þessu fyrir mér. Grétar helvitíð lét mig annars ekkert í friði yfir þessu,“ segir Heiðar á léttrum nótum. Heiðar ákvað að hætta með liðinu á sínum tíma vegna persónulegra ástæðna og vildi lítið ræða þær ástæður

en fullyrta þó að þær hefðu ekkert haft með þáverandi þjálfara liðsins að gera.

„Ég get ekki séð að það komi neinum við af hverju ég hætti á sínum tíma. Það var bara mín ákvörðun og ég held því bara útaf fyrir mig. Ég get alla vega staðfest að það hafði ekkert með landsliðshópinn Eyjólf Sverrisson að gera. Samband okkar var mjög fínt og ég kunni vel við hann og geri enn,“ segir Heiðar.

Heiðar kemur með mikla leikreynslu inn í landsliðið þar sem hann á fjörtíu landsleiki að baki og er því þriðji landsleikjahæsti leikmaðurinn í tuttugu og tveggja manna leikmannahópnum og hann vonar að hún eigi eftir að nýttast liðinu í komandi verkefnum.

„Þetta verður mjög erfitt en mjög gaman. Það hafa verið ákveðin kynslóðaskipti hjá liðinu síðustu ár og það er bara gaman að taka þátt í því. Ég ætla að vona að leikreynsla mín geti hjálpað liðinu eitthvað,“ segir Heiðar.



Pétur Pétursson, aðst. þjálfari: Alvaran að byrja

FÓTBOLTI Pétur Pétursson, aðstoðarþjálfari íslenska landsliðsins, er sáttur með undirbúning liðsins fyrir undankeppnina sem hefst von bráðar.

„Við erum sáttir með að hafa fengið alla vináttulandsleikina sem gáfu okkur kost á að kynna þessum strákum og við erum sáttir með valið á hópnum. Nú er alvaran hins vegar að byrja og menn verða að sýna árangur úti á vellinum,“ segir Pétur.

LANDSLIÐSHÓPUR ÍSLANDS

Fyrir leiki gegn Noregi og Skotlandi

Markverðir:	
Kjartan Sturluson	(Valur)
Stefán Logi Magnússon	(KR)
Varnarmenn:	
Hermann Hreiðarsson	(Portsmouth)
Indriði Sigurðsson	(Lyn)
Kristján Örn Sigurðsson	(Brann)
Grétar Rafn Steinsson	(Bolton)
Ragnar Sigurðsson	(IFK Gautaborg)
Birkir Már Sævarsson	(Brann)
Bjarni Ólafur Eiríksson	(Valur)
Miðjumenn:	
Stefán Gíslason	(Bröndby)
Emil Hallfreðsson	(Reggina)
Ólafur Ingi Skúlason	(Helsingborg)
Pálmí Rafn Pálmason	(Stabæk)
Theodór Elmar Bjarnason	(Lyn)
Davíð Þór Viðarsson	(FH)
Aron Einar Gunnarsson	(Coventry)
Hólmur Örn Rúnarsson	(Keflavík)
Sóknarmenn:	
Eiður Smári Guðjohnsen	(Barcelona)
Heiðar Helguson	(Bolton)
Gunnar Heiðar Þorvaldsson	(Esbjerg)
Veigar Páll Gunnarsson	(Stabæk)
Stefán Þór Þórðarson	(ÍA)

Heiðar í leikmannahópnum á ný

Tuttugu og tveggja manna leikmannahópur Íslands fyrir leikina gegn Noregi og Skotlandi í undankeppni HM 2010 var tilkynntur í gær. Landsliðshjálfi Ólafur Jóhannesson er ánægður með sitt val og kvað alla þá leikmenn sem hann leitaði til hafa gefið kost á sér, en þar á meðal er framherjinn Heiðar Helguson.

FÓTBOLTI Landsliðshjálfi Ólafur Jóhannesson tilkynnti á blaðamannafundi í gær tuttugu og tveggja manna leikmannahópinn fyrir leikina gegn Noregi og Skotlandi í undankeppni HM 2010 í byrjun næsta mánaðar. Endurkoma Heiðars Helgusonar, framherja Bolton, í íslenska landsliðshópinn vakti þar mesta athygli.

Ólafur sló á létta stengi á blaðamannafundinum eins og hans er von og vísa og þegar hann var spurður hvort valið á landsliðshópnum hafi valdið honum hugarbrotum var hann fljótur að svara.

„Valið var í sjálfu sér ekki erfitt, ekki þegar ég var búinn að velja,“ segir Ólafur.

Rætt hefur verið um ákveðin kynslóðaskipti hjá landsliðinu og Ólafur viðurkenni að leikmannahópurinn væri ekki reynslumikill í vissum stöðum á vellinum en hefur ekki sérstakar áhyggjur af því.

„Við erum með tvo markmenn sem eru ekki með mikla leikreynslu og miðjumennirnir okkar eru flestir með litla leikreynslu en ég treysti þeim leikmönnum sem ég valdi og tel þá hundrað prósent tilbúna í þetta verkefni sem framundan er,“ segir Ólafur.



UPPLESTUR Landsliðshjálfi Ólafur Jóhannesson þylur upp landsliðsmennina tuttugu og tvo sem valdir voru fyrir leikina gegn Noregi og Skotlandi. Honum til fulltingis eru Þórir Hákonarson, framkvæmdarstjóri KSÍ, til vinstri og aðstoðarþjálfari Pétur Pétursson til hægri.

Átján leikmenn af þeim tuttugu og tveimur sem valdir voru koma til með að verða á leikskýrslu hverju sinni í leikjunum og það hafði örlítil áhrif á val Ólafs.

„Ég velti því mikið fyrir mér hvort að ég ætti að kalla á þá Arnór Smáráson og Jóhann Berg Guð-

mundsson inn í leikmannahópinn en ákvað svo að gera það ekki og leyfa þeim frekar að spila með U-21 árs liðinu á móti Austurríki og Slóvakíu heldur en eiga jafnvel von á því að sitja á varamannabekkmum eða uppi í stúku,“ segir Ólafur.

Sigurleikur kvendagsliðsins á Sviss á miðvikudagskvöldið var sögulegur:

Helena og Krístrún með met

KÖRFUBOLTI Íslenska kvendagsliðið byrjaði Evrópukeppnina af miklum krafti á Ásvöllum á miðvikudagskvöldið og tveir af leikmönnum liðsins náðu einstökum árangri í sögu landsliðsins á heimavelli.

Helena Sverrisdóttir og Krístrún Sigurjónsdóttir áttu báðar mjög góðan leik og settu báðar met. Enginn leikmaður A-landsliðs kvenna hefur skorað fleiri stig í heimaleik en Helena og enginn leikmaður A-landsliðs kvenna hefur skorað fleiri þriggja stiga körfur í heimaleik en Krístrún.

Helena skoraði 25 stig í leiknum og hefur aðeins einu sinni skorað fleiri stig í einum landsleik en það var þegar hún skoraði 33 stig í sigri á Írum í Dublin í fyrra. Helena átti gamla metið yfir flest stig á heimavelli ásamt þeim Hildi Sigurðardóttur og Erlu Þorsteinsdóttur en allar höfðu þær náð að skora 22 stig í heimaleik. Hildur

og Erla skoruðu báðar stigin sín í vináttulandsleikjum á móti Englandi.

Krístrún skoraði fjórar þriggja stiga körfur á móti Sviss og bætti þar með metið sem fimm leikmenn áttu áður en Pálína Gunnlaugsdóttir bættist einnig í þann hóp í þessum leik með því að skora þrjár þriggja stiga körfur.

Birna Valgarðsdóttir hafði náð að skora þrjár þriggja stiga körfur í þremur landsleikjum á heimavelli en þær Helga

Þorvaldsdóttir, Björg Hafsteinsdóttir, Erla Reynisdóttir og Hildur Sigurðardóttir höfðu allar skorað þrjár þriggja stiga körfur í einum leik.

Anna María Sveinsdóttir á enn stigametið í einum leik hjá kvendagsliðinu en hún skoraði 35 stig á móti Möltu á Möltu árið 1996. Birna Valgarðsdóttir hefur síðan skorað flestar þriggja stiga körfur í einum leik en hún setti niður 6 þriggja stiga körfur á móti Möltu í Andorra sumarið 2004.

25 STIG Enginn leikmaður hefur skorað fleiri stig á heimavelli í einum leik heldur en Helena Sverrisdóttir á móti Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

4 PRISTAR Enginn leikmaður hefur skorað fleiri þriggja stiga körfur á heimavelli í einum leik heldur en Krístrún Sigurjónsdóttir á móti Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



30. ÁGÚST
ISLANDSMEISTARAMÓT Í FJALLABRUNI

Keppnin verður haldin í nýrri sérhannaðri braut í Vífilstaðahlíð Heiðmörk laugardaginn 30. ágúst.

Keppnin hefst 14:00 Æfingar byrja 10:00 Skráningu lýkur 13:00
Keppnisgjald er 1000kr
Nánari upplýsingar og keppnisreglur má finna á www.hfr.is

CTI® - SPELKUR FYRIR SPORTIÐ
www.ossur.is/cti

Skógræktarfélag Reykjavíkur HFR HÖLLENDIUMÉLAG REYKJAVÍK uóffti ÖSSUR

BT

SKÓLADAGAR Í BT!

14.899 kr kaupauki fylgir
öllum tölvum á skóladögum

20.222,-
VERÐLÆKKUN

99.777,-



Réttitunarhugbúnaðurinn Málfar að verðmæti 3.900 kr fylgir
Málfar er leiðréttingaforrit fyrir Microsoft Word og Microsoft Outlook. Það er notað til að lesa yfir íslensk skjöl og benda notandanum á stafsetningarvillur. Forritið er mjög hraðvirkt og getur lesið 10 blaðsíðna ritgerð á aðeins nokkrum sekúndum.

24 mánaða aðgangur að Orðabók.is að verðmæti 5.000 kr fylgir
Orðabók.is er ensk-íslensk og íslensk-ensk veforðabók með samtals 150.000 uppflettorðum. Sparaðu þér tímann og láttu tölvuna finna orðið sem þig vantar.



Bullguard 8.0 öryggislausn að verðmæti 5.999 kr fylgir
Bullguard öryggislausnin samanstendur af einum fullkornasta antivirus / anti-spyware hugbúnaði sem fánalegur er ásamt öflugum eldvegg og ruslpóstsíu. Til viðbótar býður Bullguard upp á 5gb öruggt geymslupláss á netinu.

TOSHIBA

Toshiba fartölva
SAT L350-14K. Þú þarft ekkert að fóna afkastagetunni þó þú skiptir yfir í fartölvu. Í þessari 17" sameinast kostir fartölvu og borðtölu. Stór 17" háskerpu skjár og lykklaborð í fullri stærð með talnaborði gerir hana að alvöru vinnuhesti. (Vörunúmer: 160062) VERÐ AÐUR 119.999,-

- Intel Pentium Dual Core T2390
- 2GB DDR2 / 160 GB HDD
- 17" TruBrite WXGA+
- Intel GMA X3100 skjástýring
- DVD Skrifari
- Inbyggð vefmyndavél
- Face tracking
- Windows Vista Home Premium
- Works, WinDVD



BT LÁN

Verð frá
4.285,-
36 mánaða

14.899 kr kaupauki fylgir



ALLUR PAKKINN...
....Og meira til

22.222,-
VERÐLÆKKUN

107.777,-



LG fartölva
E500 E500-K.AP88V. Ein sú allra vinsælasta á markaðnum í dag. Frábær hönnun. Talnaborð í fullri stærð hentar vel í Excel skjölin. Gott skjákort gerir hana líka að öflugri margmiðlunarvél. (Vörunúmer: 159891). VERÐ AÐUR 129.999,-

- Intel Pentium Dual Core T2370
- 3 GB RAM, (2 GB + 1 GB DDR2)
- 250 GB SATA hard disk
- DVD multi dual layer brennari
- 15.4" FineBright (glare) WXGA
- WiFi a/g/n þráðlaust netkort
- Nvidia GeForce 8600M GS 256 MB
- Talnaborð og kortalesari
- Webcam 1,3m pixel
- Windows Vista Home Premium

14.899 kr kaupauki fylgir

BT LÁN

Verð frá
4.605,-
36 mánaða





REKINN Leifur Garðarsson, stjórnaði Fylkisliðinu í 54 leikjum og liðið vann 17 þeirra en tapaði 22. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Landsbankdeild karla:

Leifur rekinn

FÓTBOLTI Leifur Garðarsson var í gær rekinn sem þjálfari Fylkis í Landsbankadeild karla, aðeins þremur dögum fyrir undanúrslitaleik liðsins á móti Fjölni í VISA-bikar karla. Síðasti leikur Leifs með Fylki var 0-2 tap á heimavelli á móti KR en Fylkir hefur aðeins unnið 1 leik af síðustu 11 deildarleikjum sínum.

Leifur hefur þjálfað Fylki í þrjú sumur en liðið er sem stendur í 10. sæti deildarinnar, fjórum stigum frá fallsæti og með leik meira en HK sem er í 11. sætinu.

Það verða Páll Einarsson og Sverrir Sverrisson, fyrrum leikmenn Fylkis, sem taka við liðinu út tímabilið og fyrsti leikur þeirra verður undanúrslitaleikurinn á móti Fjölni á Laugardalsvelli á sunnudaginn.

Andstæðingar Valsmanna, FC BATE Borisov frá Hvíta-Rússlandi, fór alla leið inn í Meistaradeildina:

Við sáum að þetta var alvöru fótboldalið

FÓTBOLTI Hvít-rússneska liðið FC BATE Borisov er komið alla leið inn í Meistaradeildina eftir að liðið sló út búlgarska liðið PFC Levski Sofia í 3. umferð forkeppninnar. BATE-liðið hafði áður slegið Valsmenn út úr keppninni í fyrstu umferð og belgíska stórlíðið RSC Anderlecht út úr annarri umferð.

„Við sáum að þetta var alvöru fótboldalið. Það kemur hins vegar á óvart að þeir séu komnir alla leið inn í riðlakeppnina,“ sagði Guðmundur Benediktsson en hann og aðrir Valsmenn voru greinilega að glíma við mjög sterkt lið í fyrstu umferðinni þar sem Valur tapaði

0-3 samanlagt. Þetta er í fyrsta sinn frá árinu 1999 þegar forkeppnin varð fyrst spiluð í þremur umferðum sem andstæðingar íslensks liðs fara alla leið inn í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Slóvakíska liðið FC Kosice fór reyndar inn í Meistaradeildinni 1997 eftir að hafa unnið Skagamenn en

LÝSIR LEIKJUM BATE

Guðmundur Benediktsson segir Bate-liðið hafa komið sér á óvart.

FRÉTTABLAÐIÐ/



þá voru aðeins spilaðar tvær umferðir í undankeppni Meistaradeildarinnar.

„Ég held að það hafi verið hægt að vera heppnari með drátt í þessu og það voru mörg önnur lið sem maður hefði frekar kosið að lenda á móti,“ segir Guðmundur. „Ég er þá bæði að tala um lið sem við hefðum átt meiri möguleika gegn en einnig meira spennandi lið. Við getum samt

alltaf sagt að við höfum spilað á móti þessum þegar við förum að fylgjast með meistaradeildinni,“ sagði Guðmundur sem kemur til með að lýsa leikjum liðsins á Stöð 2 Sport í vetur.

„Ég verð að halda með þeim aðeins og vera aðeins hlutdrægur,“ sagði Guðmundur í léttum tón. Hann býst ekki við að þeir spili heimaleiki sína í Meistaradeildinni á sama stað og Valsmenn léku. „Ég hugsa að þeir muni spila á Þjóðarleikvanginum í Mínsk en við spiluðum í Borisov sem er í nokkurra klukkutíma fjarlægð frá höfuðborginni,“ segir Guðmundur.

- 66j

Torres fer aftur heim til Madrídará

Ensku liðin voru ekki jafn heppin þegar dregið var í riðla í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Real Madrid, Juventus og Evrópuemeistarar félagslíða í Zenit drógust öll í sama riðli ásamt Valsbönunum úr Bate.

FÓTBOLTI Það var mikil spennan í loftinu í Monte Carló í gær þegar dregið var í riðla fyrir Meistaradeildina í vetur. Það er ólíkt hlutskipti ensku liðanna í drættinum fyrir riðlakeppni í Meistaradeildinni, því á sama tíma og Manchester United og Chelsea virðast eiga greiða leið inn í 16 liða úrslitin þá gæti það orðið mun erfiðara verkefni fyrir lið Arsenal og Liverpool að komast upp úr sínum riðlum.

Manchester mætir Celtic

Evrópuemeistararnir í Manchester United drógust á móti skosku meisturunum í Celtic sem ætti að vekja mikla lukku í Bretlandi. Í riðlinum eru einnig Villareal frá Spáni og danska liðið Aalborg.

„Við elskum alltaf að dragast á móti Evrópuemeisturum eins og við gerðum líka síðast. Við ætlum bara að endurtaka leikinn og komast aftur áfram og það er alveg ljóst að þetta verða frábærir leikir á móti Manchester United,“ sagði Scott McDonald, framherji Celtic.

Þetta er í annað skiptið á þremur árum sem United og Celtic dragast saman í riðil.

Chelsea er í fínum málum, eins og mótherjar þeirra í úrslitaleiknum síðasta vor, því liðið mætir ítalska liðinu Roma og svo Bor-



NÚ OG ÞÁ Spánverjinn snjalli Fernando Torres kom frá Atletico Madrid (til vinstri) til Liverpool (til hægri) þar sem hann spilar

deaux frá Frakklandi og rúmenska liðinu Cluj. Það vita fáir eitthvað um rúmenska liðið en að öllu eðlilegu þá ættu Chelsea og Roma að skila sér upp úr þessum riðli.

Arsenal lenti í mjög sterkum



riðli með Porto, Fenerbahce og Dynamo Kiev og á bæði löng ferðlög og erfiða leiki framundan.

Fernando Torres snýr aftur heim til Atlético Madrid því Liverpool dróst í riðil með spænska liðinu. Liverpool keypti Torres frá

Atlético fyrir rúmu ári síðan en hann var þá fyrirlíði liðsins og aðalstjarnan. Liverpool á ekki auðvelt verkefni fyrir höndum því í riðlinum eru einnig hollensku meistararnir í PSV og franska liðið Marseille.

„Við erum með Fernando og fullt af öðrum spænskum leikmönnum þannig að það verður gríðarlegur áhugi fyrir þessum leikjum,“ sagði Rick Parry, stjórnarformaður Liverpool um viðureignina á móti Atlético.

Erfitt hjá Real Madrid

Dauðariðillinn verður væntanlega riðill H þar sem stórlíðin Real Madrid og Juventus drógust saman og þriðja lið riðilsins er síðan rússneska liðið Zenit St. Petersburg sem varð Evrópuemeistari félagslíða á síðasta tímabili. Síðasta liðið í riðlinum ættu Íslendingar að þekkja betur en margir því BATE hefur slegið út íslensku meistarana tvö síðustu ár.

Eiður Smári Guðjohnsen og félagar í Barcelona geta verið nokkuð lukkulegir með sinn riðil en þeir drógust á móti Sporting Lissabon, Basel frá Sviss og Shakhtar Donetsk frá Úkraínu.

Fyrstu leikdagar Meistaradeildarinnar verða 16. og 17. september næstkomandi. oo@frettabladid.is

FH varð í gær fyrsta liðið til að ná jafntefli gegn ensku liði í Evrópukeppni:

Atli Viðar jafnaði á Villa Park

FÓTBOLTI Atli Viðar Björnsson tryggði FH 1-1 jafntefli í seinni leik liðanna í UEFA-bikarinn í Birmingham í gærkvöldi. Aston Villa vann fyrri leikinn 4-1 á Laugardalsvelli og sætið í riðlakeppninni var því aldrei í hættu en FH-liðið sýndi allt annan og betri leik en heima á Íslandi og fagnaði í lokin sögulegum úrslitum.

„Við erum ánægðir með leikinn og ánægðir með úrslitin. Við lágum til baka og vorum minna með boltann en við vorum að fá sóknir og flott færi. Það var allt annar bragur á liðinu í dag, við vorum að berjast hver fyrir



BARÁTTA Davíð Þór Viðarsson í baráttu við markaskorara Aston Villa Craig Gardner.

annan. Þetta var flott fyrir okkur og flott fyrir klúbbinn,“ sagði Atli Viðar eftir leikinn. Íslensk lið höfðu tapað þrettán leikjum í röð á móti enskum liðum í Evrópukeppninni fyrir leik Aston Villa og FH á Villa Park í gær. Tíu þessara tap höfðu verið með þremur mörkum eða meira.

„Við ætlum að gera allt til þess að ná í jafnteflið því við vitum að svona úrslit telja þegar árangur í Evrópukeppninni er gerður upp. Það gerir það að verkum að við erum í efri styrkleikaflokk en ÍA og fáum þar með léttari andstæðinga í fyrstu

umferð eins og gerðist í ár,“ segir Atli Viðar og með þessu jafntefli ætti staða FH-liðsins að batna í Evrópukeppninni á næsta ári.

„Ef FH heldur áfram að komast í Evrópukeppni eins og klárlega er markmiðið og stefnan í krikannum þá vorum við að leggja þarna inn á bankabók,“ sagði Atli Viðar.

Craig Gardner kom Aston Villa í 1-0 á 27. mínútu en Atli Viðar nýtti sér mistök Brad Friedel í marki Aston Villa og jafnaði leikinn þremur mínútum síðar. Ásgeir Gunnar Ásgeirsson átti þá góða fyrirgjöf eftir samspil við Björn Daniel Sverrisson. Friedel sló boltann beint til Atla Viðars sem lagði hann fyrir sig og skoraði örugglega.

„Ég hafði ekki spilað í þrjár vikur en fékk að spila í 60 mínútur og er mjög ánægður með það. Heimur sýndi mér traust og lét mig byrja. Það er gaman að geta sagt að að maður hafi skorað á Villa Park. Ég sá þegar boltinn kom til mín að ég hafði tíma og það var því bara spurning um að vera yfirvegaður, leggja hann fyrir sig og finna það hvar var hægt að setja hann í markið,“ sagði Atli Viðar en hann og margir í liðinu ætla að eyða næstu dögum í Bretlandi og hlaða batteríin fyrir lokaspættinn í deildinni þegar FH spilar fimm síðustu leiki sína á aðeins tveimur vikum.

- 66j

KEMUR Í VERSLANIR 28. AGÚST

GLÆNÝR SIMS 2 AUKADISKUR ÞAR SEM SIMSARNIR GETA FENGIÐ SÉR SÍNA EIGIN ÍBÚÐ!

PC DVD

The SIMS 2 Apartment Life EXPANSION PACK

EA

12

SENDU SMS BTC SMS Á NÚMERIÐ 1900! ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR ERU SIMS TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR, FULLT AF PEPSI, TÖLVULEIKIR, DVD... OG MARGT FLÉIRA!

12 HVER VINNUR!

SMS LEIKUR

Vinnningar verða afhendir hjá BT Smaralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.



KOMINN HEIM Wright-Phillips skrifaði undir fjögurra ára samning við City en hann fór þaðan til Chelsea árið 2005.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Shaun Wright-Phillips: Gott að koma aftur til City

FÓTBOLTI Kantmaðurinn knáí Shaun Wright-Phillips hefur ákveðið að ganga aftur í raðir Manchester City eftir að félagið náði samkomulagi við Chelsea um kaupverð.

Kaupverðið er óuppgengið en Chelsea keypti hann á 21 milljón punda árið 2005. Wright-Phillips skrifar undir fjögurra ára samning við City og kvaðst hæstánægður með að snúa aftur til félagsins.

„Það er gott að koma aftur til City og ég get ekki beðið eftir því að leika með liðinu á ný,“ segir Wright-Phillips í viðtali á opinberri heimasíðu Manchester félagsins.

Mark Hughes, knattspyrnu- stjórnari City, er að sama skapi ánægður með komu leikmannsins.

„Ég hef alltaf haft dálæti á honum og ég var ákveðinn í að fá hann aftur til City þegar ég tók við starfi þar,“ segir Hughes.

Wright-Phillips er ættleiddur sonur hins frækna markaskorara Arsenal, Ian Wright. - óþ



ODD-MAÐUR Árni Gautur er orðinn 33 ára gamall.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Árni Gautur til Odd Grenland: Ætlað að loka fyrir lekann

FÓTBOLTI Árni Gautur Arason er búinn að finna sér lið og er kominn aftur í norska boltann. Árni Gautur, sem hefur ekkert spilað síðan hann kom frá Thanda Royal Zulu í Suður-Afríku, samdi við norska b-deildarliðið Odd Grenland út tímabilið.

Dag-Eilev Fagermo, þjálfari liðsins, var ánægður með að fá Árna til sín í samtali við norska blaðið Telemarksavisa og segist vonast að hann verði kominn með öll leyfi fyrir leikinn á mótí Sogndal á sunnudaginn.

Odd Grenland verður þriðja norska liðið sem Árni Gautur spilar fyrir en hann hefur orðið norskur meistari með bæði Vålerenga og Rosenborg.

Odd Grenland er á góðri leið upp í norsku úrvalsdeildina en liðið er í toppsæti deildarinnar þrátt fyrir að hafa fengið á sig 28 mörk, eða 12 mörkum fleiri en Start sem er í 2. sæti. Það er því ljóst að Árna Gaut er ætlað að reyna að loka fyrir lekann. - óþ

Fullt út úr dyrum í Laugardalshöllinni í gær þegar „Silfurdrengirnir“ heilsuðu upp á stuðningsmenn sína:

Kaupþing styrkti HSÍ um 10 milljónir

HANDBOLTI Landslið Íslands í handbolta karla, „Silfurdrengirnir okkar“ eins og þeir kallast núna, heilsuðu upp á stuðningsmenn í Laugardalshöllinni í gær. Landsliðsmennirnir árituðu veggspjöld, treyjur og hvað eina sem aðdáendur þeirra réttu fram en fullt var út úr dyrum og strákarnir áttu skemmtilega stund með stuðningsmönnum sínum.

Það hefur verið nóg að gera hjá landsliðinu frá því að þeir komu heim því hvert boðið hefur rekið annað en lokapunkturinn var þessi blaðamannafundur í gær þar sem Kaupþing, aðalstyrktaraðili HSÍ undanfarin ár, afhenti HSÍ 10

milljóna króna styrk til viðbótar fóstum styrk, sem bankinn greiðir sambandinu árlega.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ ætti að sjá betri daga framundan í fjármálum sambandsins enda hefur sambandið fengið marga góða styrki á síðustu dögum. Meðbyr með landsliðinu og handboltanum á Íslandi ætti að gefa HSÍ tækifæri til að efla starf sitt og sjá til þess að handboltalandsliðið verði áfram í hópi þeirra bestu í heimi. -óþ

NÓG AÐ GERA Ólafur Stefánsson gefur hér tveimur Gróttustelpum eiginhandar-áritun. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



SPORT

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

MEISTARADEILDIN
HEFST 16. SEPTEMBER – FYLGSTU MEÐ FRÁ UPPHAFI

> Eddie Murphy

„Ef ég er beðinn um ráð þá segi ég fólki að hlusta ekki á hvað aðrir segja“. Murpy leikur í myndinni *Ég spæjarinn* (I Spy) sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.



dagskra



VIÐ TÆKIÐ KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR SKAMMAST SÍN FYRIR SLÚÐURLÁP

Sönn Hollywood slúðurmál seðja hungrið

Þegar dimma tekur og dagarnir fara að renna saman í einn þá er fátt betra en að horfa á E! Entertainment stöðina. Topp-listar rúlla allan daginn auk þess sem stjörnurnar eru settar undir smásjá í True Hollywood Story. Hvað væri þynnkan og grámyglan án skerandi ljóma stjarnanna?

Ég er ekkert stolt af því þegar ég dett inn í slúðrið. Þegar ég dregst inn í heim fíkniefna, glæsikjóra, undarlegra sambanda og óumflýjanlegrar grimmdar fjölmiðla. Samt getur maður ekki hætt að horfa, þegar maður er byrjaður. Hundrað bílslys, eitt af öðru og maður getur ekki rífið augun af skjánum.

Er ég svona afbrýðisöm? Dreymir mig um þetta líf? Eða er gægjuþörfin svona innbyggð í mann, Freud hoppandi á himni eða í helvíti, tilbúinn að segja heiminum að sálgreining sé sannleikurinn og lífið? Hvað fær maður út úr því að vita hvernig frægu fólki líður? Væri Amy Winehouse svona vinsæl ef hún drægi ekki ógæfuna með sér, hvert sem hún fer? Man einhver eftir Önnu Nicole Smith?



Kannski er eins dauði annars brauð og rándýrið í okkur þar með mettað við að rífa í okkur slúðrið. Kannski er ákveðin huggun í því að fallega og ríka fólkið á líka erfitt með að feta sig í lífinu. Það klæðir sig illa, upplifir söknuð, sefur hjá fólki sem það ætti ekki að koma nálægt og sér eftir mistökum sínum. Kannski er það þess vegna sem okkur finnst við þekkja það, vita hvernig því líður í raun.

Hinar stjörnurnar virka svo sem einhvers konar fyrirmyndir, þeirra líf gulrót fyrir okkur meðalmennina að taka okkur á, fara í ræktina og hlúa að fjölskyldunni. Sumar hvetja okkur jafnvel til að bæta heiminn, ættleiða börn og ferðast um framandi slóðir.

Það væri smá huggun, þegar skömmin hellist yfir mann, ef maður líti frekar til stjarnanna til að sækja sér innblástur en til þess að krossfesta þær og segja, hér er víti til varnaðar.

VÍTI TIL VARNADAR Við áttum ekki í neinum erfiðleikum með að smjatta á lífi Önnu Nicole Smith heitinnar. En af hverju sækjum við í slúðrið?

EKKI MISSA AF



▶ **18.99** Man. Utd. - Zenit
STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.00** The Biggest loser
SKJÁR EINN



▶ **21.10** The Big Nothing
STÖÐ 2



▶ **21.30** Happy Hour
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50** Ég spæjarinn (I Spy)
SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 **Leiðarljós** (Guiding Light)
- 17.20 **Táknmálsfréttir**
- 17.25 **Spæjarar** (Totally Spies) (22:26)
- 17.47 **Snillingarnir** (Disney's Little Einsteins) (46:54)
- 18.10 **Ljóta Betty** (Ugly Betty) (17:23) Bandarísk þáttaröð um venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tiskutímarit í New York. (e)
- 19.00 **Fréttir**
- 19.30 **Veður**
- 19.35 **Kastljós**
- 20.10 **Góðir saman** (Just Perfect) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1990 um skólastrák sem kemst í hann krappan þegar hann er beðinn að passa uppátækjasaman hund. Aðalhlutverk: Judith Jones, Christopher Daniel Barnes, Sean Patrick Flanery og Jennie Garth.
- ▶ **21.50 Ég spæjarinn** (I Spy) Bandarísk hasarmynd frá 2002. Hnefaleikakappi er fenginn til að hjálpa yfirvöldum að hafa uppi á stolinni herþotu. Aðalhlutverk: Eddie Murphy, Owen Wilson, Famke Janssen og Malcolm McDowell.

23.25 **Skýjborgir** (Head in the Clouds) Bandarísk bíómynd frá 2004. Sagan gerist upp úr 1930 og segir frá lífsglaða ljósmyndaranum Gildu sem deilir íbúð í París með írskum kennara, Guy, og Miu sem er flóttamaður frá Spáni. Leiðir þeirra skilur þegar Guy og Mia finna sig knúin til að fara og berjast gegn fasismanum sem er farinn að herða tókin á Evrópu. Aðalhlutverk: Charlize Theron, Penélope Cruz, Stuart Townsend og Thomas Kretschmann.

01.25 **Útvarpsfréttir í dagskrárlök**

BÍÓ

- 06.40 **Little Miss Sunshine**
- 08.20 **Hot Shots!**
- 10.00 **James and the Giant Peach**
- 12.00 **Ella Enchanted**
- 14.00 **Hot Shots!**
- 16.00 **James and the Giant Peach**
- 18.00 **Ella Enchanted**
- 20.00 **Little Miss Sunshine**
- 22.00 **Thelma and Louise** Tvær konur sem eru orðnar leiðar á lífinu ákveða að breyta til með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.
- 00.05 **Air Force One**
- 02.05 **Jagged Edge**
- 06.05 **Fantastic Four**

STÖÐ 2

- 07.00 **Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Draugasögur Scooby-Doo og Kalli kanína og félagar.
- 08.15 **Oprah**
- 08.55 **Í fínu formi**
- 09.10 **Bold and the Beautiful**
- 09.30 **La Fea Más Bella** (137:300)
- 10.15 **Sisters** (21:24)
- 11.10 **Logi í beinni**
- 12.00 **Hádegisfréttir**
- 12.45 **Neighbours**
- 13.10 **Forboðin feður** (27:114)
- 13.55 **Forboðin feður** (28:114)
- 14.50 **Notes From the Underbelly**
- 15.25 **Bestu Strákarnir** (5:50)
- 15.55 **Galdrastelpurnar** (23:26)
- 16.18 **Bratz**
- 16.43 **Nornafélagið**
- 17.03 **Smá skritnir foreldrar**
- 17.28 **Bold and the Beautiful**
- 17.53 **Neighbours**
- 18.18 **Markaðurinn og veður**
- 18.30 **Fréttir**
- 18.47 **Íþróttir**
- 18.54 **Ísland í dag**
- 19.17 **Veður**
- 19.30 **The Simpsons** (19:25)
- 19.55 **Beauty and The Geek** (6:13) Fjórði hópurinn af nördum og feðurðarðisum er mættur til leiks í æsilegri keppni um það hvaða par skákar hinum í hinni víðfrægu kænsku og krúttkeppni.
- 20.40 **Ríkið** (2:10)
- ▶ **21.10 The Big Nothing** David Schwimmer leikur frústreraðan kennara sem orðinn er hundleiddur á eilífu strögli og peningaleysi. Hann gengur því í lið með alræmdum svikahrappi og hyggst verða sér út um skjótfengið fé með fjárkúgun. En auðvitað fer allt úrskeiðis sem getur farið úrskeiðis.
- 22.40 **Lords of Dogtown** Sannsöguleg mynd um hóp af eldhugum sem ólust upp á götum Dogtown í Kaliforníu. Drengirnir fullkomnuðu tækni sína á hlaupabrettum og urðu síðar godsagnir fyrir það að skapa þessa nýju íþrótt.
- 00.25 **The Hurricane**
- 02.45 **12 Days of Terror**
- 04.10 **Beauty and The Geek** (6:13)
- 04.55 **Ríkið** (2:10)
- 05.20 **Fréttir og Ísland í dag**

SPORT

besta sætið

- 07.00 **Evrópukeppni félagsliða** Útsending frá leik Aston Villa og FH.
- 16.35 **Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttþáttur þar sem farið er um víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggst á bakvið tjöldin.
- 17.05 **Inside the PGA** Skyggst á bakvið tjöldin í PGA mótardönni og tímabilið framundan skoðað.
- 17.30 **Svenski boltinn** Hitað upp fyrir spænska boltann og liðin skoðuð sem leika í deildinni.
- ▶ **18.00 UEFA Super Cup 2008** Bein útsending frá leik Man. Utd og Zenit í UEFA Super Cup.
- 20.45 **Evrópukeppni félagsliða** Útsending frá leik Aston Villa og FH.
- 22.25 **World Series of Poker 2008** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarnir í heiminum.
- 23.25 **UEFA Super Cup 2008** Útsending frá leik Man. Utd og Zenit í UEFA Super Cup.

SPORT 2

enski boltinn

- 17.30 **Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.
- 19.10 **Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.
- 20.50 **Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
- 21.20 **English Premier League 2008/09**
- 21.50 **PL Classic Matches** Liverpool - Man. United, 93/94. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 22.20 **PL Classic Matches** Chelsea - Liverpool, 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 22.50 **English Premier League 2008/09**
- 23.20 **Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Tottenham og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 07.15 **Rachael Ray** (e)
- 08.00 **Dr. Phil** (e)
- 08.45 **Vörutorg**
- 09.45 **Óstöðvandi tónlist**
- 16.45 **Vörutorg**
- 17.45 **Dr. Phil**
- 18.30 **Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 19.20 **America's Funniest Home Videos** (e)
- 19.45 **Style Her Famous** (e)
- 20.10 **Life is Wild** (11:13) Bandarísk unglingseria um stúlku sem flyst með fjölskyldu sinni frá New York til Suður-Afríku. Katie býðst til að vinna með HIV-smituðum unglungum og kynnist stelpu með alnæmi. Emily sér Jesse með Mballi og spyr hann út í sambandið.
- ▶ **21.00 The Biggest Loser** (11:13) Í kvöld er sýndur sérstakur þáttur þar sem einkabjálffararnir Bob og Kim fara ásamt sigurvegaranum í síðustu þáttaröð, Matt Hoover að heimsækja skóla. Offituvandamál barna og unglinga er mikið vandamál og þau freista þess að fræða krakkana um heilsusamlegt líferni.
- 21.50 **The Eleventh Hour** (5:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttafari og pródúsentar á fréttaskýringabætti.
- 22.40 **Criss Angel Mindfreak** (10:17)
- 23.05 **Swingtown** (e)
- 23.55 **Sexual Healing** (e)
- 00.45 **Law & Order. Criminal Intent** (e)
- 01.35 **The IT Crowd** (e)
- 02.00 **High School Reunion** (e)
- 02.50 **Da Vinci's Inquest** (e)
- 03.40 **Jay Leno** (e)
- 04.30 **Jay Leno** (e)
- 05.20 **Vörutorg**
- 06.20 **Óstöðvandi tónlist**

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 **Fréttir og Föstudagsþátturinn** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl 12.15 daginn eftir

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Lokadagar útsölu!

Enn meiri verðlækkun og nú bjóðum við allt að 80% afslátt. Parket, flísar, hurðir og hreinlætistæki. Komdu og kláraðu kaupin í Parka. Opið á Laugardag 10 - 15

Parki
INTERIORS

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.40

Ríkið

Þættirnir gerast á ótilteknum tíma þar sem allt er kjánalegt, húsgögnin, vinnu-tækin, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þá sérstaklega starfsfólkið. Í þáttunum er gert grín að samskiptum kynjanna, undarlegu tómstundagæmni, vinnustaða-romantikinni og svo er hið svokallaða vinnustaðagrín allsráðandi. Grínskillingar Íslands eru hér samankomnir í þessum nýstárlega sketsaþætti: Eggert Þorleifsson, Þorsteinn Bachmann, Friðrik Friðriksson, Halldóra Geirharðsdóttir, Sverrir Þ. Sverrisson, Auðunn Blöndal Kristjánsson, Víkingur Kristjánsson, Elma Lís Gunnarsdóttir, Vignir Rafn Valþórsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson og Inga María Valdimarsdóttir.



VIÐ MÆLUM MED

Little Miss Sunshine Stöð 2 bíó kl. 20.00

Áhrifarík kvikmynd frá árinu 2006 sem vann til fjölda verðlauna, meðal annars tvennra Óskarsverðlauna. Hér segir frá fjölskyldu sem leggur upp í langferð í þeim tilgangi að láta draum yngsta meðlims fjölskyldunnar rætast en það er að taka þátt í fegurðarsamkeppninni Little Miss Sunshine.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.03 Útvarpssagan: Hafborg
06.50 Bæn	15.30 Heimsauga
07.30 Fréttayfirlit	16.00 Síðdegisfréttir
08.00 Morgunfréttir	16.13 Flækjgur
08.30 Fréttayfirlit	17.03 Víðsjá
09.05 Óskastundin	18.00 Kvöldfréttir
09.45 Morgunleikfimi	18.25 Spegillinn
10.13 Sumarást	18.50 Dánarfregni og auglýsingar
11.03 Samfélagið í nærmynd	19.00 Á sumarvegi
12.00 Fréttayfirlit	20.00 Leynifélagið
12.02 Hádegisútvarp	20.30 Mánafjöll
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Þrjústropar
12.50 Dánarfregni og auglýsingar	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Hádegisleikhúsið: Dauði trúðsins	22.15 Viltu syngja minn söng?
13.15 Á sumarvegi	23.00 Kvöldgestir
14.03 Tásur og tjull	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks (4:260) Bresk unglinga-sápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
- 16.30 Hollyoaks (5:260)
- 17.00 Ally McBeal (10:23)
- 17.45 Skins (9:9)
- 18.30 Happy Hour (4:13)
- 19.00 Hollyoaks (4:260)
- 19.30 Hollyoaks (5:260)
- 20.00 Ally McBeal (10:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma.
- 20.45 Skins (9:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf.
- 21.30 Happy Hour (4:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfsefskum og raunveruleikafirtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lífa lífinu.
- 22.00 Las Vegas (8:19) Við fylgjumst með lífi og störfum öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjár-glæpamenn og aðrar veikgeðja sálir.
- 22.45 The Kill Point (5:8) Félagar úr her-num ákveða eftir heimkomuna frá Irak að nýta herþekkingu sína til að fremja bankarán.
- 23.30 ReGenesis (12:13)
- 00.20 Twenty Four 3 (14:24)
- 01.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

- 20.00 Mér finnst... Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Kristbjörg Kristmundsdóttir, Elly Ármanns, Björk Jakobsdóttir.
- 21.00 Hvernig er heilsan? Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Guðmundur Jónsson.
- 21.30 Mæður og dætur Umsjón: Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Gestir: Sigrún Guðjónsdóttir, Ragnheiður Gestsdóttir, Ingi-björg Þóra Gestsdóttir, Kolbrún Anna Björnsdóttir.

DR 1

- 10.00 DR Update - nyheder og vejr
- 10.10 Jersild Live
- 10.35 Aftenshowet
- 11.00 Aftenshowet med Vejret
- 11.25 Med rygæk
- 11.50 Rabatten
- 12.20 Fra opvasker til hotelkonge
- 12.50 Nyheder på tegnsprog
- 13.00 DR Update - nyheder og vejr
- 13.10 Flight 29 savnes!
- 13.35 Pigebandet Frank
- 14.00 Boogie Listen
- 15.00 Anna og hormonerne!
- 15.30 Det kongelige spektakel
- 15.45 Den lille prinsesse
- 16.00 Aftenshowet
- 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret
- 17.00 Disney Sjov
- 18.00 Talent 2008
- 19.00 TV Avisen
- 19.30 America's Sweethearts
- 21.10 Guess Who-Dual
- 22.50 Boogie Listen

NRK 1

- 10.00 NRK nyheter
- 10.10 Med hjertet på rette staden
- 11.00 NRK nyheter
- 11.05 Jessica Fletcher
- 12.00 NRK nyheter
- 12.05 Tinas mat
- 12.35 Allo, Allo!
- 13.00 NRK nyheter
- 13.05 Megafon
- 13.30 Dracula junior
- 14.00 NRK nyheter
- 14.10 Pysj-klubben
- 14.35 Edgar og Ellen
- 15.00 NRK nyheter
- 15.10 Oddasat - nyheter på samisk
- 15.25 Verdensserien i sandvolleyball, Kristiansand
- 15.55 Nyheter på tegnspråk
- 16.00 Fragglene
- 16.25 En unge til
- 16.35 Pip
- 16.40 Distriktsnyheter
- 17.00 Dagsrevyen
- 17.30 Norge rundt
- 17.55 Fridrett. Golden League fra Zürich
- 20.00 Detektimen. Taggart
- 21.05 Kveldsnytt
- 21.20 Detektimen. Taggart
- 21.55 Kriseteamet
- 22.45 Gullkantet kveld på Sentrum Scene - Ian Hunter
- 23.45 Country jukebox med chat

SVT 1

- 10.00 Rapport
- 10.05 Debatt
- 12.25 Veronica Mars
- 13.10 Gomorron Sverige
- 14.00 Rapport
- 14.05 Hannah Montana
- 14.30 Wallace & Gromit. Fel brallor
- 15.00 Disneydags
- 15.55 Sportnytt
- 16.00 Rapport
- 16.10 Regionala nyheter
- 16.15 Go'kväll
- 17.00 Kulturnyheter
- 17.15 Regionala nyheter
- 17.30 Rapport med A-ekonomi
- 18.00 Doobidoo
- 19.00 Fridrott. Finnkampen
- 20.00 Shanghai Noon
- 21.50 Kulturnyheter
- 22.05 Vit oleander
- 23.50 Sändningar från SVT24

NORDICASPA

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

Fjögurra vikna Lúxusnámskeið

fyrir konur og karla



Rannveig I. Marelsdóttir 48 ára
bókari hjá Mannviti

Björk Baldvinsdóttir 29 ára
sérfræðingur hjá Kaupþingi

Markviss leiðsögn, frábær aðstaða og mesta aðhald sem hægt er að fá. Hér eru engar öfgar á ferð. Farið er vel ofan í mataræðið á skynsaman hátt og bætt við skemmtilegri hreyfingu – útkoman er aukinn orka, úthald og vellíðan í daglegu lífi. Getum mælt með þessu námskeiði við hvern sem er – 100% árangur.



Styrmir Þór Bragason 37 ára
forstjóri MP Fjárfestingarbanka

Skemmtilegt og fjölbreytt námskeið og besta aðhald sem ég hef fengið og það er það sem skiptir öllu máli þegar maður er að koma sér í form með breyttu mataræði og meiri hreyfingu. Ég var farinn að hlakka til að komast á æfingar og ég fann að orkan jókst mikið á skömmum tíma sem skipir miklu máli í minni vinnu.



Kristbjörg Sveinbjörnsdóttir 27 ára
Hjúkrunarfræðingur

Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir 32 ára
Viðskiptafræðingur

Við systemar ætluðum einungis á eitt námskeið en þau urðu þrjú og árangurinn lét svo sannarlega ekki á sér standa. Misstum 23 kíló til samans á þremur mánuðum. Það eigum við Gunnar Mát Þjálfara og starfsfólkinu á Nordica Spa að þakka. Frábært aðhald, skemmtun, útrás og vellíðan. Við gátum þetta og því getur þú þetta líka.



Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðisins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrkartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- Tímar eru: 6:30, 7:30, 10:00, 12:00, 16:30 og 18:30 fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Mát Sigfússon

1. vika – Orkuhleðsla

Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla

Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fái sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun

Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamans sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

4. vika – Ónæmiskerfi eftt – Jafnvægi

Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Ný námskeið hefst 8. september

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða

nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég er mikið í því að tala í símann og hitta fólk í vinnunni svo ég næ nú ekki að hlusta á mikið. Þegar ég er í bílnum á leiðinni á fundi hlusta ég hins vegar á Red Hot Chili Peppers og hækka það í botn. Þá er ég rétt stemmdur fyrir fundina – svoltið rokk í manni, eins og þarf að vera á þessum síðustu og verstu.“

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins.

Færir Popplandi karaóki

Margrét Erla Maack mun ganga til liðs við Óla Palla og aðra Popplandsmeðlimi á næstunni. „Ég er nú enn þá að átta mig á þessu, ég var bara að fá að vita þetta sjálf,“ segir Margrét Erla og hlær við, en hún hefur starfað sem skrifta hjá Evu Maríu Jónsdóttur í Sjóntvarpinu frá því í janúar. Margrét fór fyrst í prufu í apríl og aftur nú í ágúst og hefur aðdragandinn því verið nokkuð langur. „Óli hringdi í mig og sagðist vera með góðar fréttir og slæmar og spurði hvorar ég vildi heyra fyrst. Ég valdi þær slæmu og þá sagði hann mér að á hverri sekúndu deyr eitt barn í heiminum úr hungri. Þær góðu væru hins vegar að þeir vildu fá mig í Poppland. Maður vogar sér varla að kætast,“ segir hún bro-

andi. Þótt Margrét hafi kannski ekki stefnt markvisst að starfi í útvarpi síðustu ár liggur það þó ansi beint við. „Ég hef mikinn áhuga á tónlist og hef verið að vinna sem plötusnúður í tvö ár. Ég hef samt lítið verið að tala ofan í tónlistina, svo það verður nýtt fyrir mér,“ útskýrir hún. „Reyndar hef ég eiginlega enn meiri áhuga á karaóki, en ég ætla mér nú samt ekki að fara að koma upp einhverju karaókihorni í Popplandi ... ekki strax,“ segir hún og hlær við.

Fyrir utan tónlistina hefur Margrét einnig brennandi áhuga á magadansi, sem hún kennir einmitt í Kramhúsinu. „Maður nálgast kannski tónlistina á aðeins annan hátt sem dansari en tónlistarspekuilant. Það gæti verið ný vídd í



NÝR POPPLANDBÚI Margrét Erla Maack gengur til liðs við Popplandsbúa á næstunni. Hún hefur starfað sem skrifta, plötusnúður og magadanskennari upp á síðkastið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Popplandinu, þó ég komi nú kannski ekki með egypsku magadanstón-

listina alveg strax,“ segir Margrét hugsi.

- sun

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. sælgæti, 6. samanburðartenging, 8. fornafn, 9. þukl, 11. gelt, 12. kompa, 14. leiðsla, 16. hola, 17. utan, 18. drulla, 20. tveir eins, 21. traðkaði.

LÓÐRÉTT

1. viðartegund, 3. umhverfis, 4. peningagræðgi, 5. af, 7. saumspor, 10. forað, 13. rotnun, 15. sálar, 16. margsinnis, 19. kyrrð.


LAUSN

LÖBRET: 1. tekk, 3. um, 4. fægind, 5. frá, 7. nálspor, 10. fen, 13. fú, 15. inn, 18. for, 20. dd, 21. tröð.
LÁRÉTT: 2. búff, 6. en, 8. mér, 9. káf, 11. gá, 12. klefi, 14. snúra, 16. op, 17. inn, 18. for, 20. dd, 21. tröð.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- Um fjörutíu þúsund manns.
- Langholtskirkju.
- Arnór Sighvatsson.



ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

553 5600

rafsol@rafsol.is



Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is



SLAGARINN TEKINN UPP

Íslenska landsliðið í handbolta söng kórinn í Gerum okkar besta fyrir tuttugu árum og naut aðstoðar Ladda sem er fremst á myndinni. Nú hefur komið í ljós að söngur landsliðsmanna var vart nothæfur. Fyrir miðri mynd er Guðmundur Guðmundsson, núverandi landsliðsþjálfari. Ásgeir Jónsson, hljóðupptökumaður og söngvari Baraflokksins, til hægri, söng einar tíu eða tólf raddir í kór landsliðsins í laginu Gerum okkar besta.

TÓMAS TÓMASSON: ÞAÐ ERU TÍU TIL TÓLF ÁSGEIRAR Í KÓRNUM

Maðurinn sem hélt landsliðinu á floti í söngnum

„Ég lét alla vega hálsinn standa upp úr hálmálinu,“ segir Ásgeir Jónsson aðspurður hvort hann hafi ekki örugglega gert sitt besta.

Í kjölfar velgengni íslenska landsliðsins í handbolta hefur eitt best geymda leyndarmál poppsögunnar hvískrast út. Valgeir Guðjónsson söng hástöfum lagið Gerum okkar besta fyrir þátttöku landsins á Ólympíuleikunum 1988 í Seoul ásamt íslenska landsliðinu. Eða var íslenska landsliðið jafn illa fjarri góðu gamni í laginu og á leikunum sjálfum það árið? Sagan segir að tókurnar með landsliðinu hafi ekki verið nothæfar þegar til kom að setja lagið saman og hafi Ásgeir, sem er forsöngvari Bara-

flokksins frá Akureyri, haldið uppi söngnum sem glymur á bak við Valgeir: „Við gerum okkar, gerum okkar, gerum okkar, gerum okkar besta ...“ Og Þorgils Óttar Mathiesen, Kristján Arason, Alfreð Gíslason, Valdimar Grímsson og félagar hafi lítið lagt til málanna. Eða öllu heldur söngsins.

„Þetta er ekki alls kostar rétt,“ segir Tómas Tómasson sem prúðsaraði lagið. Hann var þá að vinna í Stúdíó Sýrlandi ásamt Ásgeiri sem þar var hljóðupptökumaður. Tómas stýrði upptökum á laginu „Gerum okkar besta“. Og kom sér oft vel að hafa Ásgeir við höndina. „Kórinn er þarna. Og óskrin í byrjun og það allt er kórs-

ins. En ... jú, það var gripið til þess að láta Ásgeir syngja með. Það eru þarna einir tíu til tólf Ásgeirar í kórnum,“ segir Tómas. Hann segir svo að þegar kór handboltakappanna var tekinn upp hafi aðstæður verið slæmar. Þeir höfðu aðeins tvo tíma til að taka kórinn upp, sem var á hraðferð. „Aðstæður voru ekki eins og æskilegt hefði verið. Svo var landsliðið flogið út daginn eftir og við urðum að klára lagið í hendingskasti. Þannig að Ásgeir söng nokkrar raddir með en við náttúrulega blönduðum landsliðinu með. Þetta voru aðstæður sem þurfti að bjarga með illu eða góðu og við kusum að gera það með góðu,“ segir Tómas og kímir.

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stórskyttan og kyntrólið **Logi Geirsson** vakti óskipta athygli í miðborg Reykjavíkur á miðvikudagskvöldið. Logi skemmti sér í góðra vina hópi á Vegamótum enda nógu að fagna; fyrr um daginn höfðu 40 þúsund Íslendingar hyllt hann og strákana okkar á Arnarhóli og síðar hafði hann tekið á móti fálkaorðu úr hendi **Ólafs Ragnars Grímssonar**, forseta Íslands. Gestir Vegamóta fengu einmitt Loga í fullum skrudá, með silfur-medalíuna um hálsinn og fálkaorðuna á bringunni. Af alkunnu viðmóti sínu lét Logi sig ekki muna um að leyfa gestum að handleika báða gripina og máta þá á sér.



Og meira af strákunum okkar. Frægt er orðið að markmaðurinn, **Björgvin Páll Gústavsson**, leggur stund á nám í bakaraiðn meðfram handboltanum. Á vef Samtaka iðnaðarins kemur fram að drengurinn hafi í vor gert sér lítið fyrir og verið hæstur allra á sveinsprófinu í þeirri grein. **Jói Fel**, lærimeistari Björgvins, ber honum vel söguna og segir að hann sé einn af betri bakaraneimum sem hann hafi séð. Jói segir að mikil eftirsjá verði að Björgvini þegar hann fer í atvinnu-mennsku í haust.



Ástin blómstrar á Facebook-vefsamfélaginu. Þar geta áhugasamir nú séð að leikskáldið og fyrrum blaðmaðurinn **Simon Örn Birgisson** og söngkonan **Jarprúður Karlsdóttir** hafa opinberað samband sitt.

-hdm/sm

Ritstjóri ökklabrotnaði í ítölsku ölpunum

„Mér var boðin þyrta til að sækja mig en ég afþakkaði það. Á endanum tóku konan mín og fólkid sem var með okkur byrðarnar af mér og við gengum til byggða,“ segir Sigurjón M. Egilsson, ritstjóri Mannlífs, sem varð fyrir því óláni að ökklabrotna í gönguferð í ítölsku ölpunum um síðustu helgi.

Sigurjón segir að óhappið hafi orðið á síðasta degi gönguferðarinnar. „Við fórum nokkur út úr aðalhöpnum um gönguslóð sem hafði ekki verið gengin mjög lengi. Við vorum fimm Íslendingar og einn Ítali í hóp og hann gekk fremstur en ég á eftir honum. Óhappið varð þegar við gengum einstigi en yfir það lágu þyrnirunna svo við sáum ekki slóðann undir. Ég virðist hafa gengið nær brúninni en Ítallinn því þegar ég stíg niður þá vantar bara klöppina fyrir neðan mig. Sem betur fer tókst mér að setja vinstri fótinn



ÖKKLABROTINN RITSTJÓRI Sigurjón M. Egilsson, ritstjóri Mannlífs, vinnur heiman frá sér þessa dagana eftir að hafa ökklabrotnaði í gönguferð í ítölsku ölpunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

á lítinn trjástubbs og náði að spyrna í hann til að stoppa mig. Ég rann tvo eða þrjú metra niður hlíðina, en fyrir neðan var stórgrýttur árfarvegur.“

Of bratt var til að samferðamennirnir gætu komist til hans. „Ég rispaðist mjög mikið og það lak úr mér blóð svo þetta leit ekki mjög vel út fyrir samferðafólkið mitt. Sem

betur fer gátu þau togað mig upp með því að notast við göngustafina mína,“ segir Sigurjón sem kann samferðamönnum sínum bestu þakkir fyrir skjót og góð viðbrögð.

Sigurjón er vel þjálfður göngugarpur og lét sig ekki muna um að ganga til byggða eftir að hafa fengið smávegis aðhlyningu. Reyndar komst hann ekki að því að hann væri ökklabrotinn fyrr en til Íslands var komið á þriðjudag. Hann verður í gífsi í sex vikur hið minnsta. Sigurjón lætur eymslin ekki halda sig frá vinnu, hann leggur nú lokahönd á nýtt tölublað Mannlífs þar sem meðal annars verður fjallað um West Ham-ævintýri Eggerts Magnússonar. „Ég er búinn að vera að skrifa í allan dag, ligg bara með tölvuna uppi í rúmi,“ segir ritstjórinn sem er harðákvæðinn í að fara aðra gönguferð um ítölsku alpana að ári.

- hdm

Í túninu HEIMA

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í MOSFELLSBÆ

Í túninu heima - bæjarhátíð Mosfellsbæjar
28.-31. ágúst.

Leiksýningar, listflug, útimarkaðir, sölu- og markaðstorg, ólympíuleikar Mosfellsbæjar, unglíngaeinvígi í golfi og margt fleira.

Föstudagur 29. ágúst: Leiksýning, listflug, setningarhátíð, karnivalskrúðganga, brekkusöngur, varðeldur.

Laugardagur 30. ágúst: hátíðardagskrá í íþróttahúsi, pútt, hundasýning, rokktonleikar í Álafoskvos, ólympíuleikar, götugrill, útimarkaðir, flugsýning, stórtónleikar á miðbæjartorgi: Buff, Ingó, Raggi Bjarna, Sigga Beinteins, Simmi og Auddi, Gunni og Felix ofl.

Sunnudagur 31. ágúst: Hátíðardagskrá í íþróttahúsi, unglíngaeinvígi í golfi, ratleikur, breik-kennsla, tónleikar, karatesýning ofl.

Sölu- og markaðstorg í Íþróttahúsinu að Varmá alla helgina og útimarkaðir í Álafoskvos og Mosfellsdal.

Fjör fyrir alla fjölskylduna

Nánari upplýsingar og dagskrá á www.mos.is

ALLIR Á
ÚTITÓNLEIKA -
FRÍTT Í STRÆTÓ
Í OG ÚR MOSÓ.

GJALDFRJÁLST
MEÐ LEIÐ 15 Á
LAUGARDAG Í BOÐI
MOSFELLSBÆJAR

Ratleikur Stórtónleikar Brekkusöngur Varðeldur Útimarkaðir Götugrill





BAKÞANKAR
Þórunn
Oddsdóttir

Heimkoman

Það var klippt á borða þegar mamma og pabbi komu með mig heim af fæðingardeildinni. Ég man náttúrulega ekkert eftir þessu en systur mínar strengdu borða milli tveggja staura og stóðu heiðursvörð við afleggjarann heima með eldhússkærin til reiðu. Borðinn var klipptur og rauði Volvóinn með hvítvoðunginn innanborðs ók hægt í gegn. Viðstaddir segja mér að þetta hafi verið ákaflega hátíðleg stund og lengi vel stóð ég í þeirri meiningu að fáir hefðu fengið konunglegri móttökur á íslenskri grund. Nú held ég hins vegar að þetta atvik norður í landi sem aðeins sex einstaklingar (þar af einn sofandi) urðu vitni að hafi loksins verið toppað.

SÚ SJÓN sem blasti við vegfarendum í miðborg Reykjavíkur á miðvikudag, þegar strákarnir okkar sneru heim frá Peking, var klikkuð og krúttleg í senn. Það var tilkomumikið að sjá flugvélinu nálgað með þennan dýrmæta farm, sleikja húsbók gamla bárujárnshúsa í höfuðborg á hjara veraldar og lenda svo mjúklega á Reykjavíkurflugvelli. Slík sýn dugar jafnvel til þess að réttlæta veru flugvallarins í Vatnsmyrinni um alla framtíð. Í fyrstu minnti þetta á stundina, fyrir tæpum tíu árum, þegar Keikó kom heim nema núna var allt miklu stærra og flottara. Rauður dregill, fálkaorður, társvotir hvarmar, ráðherrakossar og þjóðhátíð í miðbænum. Borðinn sem klippt var á við heimkomu mína um árið bliknar í samanburði.

HEIMKOMUNNI glæsilegu fylgir þó dálítill tregi. Veislan er á enda. Hetjurnar komnar heim með silfurpeningana sína, landinn búinn að þvo af sér áhorfendasvitann og allt fellur aftur í sama hversdagslega horfið. Ég óttast að það séu eintóm leiðindi fram undan, ekkert til að hlakka til og ekkert fyrir þjóðina að sameinast um. Í stað hressilegra fréttu af gengi strákanna fyllast fjölmiðlarnir á ný af umfjöllun um efnahagsástandið og borgarstjórnastólinn. Það er freistandi að sökkva í þunglyndi. Meira að segja sumarið er á enda.

NEMA við tileikum okkur jákvæðina sem fyrirlíðinn kenndi okkur og segjum bara *bíb* þegar kreppuna eða skammdegið ber á góma. Það virkaði vel á vellinum. Trúin var slík að liðið varð að hálfgerðu náttúruafli. Það hætti meira að segja að rigna um leið og kapparnir stigu til jarðar á Reykjavíkurflugvelli. Það fannst mér flottast í þessu öllu saman. Fálkaorðuna geta nær allir öðlast en það er ekki á margra færi að stöðva rigninguna.



GÓÐAN DAG!
Í dag er föstudagurinn
29. ágúst, 242. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	6.02	13.29	20.53
Akureyri	5.40	13.13	20.44

Heimild: Almanak Háskólans

Stærsta leikfanga og barnavöru lagersala Íslandssögunnar hefst í dag!



Barbie

Öll helstu leikfangamerki heimsins á heildsöluverði!

Fisher-Price

Lundby

BRATZ

playmobil

..og margt fleira



Lagersalan er opin frá 12-18 og fer fram í kjallaranum Miðhrauni 2 - Við brúna hjá Ikea

Opnunar tími er 12-18 virka daga og 12-17 Laugardaga Lokað á sunnudögum